

Morgunblaðið

MIÐVIKUDAGUR 21. MAÍ 2014

• Stofnað 1913 • 119. tölublað • 102. árgangur •



KJÖTSÚPUBÍLL
Á SKÓLAVÖRÐU-
HOLTINU

FARMERS SOUP 10

SPILA Í
FRAKKLANDI
Í SUMAR

EPIC RAIN 38

TILFINNINGA-
LEGT VAL OG
EKKI ÚTPÆLT

KORTLAGNING LANDS 39

Rekstur stendur undir uppbyggingu

■ Ráðist verður í framkvæmdir við nýtt móttökúhús við Skógasafn í Rangárvallasýslu á næstunni. Loka þarf aðal-ingangi safnsins á meðan á framkvæmdum stendur. Rekstur safnsins gengur vel og það skilar hagnaði á hverju ári og honum er varið til uppbyggingar. 62 þúsund gestir sóttu safnið heim á síðasta ári en þeim hefur fjölgað um 20% á ári í mörg ár. »12



Safn Áraskipið Pétursey í Skógum.

Fjórdungur íhugar að flytja í burtu

Fram kemur í nýrri skoðanakönnun meðal íbúa Vesturlands að um fjórdungur íbúa í Dalasýslu telur mjög eða frekar líklegt að hann flytji frá Vesturlandi á næstu tveimur árum. Það er mikil breyting frá könnun sem var gerð fyrir þremur árum þegar 14% íbúa höfðu hug á því að flytja.

Nýja könnunin leiðir jafnframt í ljós að íbúar Akraness og Hvalfjardarsveitar hafa minni hug á að flytja en íbúar í öðrum héraðum Vesturlands, eða 14%. Hlutfallið er 18% á Snæfellsnesi og 21% í Borgarfirði. Það er talið eiga þátt í hinu háa hlutfalli í Borgarfirði að þar hafa margir háskólapróf. »22

Icelandair hefur lækkað um 12%



Gengi Icelandair Group, sem lífeyrissjóðir eiga mikið í, hefur lækkað um 12% á þremur mánuðum, þar af 4% í gær. Félagið á í harðri kjaradeilu við um 40% starfsmanna.

Á undanförunum tólf mánuðum hefur gengið samt sem áður hækkað um 30%. Á síðasta ári hækkaði það um 118% og samtals um 121% á árunum 2012 og 2011. »18

Verkfall vofir enn yfir

● Ríkið lofaði fjárframlagi til SFV svo jafnlaunaátakið næði einnig til hjúkrunarheimila ● SFR og sjúkraliðar vilja afturvirka leiðréttingu ● Fundað fram á kvöld

Ómar Friðriksson
Kjartan Kjartansson

Fundi í kjaradeilu sjúkraliða var slitið á ellefta tímanum í gærkvöldi án þess að niðurstaða hefði náðst. Nýr fundur hefur verið boðaður kl. 9.15 í dag. Ótímabundið allsherjarverkfall sjúkraliða og félagsmanna í SFR á hjúkrunarheimilum og stofnunum innan Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu er

boðað kl. 8 á morgun hafi samningar ekki náðst.

Vel hefur miðað í viðræðum um réttindamál starfsmanna en ágreiningur er óleystur um launaliðinn. Búið er að semja við hjúkrunarfræðinga og félagsmenn í Eflingu á þessum stofnunum og í framhaldi af því gaf ríkisstjórnin loforð sl. föstudag um viðbótarfjárframlög til sjálfseignarstofnana svo jafnlaunaátak fyrri ríkisstjórnar næði einnig

til starfsmanna þessara stofnana og þeir fengu launaleiðréttingar frá 1. febrúar sl. Áætlaður kostnaður við framlag ríkisins til jafnlaunaátaksins fyrir hjúkrunarfræðinga og Eflingarfólk er á bilinu 600 til 700 milljónir kr. skv. upplýsingum blaðsins.

Með jafnlaunaátakinu sem hófst 1. mars í fyrra voru laun í hefðbundnum kvennastörfum á heilbrigðisstofnunum sem heyra undir

ríkið hækkuð en það náði ekki til hjúkrunarheimila. Vilja SFR og Sjúkraliðafélag Íslands að launaleiðrétting félagsmanna þeirra vegna jafnlaunaátaksins verði afturvirk og gildi frá 1. mars 2013. Það er talið kosta aðildarfélög SFV nokkra tugir milljóna til viðbótar og hefur ekki fengist vilyrði um fjárframlög frá ríkinu vegna þess.

■ Ríkið lofar auknum ... »13



Morgunblaðið/Eggert

Kennarar féllust í faðma eftir undirritun

Mikil gleði braust út í húsnæði Ríkissáttasemjara í gærkvöldi þegar samninganefndir grunnskólakennara og sveitarfélaganna skrifuðu undir nýjan

kjarasamning. Deilan hefur verið hjá Ríkissáttasemjara frá því í mars og hafa um þrjátíu fundir verið haldnir síðan. Því var ekki að furða

að Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, og félagi hans í samninganefndinni féllu í faðma þegar samningur var í höfn. »2

Mikill meirihluti kjósenda í Reykjavík vill að Dagur B. Eggertsson verði borgarstjóri

■ Mikill meirihluti kjósenda í Reykjavík vill að Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, verði næsti borgarstjóri. Í nýrri könnun Félagsvísindastofnunar Háskólans fyrir Morgunblaðið á fylgi borgarstjóraefna framboðslistanna er hann nefndur af 63% þátttakenda sem afstöðu tóku. Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna, er nefndur af 19%.

„Ég er mjög þakklátur fyrir þennan stuðning og mun gera mitt til að standa undir honum. En það eru auðvitað kosningararnar sem gilda,“ sagði Dagur í



Dagur B. Eggertsson

samtali við Morgunblaðið. Persónufylgi Dags er mun meira en fylgi Samfylkingarinnar í Reykjavík sem þó hefur aukist verulega að undanförunum. Fylgi flokksins var 34% í könnun sem birt var í gær. Fylgi við Dag hefur aukist í hverri könnun sem gerð hefur verið undanfarna mánuði. Það var 58% fyrir tíu dögum. »16-17

Áhyggjur af sumrinu

● Námsfólk uggandi um atvinnuhorfur ● Átak dugar ekki til

Anna Lilja Þórisdóttir
annalilja@mbl.is

Stúdentar við Háskóla Íslands og framhaldsskólanemar eru svartsýnir að atvinnuhorfur fyrir sumarið. Velferðarráðuneytið ver um 150 milljónum í svokallað sumarátak, fimmta árið í röð. Þar gefst námsmönnum, einkum háskólastudentum, kostur á sumarstörfum hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Í boði eru 390 störf, nokkuð færri í ár en áður.

María Rut Kristinsdóttir, formaður

Stúdentaráðs Háskóla Íslands, segir stúdenta í skólanum hafa þungar áhyggjur af afkomu sinni í sumar. Könnun, sem Stúdentaráð lét vinna fyrir um mánuði um atvinnuhorfur stúdenta sýndi að 65% svaraenda voru ekki komin með sumarstarf. Í framhaldinu þrýsti ráðið á Vinnumálastofnun um áframhald sumarátaksins. „Það er auðvitað mjög gott að það verði aftur nú í sumar, þó að þessi tæplega 400 störf dugi engan veginn til,“ segir María. „Það væri langbest ef það þyrfti ekki

alltaf að koma til sérstaks átaks.“

Allur gangur er á því hvort enn er hægt að sækja um sumarstörf hjá sveitarfélögunum. Til dæmis sóttu 2.818 um 1.550 sumarstörf hjá Reykjavíkurborg. 846 sóttu um sumarstörf hjá Kópavogsbæ og verða allir ráðnir. „Það er lítið sem býðst og helst á vegum sveitarfélaganna. Það er ekki verið að ráða eins mikið á almennum vinnumarkaði,“ segir Laufey María Jóhannsdóttir, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema. »4

Vinnustöðvun kennara afstýrt

● Skrifað undir nýjan kjarasamning grunnskólakennara um kl. 22 í gærkvöldi ● Samningurinn gildir út árið 2016 ● Fer líklega í atkvæðagreiðslu í næstu viku eftir að efni hans hefur verið kynnt kennurum

Kjartan Kjartansson
kjartan@mbl.is

Samninganefndir grunnskólakennara og sveitarfélaganna skrifuðu undir nýjan kjarasamning í húsnæði Ríkissáttasemjara kl. 21.45 í gærkvöldi. Með því náðist að afstýra vinnustöðvun tæplega 4.300 grunnskólakennara sem átti að standa yfir í dag. Skólahald er því með hefðbundnu sniði í dag.

„Við teljum að við höfum náð ásettanlegri niðurstöðu fyrir okkar fólk. Nú fer þetta í kynningu. Það kemur svo í ljós hvort félagsmenn okkar séu sammála okkar eða ekki. Það er næsta skref,“ sagði Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, eftir að skrifað hafði verið undir samninginn í gærkvöldi.

Samningurinn gildir út árið 2016 og er áþekkur þeim sem framhaldsskólakennarar gerðu við ríkið í síðasta mánuði, að sögn Ólafs. Í honum er meðal annars kveðið á um að vinnumat verði gert fyrir grunnskólakennara. Verkefnastjórn taki við því



Morgunblaðið/Eggert

Gleði Vöflukaffi eftir undirskrift í gærkvöldi.

verkefni á næstunni að því gefnu að kjarasamningurinn verði samþykktur í atkvæðagreiðslu félagsmanna. Niðurstaðan verði svo lögð fyrir kennara í atkvæðagreiðslu í febrúar á næsta ári.

„Svo er í þessu almenn launahækkun eins og aðrir hafa fengið og fleiri leiðréttingar sem tengjast þessum breytingum. Það er það sem við erum að fara að kynna fyrir trúnaðarmönnum okkar [í dag],“ segir Ólafur, sem vildi ekki fara dýpra í efni samningsins fyrr en hann hefði verið kynntur trúnaðarmönnum.

Inga Rún Ólafsdóttir, formaður launaneftdar Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að grundvallarbreytingar á vinnutímaákvæði kjarasamningsins sem samið hafi verið um skapi gríðarleg tækifæri til jákvæðrar þróunar á skólastarfi. Launahækkanir séu á svipuðum nótum og hjá framhaldsskólakennurum.

„En við erum auðvitað að kaupa réttindi af kennurum þannig að þetta eru ekki allt saman beinar launahækkanir. Það eru hlutir sem fara út á móti,“ segir hún.

Þar á meðal verður eldri kennurum boðið að selja kennsluafslátt sem þeir njóta fyrir hærri laun.

LANGUR AÐDRAGANDI

Yfir þrjátíu fundir haldnir

Vinnan við kjarasamning grunnskólakennara hefur verið löng og ströng. Deilunni var vísað til Ríkissáttasemjara 18. mars og síðan hafa ríflega þrjátíu samningafundir verið haldnir.

Kennarar lögðu niður störf á fimmtudag í síðustu viku. Til stóð að þeir gerðu það aftur í dag og á þriðjudag í næstu viku hefði ekki samist áður.

Handsömuðu þjóf á harðahlaupum



Í nægu var að snúast hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í gær. Um hádegis tíð var maður handtekinn í austurbænum vegna þjófnaðar í verslun en hann reyndi að

komast undan afgreiðslumanni en lögreglumenn sáu þá hlaupa og gátu aðstoðað við að handsama geranda. Um kl. hálfþrjú var tilkynnt um tvo menn að slást á Laugavegi. Tveir voru handteknir á staðnum. Um svipað leyti var tilkynnt að maður væri að sparka í bifreiðar á Eiðistorgi, hann var mjög vímaður og var vistaður í fangaklefa. Þá var tilkynnt um þjófnað í verslun í Kópavogi stuttu síðar.

Aftur fundað í deilu flugmanna í dag

Fulltrúar Ícelandair og Félags íslenskra atvinnuflugmanna hittust hjá Ríkissáttasemjara upp úr hádegis tíð og stóð fundurinn til klukkan níu um kvöldið.

Magnús Pétursson ríkissáttasemjari segir aftur verða fundað snemma í dag. „Það er verið að reyna að komast áfram með þetta en það er ekki viðeigandi að gefa viðræðunum einkunn,“ segir Magnús um árangur samningaviðræðnanna í gær.

Kiwanisklúbburinn Hekla bauð íbúum Hrafnistu í fimmtugasta skipti í rútuferðalag



Morgunblaðið/Pórdur

Viðraði vel til vorferðar eldri borgara

Þeir voru léttir á brún og brá, íbúar Hrafnistu sem fóru í vorferð í gær, enda fengu þeir ferðaveður eins og best verður á kosíð. Ferðin var farið í boði Kiwanisklúbbsins Heklu og var þetta 50.

árið í röð sem Hekla hefur boðið íbúum Hrafnistu í ferðalag. Kiwanisklúbburinn Hekla varð 50 ára í janúar, sá fyrsti sem var stofnaður hér á landi, og því vorferðirnar verið árlegar frá upp-

hafi. Í dag var farið um Vesturbæ Reykjavíkur, ekið um Reykjavíkurhöfn, Örfirisey, Gróttu og Seltjarnarnes og endað í veislukaffi í Bústaðakirkju.

SÓLPALLAR!

Erum að fara af stað í nýsmíði og endurbætur. Komum á staðinn og gefum fast verðtilboð.

100% VINNUBRÖGÐ



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is

Hætta á síldardauða er liðin hjá í Kolgrafafirði

● Yngri árgangar fóru annað í vetur

Öruggt þykir að ekki sé lengur hætt á síldardauða í Kolgrafafirði, líkt og veturinn 2012-2013. Um 80.000 tonn af síld höfðu þar vetursetu, en fram kemur á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að síldin haldi yfirleitt til hafs í maí. Hætta var talin mest yfir háveturinn. Súrefnisstaðan í firðinum er sögð „mjög góð“ og hafa súrefnismælar verið fjarlægðir.

Um 50.000 tonn af síld drápuð í firðinum í tveimur atburðum veturinn 2012-2013. Voru þá þar yfir 200.000 tonn þegar mest var.

„Magnið sl. vetur var mun minna og bendir flest til þess að þar hafi



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Síldardauði í Kolgrafafirði.

elstu árgangar íslensku sumargots-síldarinnar verið á ferð. Yngri árgangar virðast hafa haft vetursetu nú að mestu úti fyrir Suðausturlandi og í Kolluál utan við Snæfellsnes, auk þess sem nokkurt magn smásíldar fannst í Hvammsfirði,“ segir á vef ráðuneytisins. Er svo tekið fram að óvissa sé um hversu mikið magn síld-

ar mun leita í fjörðinn næsta vetur.

Í nóvember var reynt að hrekja síldina út með hvellhettum. Ekki tókst að ljúka tilrauninni á fullnægjandi hátt vegna erfiðra aðstæðna. Tvisvar í vetur féll súrefnismagn svo langt niður að sá möguleiki var skoðaður að reyna að reka síldina úr firðinum, í bæði skiptin batnaði súrefnisstaðan með auknum vindi.

Hafrannsóknastofnun og Vega-gerðin hafa lagt mat á valkosti til að fyrirbyggja síldardauða í firðinum. Algjör lokun fjarðarinnar er sögð dýr og hafa veruleg umhverfisáhrif. Þá er frekari opnun þverunar með nýrri brúargerð ekki talin hafa afgerandi áhrif á súrefnisbúskap í firðinum, en verða mjög dýr. Óvist þykir hvort slíkir kostir bera tilætlaðan árangur.




Gott til endurvinnslu

Morgunblaðið Hádegismóum 2, 110 Reykjavík. Sími 5691100 Fréttir Guðmundur Sv. Hermannsson, Sigtryggur Sigtryggsson ritstjorn@mbl.is Viðskipti Sigurður Nordal vidskipti@mbl.is Menning Einar Falur Ingólfsson menning@mbl.is Íþróttir Víðir Sigurðsson sport@mbl.is mbl.is Sunna Ósk Logadóttir netfrett@mbl.is, Smartland Marta María Jónasdóttir, smartland@mbl.is Umráðan | Minningar | Bréf til blaðsins mbl.is/sendagrein Prentun Landsprent ehf.

Símaskráin 2014

er komin út!



Í ár er Símaskráin gefin út í samstarfi við Rauða krossinn á Íslandi á 90 ára afmæli félagsins. Í tilefni af afmælisárinu hefur Rauði krossinn hrundið af stað skyndihjálparátaki þar sem áhersla er lögð á að byggja upp kunnáttu og færni almennings í skyndihjálp og er samstarfið við Símaskrána liður í því átaki.

Hér finnur þú þitt eintak

Á Höfuðborgarsvæðinu

- Við valdar verslanir Krónunnar.
- Við bensínstöðvar Olís.
- Í verslunum Símans, Tals og Vodafone.
- Á skrifstofu Já, Álfheimum 74, Glæsibæ.

Á Landsbyggðinni

- Á afgreiðslustöðvum Póstsins.
- Í verslunum Símans og Vodafone Akureyri.
- Í verslunum Krónunnar á Akranesi og Selfossi.

Ath! Hægt er að skila gömlu Símaskránni til endurvinnslu á bensínstöðvum Olís, við verslun Símans í Ármúla og á afgreiðslustöðvum Póstsins úti á landsbyggðinni.



Morgunblaðið/Golli

Stúdentar mótmæla Formaður Stúdentaráðs HÍ og formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema lýsa yfir áhyggjum vegna atvinnuhorfa.

Svartsýnir á sumarstörf

● Námsmenn segja atvinnuhorfur fyrir sumarið slæmar ● Purfa að hafa áhyggjur af afkomu sinni á hverju sumri ● Færri átaksstörf nú en í fyrra

SVIÐSLJÓÐ

Anna Lilja Þórisdóttir
annalilja@mbl.is



Stúdentar við Háskóla Íslands eru svartsýnir á atvinnuhorfur fyrir sumarið og segir formaður Stúdentaráðs að enn og aftur sé komið að miklu álagstímabili hjá stúdentum þar sem þeir leiti allra leiða til að tryggja framfærslu sína yfir sumartímann. Störfum á vegum átaks velferðarráðuneytisins, sem einkum henta háskólastudentum, hefur fækkað síðan í fyrra. Formaður Félags framhaldsskólanema segir menntskælingum fyrst og fremst bjóðast sumarstörf á vegum sveitarfélaganna, lítið sé um ráðningar á almennum vinnumarkaði.

Velferðarráðuneytið ver um 150 milljónum úr Atvinnuleysistryggingasjóði til átaks sem ætlað er að tryggja 390 námsmönnum 18 ára og eldri sumarstörf hjá ríki og sveitarfélögum. Þetta er í fimmta skiptið sem ráðist er í átak af þessu tagi og eru störfin nokkuð færri nú en áður, í fyrra voru þau 650 og 900 árið 2012. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir ástæðurnar aðallega vera lægra framlag til verkefnisins og að aðstæður á vinnumarkaði hafi batnað aðeins.

Opnað var fyrir umsóknir í síðustu viku og lýkur umsóknarfresti

FJÖLBREYTT STÖRF Í BODI

Steypurannsóknir og makríll

Óhætt er að segja að störfin í átaki velferðarráðuneytisins séu fjölbreytt. T.d. vantar staðarvörð í Klausturstofu á Þingeyrum, Landspítalinn auglýsir eftir aðila til að búa til þrívíddarlíkön af heilum nýbura, Háskólinn á Akureyri vantar starfsmann til að vinna efni úr rækjuskel, Listasafn Einarssonar auglýsir eftir starfskrafti til að skrá safnkostinn, Þjóðskjalasafnið þarf að láta



að lesa dómabækur frá 18.-20. öld, Hafró auglýsir starf sem felst í að skoða áhrif makríls á vistkerfi hafsins og Nýsköpunarmiðstöð vantar starfsmann til steinsteypurannsóknna.

sem fær þarna möguleika á að þjálfa sig í því fagi sem það er að læra. Þetta er tækifæri sem þyrfti að vera til oftar og víðar til staðar í okkar þjóðfélagi. Það hlýtur t.d. að vera lærðómsríkara fyrir líffræðinema að vinna við sitt fag á sumrin en að keyra út pitsur," segir Gissur.

65% ekki komin með starf

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, segir stúdenta í skólanum hafa þungar áhyggjur af afkomu sinni í sumar. Hún vísar til könnunar sem ráðið lét gera í apríl um atvinnuhorfur stúdenta, en þá voru

65% svarenda ekki komin með sumarstarf. „Við þrýstum þess vegna á Vinnuálastofnun um sumarátakið og það er auðvitað mjög gott að það verði aftur nú í sumar, þó að þessi tæplega 400 störf dugi engan veginn til," segir María. „Það væri langbest ef það þyrfti ekki alltaf að koma til sérstaks átaks.“

María segir að brýn þörf sé á að endurskoða kjör stúdenta, ólíðandi sé að þeir þurfi að hafa áhyggjur af afkomu sinni á sumrin ár eftir ár. „Við getum ekki verið í námi yfir sumarið, það eru engar sumarannir og við eigum ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Allir sem ekki fá vinnu geta fengið atvinnuleysisbætur nema stúdentar.“

Lítið í boði

Laufey María Jóhannsdóttir, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema, segir engar tölur liggja fyrir um atvinnuhorfur framhaldsskólanema, en segir að samkvæmt þeim erindum sem sambandinu hafi borist sé ekki um auðugan garð að gresja. „Það er lítið sem býðst og helst á vegum sveitarfélaganna. Það er ekki verið að ráða eins mikið á almennum vinnumarkaði en það er erfitt að segja hvort ástandið sé betra eða verra en í fyrra. Fólk leitar allra leiða til að fá vinnu og það er alveg ótrúlegt hvað margir eru úrræðagóðir," segir hún.

Dæmdur í þriggja ára fangelsi

● Dómur kveðinn upp yfir Hallbjörni

Hallbjörn Hjartarson tónlistarmaður var í gær dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur drengjum. Var dómurinn kveðinn upp í Héraðsdómi Norðurlands vestra.



Hallbjörn Hjartarson

Fram kemur í dómsorðum að framburður drengjanna og móður annars þeirra þyki trúverðugur. Var talið „hafið yfir allan vafa“ að Hallbjörn hefði framið brotin. Það skipti ekki máli „þótt vafi geti leikið á um stað og stund brotanna, enda um aukaatriði að ræða“.

Var niðurstaðan meðal annars stuðin með bréfi sem Hallbjörn ritaði dóttur sinni og móður annars brotapolans. Segir í dómsorðum að hann þyki þar reyna að koma ábyrgð á brotum sínum á brotapolu. Þá kemur fram að framburður Hallbjörnar í heild hafi verið ótrúverðugur.

Virt til refsipýngingar

Lítið var til þess við ákvörðun refsingar að háttsemin hafi verið til þess fallin að valda drengjunum skaða og var bréf Hallbjörnar þar sem hann reyndi að koma ábyrgð á brotum sínum á brotapolu, ekki talið honum til málsbóta og var virt honum til refsipýngingar.

Hann var ákærður fyrir að hafa á árinu 1999 misnotað annan drenginn kynferðislega á heimili sínu. Þá hafi Hallbjörn í lok árs 2000 eða á árinu 2001, á heimili drengsins, framið brot af sama tagi gegn honum.

Jafnframt var Hallbjörn ákærður fyrir að hafa í tug skipta er hinn drengurinn var á aldrinum 7 til 18 ára gamall brotið gegn honum kynferðislega. Drengirnir eru barnabörn Hallbjörnar.

Brotin vörðuðu við 1. og 2. mgr. 202. gr almennra hegningalaga þar sem lýst er refsiverðri háttsemi sem felst í því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við börn.

Lítið var til þess að brotin hefðu verið mörg og staðið í samfellu um árabíl en lokið á árinu 2011. Hallbjörn var gert að greiða brotapolum 1.250.000 krónur í bætur og allan sakarkostnað.

Hallbjörn er þekktur kántrýsöngvari og stofnaði á sínum tíma Kántrýbæ á Skagaströnd.

Nr. 0142 í Skarði fimmlembd annað árið í röð

● Ær af Pokukyni hefur borið fimmtán lömbum á fjórum árum

Ær nr. 0142 í Skarði í Landsveit hefur borið fimmtán lömbum á fjórum árum. Hún bar fimm lömbum um helgina, eins og á síðasta ári. Öll lömbin hennar hafa fæðst lifandi nema fimmta og síðasta lambið í vor.

0142 er af Pokukyninu frá Smyrlabjörgum í Suðursveit en fé af þessum stofni er afburða frjósamt. Erlendur Ingvarsson, bóndi í Skarði, segir að ær og hrútar af Pokukyninu hafi verið á fjárbúinu í Skarði í rúm tuttugu ár. Hann getur þess að önnur ær hafi verið með nákvæmlega sama mynstur og 0142 nema hvað öll lömbin hafi drepist í henni síðasta árið og þá hafi hún algerlega verið búin. „Það sést ekkert á þessari kind, þetta virðist vera henni meðfætt," segir Erlendur um 0142. Hann getur þess að kindur af þessu kyni hafi stærri leg en aðrar kindur og því fæddar til að bera mörgum lömbum. Þá verði lömbin íðulega stór og jöfn en ekki litlir grisir með eins og stundum sé hjá þrílembum. Það eigi við 0142. Tvö af lömbum 0142 voru vanin undir einlembur í fyrra og Erlendur segir að hún muni einnig ganga með þremur lömbum í sumar.

Um þúsund fjár er í Skarði og nóg að gera. Í gær voru



Ljósmynd/Kristinn Ágúst Þórsson

Fimmlemba Ærin 0142 með lömbin fjögur sem lifðu.

um 150 kindur óbarnar. Sauðburðurinn hefur gengið vel enda vorið verið gott og auðvelt að koma fénu á beit. Fjöldi aðstoðarmanna er í sauðburði þannig að fimm eru starfandi að jafnaði, við sauðburð og í fjósi. helgi@mbl.is



PARKETFLÍÐAR
ekkt að þússa og lakka



Flísabúðin
Stórhöfða 21 | sími 545 5500 | flis.is

HÖRKUTILBOÐ

DEWALT

- á heima hjá Sindri -

DCD79002

18V KOLALAUS HLED SLUBORVÉL

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*2,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,62 kg
Gírar: 2
Led ljós
Bitasett DT71550 fylgir



Tilboðsverð
54.672 m/vsk.
Verð áður 61.908

DCD990M2

18V KOLALAUS HLED SLUBORVÉL

Patróna: 13
Rafhlaða: 2*4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 80 Nm
Þyngd: 2,08 kg
Gírar: 3
Led ljós
Bitasett DT71550 fylgir



Tilboðsverð
80.455 m/vsk.
Verð áður 103.470

DW088

2JA LÍNU LASER

Sá allra vinsælasti
Virkar núna með móttakara
Þyngd: 0,46kg
3 x AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni: +/- 0,3mm/m



Tilboðsverð
34.081 m/vsk.
Verð áður 59.900

DCS355N

18V FJÖLNOTA SÖG

Afl: 300W
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Hraði: 0-20.000 OPM
Þyngd: 1,06 kg
Flytilosun á blaði
Lengd: 310mm



Tilboðsverð
36.888 m/vsk.
Verð áður 44.054

DW770

GEIRUNGSÖG

Afl: 1600W
Snúningshraði: 6300 sn/mín
Bláð stærð: 216 mm
Mesti halli: 48°
Geirungur (hægri/vinstri): 50/50
Taska fylgir



Tilboðsverð
60.754 m/vsk.
Verð áður 69.900

DCF895N

18V HERSLUVÉL

Óflug 18V kolalaus hersluvé
Bitahaldari: 1/4"
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 165Nm
Afl: 260W
Þyngd: 1,57 kg
LEDljós



Tilboðsverð
81.900 m/vsk.
Rétt verð 89.997

DCK691M3

18V HLED SLUSETT MEÐ 7 VÉLUM

DCD785 borvél
DCF885 hersluvé
DCS391 hjólsög
DCG412 slípirokkur
DCS331 slingsög
DCL040 ljós
3 stk. rafhlöður 4,0 Ah Li-Ion
Útvarp fylgir DCR017



Tilboðsverð
225.000 m/vsk.
Verð áður 245.495

DCK592M3

18V HLED SLUBORVÉL MEÐ 6 VÉLUM

DCD985 borvél
DCS391 hjólsög
DCS380 sverðsög
DCS331 slingsög
DCL040 ljós
3 stk. rafhlöður 4,0 Ah Li-Ion
Útvarp fylgir DCR017



Tilboðsverð
199.612 m/vsk.
Verð áður 236.177

www.sindri.is
Viðarhófa 6 - Reykjavík

sími 575 0000
Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

Berjast enn gegn hóteli á reitnum

● Óvissa um hótélbyggingu á Landssímareit vegna kæru Alþingis og tillagna Minjastofnunar ● BIN-hópurinn enn vongóður um að hægt verði að koma í veg fyrir hótélbyggingu ● 2 ár frá lokun NASA

SVIÐSLJÓÐ

Viðar Guðjónsson
vidar@mbl.is



„Við erum ekki búin að gefast upp,“ segir Páll Óskar Hjalmtýsson, skemmtikraftur og einn þeirra sem er í BIN-hópnum (Björgum Ingólfs-torgi og Nasa) sem mótmælt hefur fyrirhugaðri hótélbyggingu á Landssímareitnum. Í bréfi frá hópnum er gerð athugasemd við það hvernig staðið var að vali á verðlaunatillögu að skipulagi Landssímareits og Ingólfsstorgs sem síðar fór inn í deiliskipulag. Í valnefndinni sat lóðareigandi Landssímareitsins og greiddi hann kostnað við keppnina til hálfs á móti Reykjavíkurborg. Segja forsvarsmenn hópsins það „fordæmalaust að menn fái þannig í krafti eigna sinna beinan aðgang að skipulagi almenningsrýma eins og Ingólfsstorgs og að helmingur launa þeirra sem velja eiga tillögurnar sé kominn frá hagsmunaaðilanum,“ segir í bréfinu.

„Svo virðist sem einu hugmyndirnar sem voru gjaldgengar í þessari verðlaunaefnd hafi verið hugmyndir um hótél. Ég held að flestir séu sammála um að það þurfi að gera eitt-hvað fyrir þennan reit. En hótélhugmyndin er versta hugmyndin,“ segir Páll Óskar.

Óvissa um bygginguna

Þrátt fyrir að hótelið sé inni á deiliskipulagi er nokkur óvissa um



Morgunblaðið/Jim Smart

Landssímareitur BIN-hópurinn hefur ekki gefið upp vonina um að koma megi í veg fyrir að hótél rísi.

það hvort hægt verði að reisa það í samræmi við nágildandi deiliskipulag. Annars vegar hefur Minjastofnun lagt til að hús við Austurvöll, Vallarstræti og Ingólfsstorg, eða á svokölluðum Landssímareit, verði friðlýst. Húsafríðunarnefnd hafði áður lagt til friðun húsanna og eru þau friðuð samkvæmt nýsamþykktu deiliskipulagi. Stigsmunur er á friðun og friðlýsingu. Í stuttu máli er friðlýsing meira afgerandi úrræði, og þarf t.a.m. að vera ákveðið bil í næsta hús sem reisa má við hliðina á

hinu friðlýsta húsi. Til samanburðar ná lög um friðun eingöngu til röskunar á mannvirkinu sjálfu. Mannvirkjastofnun leggur til friðlýsingu mannvirkja en endanlegt úrskurðarvald er hjá forsætisráðherra. Fulltrúar allra flokka nema Vinstri grænna mótmæltu friðlýsingartilögunni. Niðurstöðu ráðuneytisins er að vænta á næstu dögum.

Gæti þurft að breyta skipulagi

Þá hefur Alþingi kært deiliskipulagið til úrskurðarnefndar umhverfis-

is- og auðlindamála. Ætlunin er að stækka Landssímahúsið með viðbyggingu við viðbygginguna á suðurhlíð hússins alveg að Kirkjustræti. Það þykir Alþingi þrengja um of að starfsemi sinni. „Nú hafa fulltrúar meirihlutans sagt að þeir vilji ekki fleiri hótél í miðborginni [...] Ef kæra Alþingis hefur þau áhrif að ekki verður byggt í Kirkjustræti, þá þarf að breyta deiliskipulaginu aftur,“ segir Halla Bogadóttir, eigandi Kraums og ein þeirra sem eru í BIN-hópnum. Atján þúsund manns rituðu

á undirskriftalista þar sem deiliskipulaginu á Landssímareit var mótmælt. „Maður spyr sig, hvað er íbúalýðræði. Undirskriftalistinn var lagður fram áður en skrifað var undir deiliskipulagið,“ segir Halla og bætir við. „Ég held að það sé skoðun mjög margra borgarbúa að það sé betra að halda hótélum frá miðborginni.“

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, svaraði ekki fyrirspurnum, sem hann óskaði eftir að fá í tölvupósti, um málið.

EITTHVAÐ ANNAD

NASA verið lokað í tvö ár

„Hvers vegna er ekki reist þarna listamiðstöð, skrifstofur Alþingis, verslanir, kaffihús eða eitt-hvað annað sem þjónar aðeins ríkulegar hagsmunum almennings sem býr í borginni og starfsemi sem gæti verið að dansa saman við NASA,“ segir Páll Óskar. Hann bendir á að tónleikasalurinn NASA hafi ekki verið opin í tvö ár. „Húseigandinn hefur ekki fengið leigutekjur í tvö ár. Hvað ætli það séu margar milljóónir,“ segir Páll Óskar sem vill að staðurinn verði opnaður þar til afdrif hússins verða ákveðin.



Bein útsend

Listahátíðin



Særif SH 25 Þetta er 15 tonna yfirbyggður plastbátur smíðaður 2005. Morgunblaðið/Alfons

Ásigling rakin til skorts á varðstöðu

● Árekstur á Breiðafirði í góðu veðri

Fyrir tæplega ári varð árekstur á milli tveggja báta í góðu veðri á Breiðafirði og komst rannsóknarnefnd sjóslysa að þeirri niðurstöðu að áreksturinn mætti rekja „til skorts á varðstöðu um borð í Særifi“.

Í skýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa kemur fram að Fjóla SH hafi verið við veiðar á makríl með handfærum á Breiðafirði á áttunda tím-anum kvöldið 22. júlí í fyrra. Særif SH hafi verið á siglingu á svipuðum slóðum á sama tíma. Báðir bátarnir hafi verið á siglingu í svipaðri stefnu þegar Fjóla hafi hægt ferðina og beygt á stjórnborða í átt að makríltorfu. Særif hafi verið um 400 til 500 metra á eftir Fjólu. „Þegar beygju Fjólu á stjórnborða lauk var færnum rennt og þau híffð

einu sinni og þá stöðvaði skipstjóri ferðina. Þegar skipstjóri Fjólu sá engin viðbrögð til stefnubreytingar hjá Særifi þá bakkaði hann til að reyna að forða árekstri,“ segir í skýrslunni.

Særif var á 9,5 hnúta siglingu og var stýrt með sjálfstýringunni. Skipstjórinn var að færa inn í afla-dagbókina og sagðist hafa átt í erf-iðleikum með að sjá á tölvuskjáinn. Hann hafi vitað af Fjólu sem hafi virst „sikk-sakka út um allan sjó“.

Áreksturinn var þannig að Særif rakst með stefni og bakborðsbóg á veiðarfæri Fjólu og hafnaði síðan á stjórnborðsbóg bátsins. Bátarnir héngu saman á veiðarfærunum þar til þeir voru losaðir í sundur og þeim siglt til Ríshafnar eftir að at-vikið hafði verið tilkynnt.

Bæta brúarhöfin með enn sterkari steypu

● Viðgerðir á Borgarfjarðarbrú ● Steypt og bætt frá 1998

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Framkvæmdir hér á Borgarfjarðar-brúnni ganga vel og ökumenn eru þol-innóðir. Við höfum líka stillt þessu dæmi þannig upp að verkinu sé lokið áður en sumarumferðin hefst um 15. júní,“ segir Sigurður Hallur Sigurðsson brúarsmiður.

Þessa dagana er unnið að viðgerðum á Borgarfjarðarbrú. Höf brúarinnar eru alls þrettán og hvert þeirra 40 metrar. Síðustu sumur hefur yfirlag brúargólfsins í hverju hafinu á fætur öðru verið brotið upp og ný steypa lögð þar á. Á síðustu tveimur árum hafa sex höf verið tekin svona. Byrjað var vest-anmegin og nú eru menn komnir út á miðja brú. „Á nánast hverju ári síðan 1998 hafa verið teknir áfangar í viðhaldi brúarinnar,“ segir brúarsmiðurinn.

Þrjár vikur með hvora rein

Sá háttur var hafður á brúarbótum nú að fyrst var syðri akreinin tekin. Framkvæmdum þeim megin lauk í fyrradag og þá var farið á þá nyrðri. Meðan á þessu stendur er umferðinni stýrt, opið er til hvorrar áttar 2 til 3 mínútur í senn. Því er breytt eftir atvik-um, svo sem að síðdegis á föstudögum, þegar margir eru á leiðinni út á land er umferð til vesturs gefinn lengri tími og svo öfugt í eftirmiðdaginn á sunnudög-um.

„Við erum um þrjá vikur með hvora rein; fyrst að brjóta gólfð upp og svo



Framkvæmdir Sigurður Hallur Sigurðsson brúarsmiður á vettvangi. Brúar-gólfð er hoggð upp og ný steypa lögð í. Ein akrein opin og umferð stýrt. Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Mikil umferð

» Borgarfjarðarbrúin er önnur lengsta brú landsins, er 520 m.

» Að jafnaði fara 3.355 bílar á dag veginn við Hafnarfjall, skammt frá Borgarfjarðarbrú. Gefur það vísbendingu um um-ferðarpunga. Í fyrra fóru flestir bílar þessa leið hinn 3. ágúst, það er um verslunarmanna-helgina, alls 8.361. Bílarnir voru fæstir 5. mars, 304.

leggja sérherta steypu í. Og við höfum svo sem gert þetta áður, þetta eru þrælvanir strákar,“ segir Sigurður Hallur sem er verkstjóri brúarvinnu-flokks Vegagerðarinnar sem gerður er út frá Hvammstanga.

Mörg verkefni framundan

„Verkefni framundan eru fjöl-mörg. Þegar þessu lýkur förum við í verkefni í Þingeyjarsýslum og svo þarf að snara upp brúm á Svartá í Skaga-firði og Geitá í Borgarfirði á leiðinni upp að Langjökli,“ segir Sigurður Hallur, sem hefur verið í brúarvinnu frá árinu 1981 og eftir þann tíma sér verkanna víða stað.

No28
2014

Síminn

ding frá opnunarverki
r Reykjavíkur

Sjáðu og heyrðu Turiya eftir Högna Egilsson í miðbænum og á siminn.is/listahatid

Síminn fagnar Listahátíð í Reykjavík og gerir öllum kleift að fylgjast með flutningi Högna Egilssonar á tónsmíð sinni Turiya í beinni útsendingu. Verkið verður meðal annars flutt með kirkjuklukkum í miðborginni.

Bein útsending frá Tjörninni í Reykjavík hefst kl. 17.30 fimmtudaginn, 22. maí

Komdu og fylgstu með flutningi Högna Egilssonar eða njóttu hans í tölvunni eða snjalltækinu á stærsta farsímaneti landsins.

4G
LTE

ENNEW / NM02605



STAKSTEINAR

Dagsdraumar

Draumar Dags B. Eggertssonar og félaga um þróun Reykjavíkur hafa komið ágætlega fram á undanförunum árum og á þeim hefur verið hnykkt í kosningabaráttunni á síðustu vikum.

Einn helsti draumur Dags er að koma borgarbúum úr bílum sínum og inn í strætó eða að minnsta kosti á hjólasteiga. Þetta kom skýrt fram í viðtali í gærmorgun þar sem hann gerði ekki lítið úr því afreki borgaryfirvalda að hafa fjölgað strætisvagnafarþegum.



Dagur B. Eggertsson

Þessi draumur er um leið martröð allra þeirra sem vilja ferðast áfram á bílum sínum, því að Dagur og félagar kjósa að ná markmiðum sínum með því að þrengja að bíleigendum, hætta að byggja upp stofnbrautir og setja fuglahús og aðrar fyrirstöður á miðjar umferðargötur.


Annar draumur Dags er að endurskipuleggja alla borgina eins og fram kemur í aðalskipulagi þar sem flugvelli er úthlýst og byggðin þrengd, og í hverfaskipulagi þar sem boðið var upp á blokkir þar sem áður voru bílskúrar í einkaeigu.

Þessum draumi fylgir að borgin skuli hefja byggingu leigufúða til að ná niður húsnæðis-kostnaði, sem er óeðlilega hár vegna þess að borgin neitar að leyfa fúðabyggingu á löngu skipulögðum vaxtarsvæðum.

Þessir draumar Dags og félaga í núverandi meirihluta eru martröð þeirra sem vilja eðlilega uppbyggingu borgarinnar án opinberra fúðabygginga og þess að ráðist sé á flugvöll og úthverfi.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni <http://mbl.is/mogginn/leidarar/>

VEÐUR KL. 12 Í DAG



Veður víða um heim 20.5., kl. 18.00

Reykjavík	10	skýjað
Bolungarvík	7	súld
Akureyri	10	léttskýjað

Nuuk	2	skýjað
Þórshöfn	6	skýjað
Ósló	17	léttskýjað
Kaupmannahöfn	17	léttskýjað
Stokkhólmur	17	léttskýjað
Helsinki	22	heiðskirt
Lúxemborg	23	heiðskirt
Brussel	23	léttskýjað
Dublin	12	skúrir
Glasgow	16	léttskýjað
London	20	léttskýjað
París	12	skúrir
Amsterdam	25	heiðskirt
Hamborg	25	heiðskirt
Berlín	25	skýjað
Vín	25	léttskýjað
Moskva	27	heiðskirt
Algarve	17	skýjað
Madrid	18	skýjað
Barcelona	17	skýjað
Mallorca	22	léttskýjað
Róm	22	léttskýjað
Apena	22	léttskýjað
Winnipeg	10	alskýjað
Montreal	17	léttskýjað
New York	23	heiðskirt
Chicago	25	léttskýjað
Orlando	27	léttskýjað

21. maí	Sólarupprás	Sólsetur	Tunglið
REYKJAVÍK	3:53	22:56	
ISAFJÖRDUR	3:28	23:32	
SIGLUFJÖRDUR	3:10	23:16	
DJÚPÍVOGUR	3:16	22:33	

Krefst 15 milljóna í skaðabætur

● Meiðyrðamál Gunnars í Krossinum

Vitnaleiðslur fóru fram í meiðyrðamáli Gunnars Þorsteinssonar, sem gjarnan er kenndur við Krossinn, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Gunnar krefst 15 milljóna króna í skaðabætur og afsökunarbeiðni frá tveimur konum og frá Vefpressunni; fimm milljóna frá hverjum aðila fyrir sig vegna umfjöllunar um ásakanir um kynferðisbrot.



Morgunblaðið/Þórður

í héraðsdómi Gunnar Þorsteinsson.

Umfjöllunin var byggð á ummæli um tveggja kvenna, Ástu Knútsdóttur og Sesselju E. Barðdal.

Fram kom í máli Gunnars að hjónaband hans og Jónínu Benediktsdóttur væri grunnurinn að því að konur sökuðu hann um kynferðisofbeldi. Pressan hefði svo greint frá þeim ásökunum til að „ná ákveðnum markmiðum gagnvart Jónínu“.

Nokkrar konur báru vitni í gær um meint brot Gunnars. Meðal þeirra er Sólveig Guðnadóttir. Hún er ein þeirra kvenna sem kærðu

Gunnar fyrir kynferðisofbeldi 2011, en hún var mágkona Gunnars. Sagði Sólveig að Gunnar hefði fyrst brotið gegn sér þegar hún var þrettán ára og aftur þegar hún var 21 árs.



Skannaðu kóðann til að lesa meira um dómsmálið.

mbl.is

Þrjár milljónir í neyðaraðstoð vegna flóða



Gunnar Bragi Sveinsson

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur ákveðið að veita 3 milljónir króna í neyðaraðstoð til Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu.

Fram kemur á vef utanríkisráðuneytisins að aðstoðin sé til þess að „bregðast við því neyðarástandi sem ríkir á svæðinu vegna flóða eftir mesta úrfelli síðan mælingar hófust árið 1894“.

„Stór landsvæði eru undir vatni – um 40% lands í Bosníu og Hersegóvínu en um 15% í Serbíu. Tugir manns hafa farist af völdum flóðanna og er talið að yfir hundrað þúsund manns hafi hrakist af heimilum sínum eða verið flutt á brott vegna flóðanna. Þá er yfir milljón manns án drykkjarhæfs vatns og hefst fólk við í neyðarskýlum og bráðabirgðahúsnæði“, segir í tilkynningunni en framlögin munu renna til landsfélaga Rauða krossins á flóðasvæðinu sem sinna hjálparstarfi.

Gunnar Bragi vottar þeim sem um sárt eiga að binda samúð sína.

„Hugur okkar er hjá þeim fjölmörgu sem hafa beðið tjón eða misst ástvini í flóðunum“, segir Gunnar Bragi.



Sendum um allt land spilavinir.is

Gefðu spil í afmælisgjöf



Við aðstoðum þig við að velja spilið og pökkum því inn fyrir þig.

Spilavinir

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsin í Faxafeni) - Sími 553 3450 - Vefverslun: www.spilavinir.is - sendum um allt land!

Andlát

Ásgerður Búadóttir

Ásgerður Ester Búadóttir listvefari lést aðfaranótt mánudags, 93 ára að aldri. Ásgerður fæddist í Borgarnesi 4. desember 1920, og var næstýngst fimm barna þeirra Ingibjargar Teitsdóttur og Búa Ásgeirssonar frá Stað í Hrutafirði.

Þrígga ára gömul fluttist Ásgerður með foreldrum sínum til Reykjavíkur, þar sem hún ólst upp og gekk í skóla. Árið 1942 innritaðist hún í hinn nýstofnaða Handíða- og myndlistarskóla og stundaði síðan framhaldsnám við Konunglega listaakademíu í Kaupmannahöfn 1946-49.

Fljótlega eftir komuna til baka til Íslands byrjaði hún að vinna með listvefnað og 1956 vann hún gullverðlaun á alþjóðlegu lista- og handverkssýningunni í München. Þar byrjaði ferill hennar sem listefara sem hún fylgdi úr hlaði með sýningum 1958, 1962 og 1964.

Alls hélt Ásgerður 15 einkasýn-



ingar og tók þátt í um 70 samsýningum hér á landi og víða um heim. Síðasta stóra yfirlitsýningin á verkum hennar fór fram á Listasafni Íslands 1994, og síðasta einkasýningin var haldin í anddyri Hallgrímskirkju 2007. Sama ár kom út bókinn „Veftir“ um ævi hennar og listamannaferil.

Verk Ásgerðar má finna á söfnum héraðs, á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum, og á fjöldamörgum opinberum stofnunum. Forseti Íslands sámdi hana fálkaorðunni árið 1993 og frá 1995 voru henni veitt heiðurslaun íslenskra listamanna af Alþingi.

Ásgerður var gift Birni Th. Björnssyni, listfræðingi og rithöfundi, sem lést 2007. Þau eignuðust börnin Baldvin Björnsson, f. 1947, Björn Þránd Björnsson, f. 1952, og Þórunni Björnsdóttur Bacon, f. 1968.

Vinnur óeigingjarnt starf með öldruðum

● Hlaut viðurkenningu Öldrunarráðs

Soffía Jakobsdóttir leikkona var sámd viðurkenningu Öldrunarráðs Íslands 2014 á mánudaginn fyrir áralangt og óeigingjarnt starf með öldruðum. Öldrunarráð veitir árlega sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagsamtaka sem þykja hafa unnið gott og óeigingjarnt starf að málefnum aldraðra.

Soffía hlaut viðurkenninguna í ár en hún hefur um árabíl tekið virkan þátt í félagsstarfi með öldruðum og lagt sitt af mörkum til að viðhalda félagslegri virkni þeirra og lífsgæðum. Meðal annars þjálfar Soffía eldri borgara í upplestri, framsögn og framkomu á sérstökum námskeiðum sem njóta mikilla vinsælda. Hún



Soffía Jakobsdóttir

starfrækir m.a. sérstakan fram-sagnarhóp sem æfir upplestur á ljóðum og öðru efni til flutnings opinberlega. Þessi hópur hefur komið víða fram, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi auk þess sem hópurinn hefur lesið Passíusálma Hallgríms Péturssonar í Ríkisútvarpinu svo fátt eitt sé nefnt. Nú síðast flutti hópurinn dagskrá á sumardaginn fyrsta í Bústaðakirkju í tilefni hátíðarhalda þar.

Ísland séð með augum Bandaríkjamanna

Amerísk-íslenska viðskiptaráðið, Iceland Naturally og Íslensk-ameríska viðskiptaráðið bjóða til málþings í dag kl. 17. Á málþinginu sem ber heitið Ísland séð með augum Bandaríkjamanna, gefst viðstöddum m.a. tækifæri á að hlýða á sérfræðinga frá Bandaríkjunum fjalla um stöðu Íslands, ímynd landsins, vöru og þjónustu meðal bandarískra neytenda. Málþingið fer fram í höfuðstöðvum Marel, Austurhrauni 9, Garðabæ, og hefst það kl. 17. Skráning er á amis.is

f Vertu vinur okkar á Facebook

St. XS-XL

Kjólar, túnukur, buxur og jakkar frá black label

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahnild.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

BÍLAR



Aukablað alla þriðjudaga

Aðeins það besta fyrir barnið þitt...

Eitt mesta úryal landsins af BARNABÍLSTÓLUM



MAXI-COSI®



BRIO®



Britax

Tryggingahafar Varðar og Tryggingamiðstöðvarinnar fá **20% afslátt af öllum bílstólum og base-um hjá okkur** Við höfum 35 ára reynslu í sölu á barnavörum

Settu barnið í fyrsta sæti

Bildshöfða 20 - Húsgagnahöllinni
110 Reykjavík - **Sími: 552 2522**

Opið: Mánud. til föstud. 10-18 / Laugard. 10-16
Kaupvangsstræti 1 - Akureyri - **Sími: 462 6500**

Allt fyrir barnið **fifa**

Dr. Brown's

Simo

Britax

STOKKE

deemo

MAXI-COSI

quinn

BABYBORN

BRIO

BRIO

SUMARFRAKKAR Í ÚRVALI



Skóðið laxdal.is/yfirhafnir

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



CIO með vallnetu-vinaigrette og klettasalati Gröfð laerja-vinaigrette og geitaosti Villibráðar-paté með pap rucifetta

MöndluMix og KasjúKurl er ekki bara hollt snakk. Líka gott á salatið. **Hollt og gott frá Yndisauka.**

Fæst í: Hagkaupum, Heilsuhúsunum, Melabúðinni, Fjarðarkaup, Miðbúðinni, Kjöthöllinni, Hreyfingu, Garðheimum, Mosfellsbakarí og Bakaríinu við brúna Akureyri.

spjóti með peppadew Silunga firogn með japönsku maj na-osti á bruchettu Birkireykt-ur lax á bruchettu með priku og fetaosti Hörpuskeljar, 3 smáar á spjóti m/kryt önsk súkkulaðikak

sádeigsbollur Súkkul

YNDISAUKA

Sími 511 8090 • www.yndisauki.is

Vefsíðan www.dohop.is

Síðan sem hjálpar fólki að ferðast ódýrt

Þegar kemur að ferðalögum setja margir kostnaðinn fyrir sig. Það á sérstaklega við þegar ferðast er út fyrir landsteinana. Yfirleitt kostar það nokkuð ferðast frá landinu með flugi og þá á eftir að greiða fyrir gistingu og jafnvel bíla-leigubíl. Þegar ferðast á lengri vegalegndir bætist enn á ferðakostnaðinn ef skipta þarf um flug. Notendum Dohop síðunnar gefst hins vegar kostur á því að finna ódýrustu ferðirnar hjá fjölda flugfélaga um allan heim. Oft má þá finna sérstaklega hagstæð tilboð á ferðum og þeim sem þurfa ekki langan umhugsunarfrest eða lengri tíma til að undirbúa ferðir gefst gjarnan færi á að hoppa með skömmum fyrirvara upp næstu vél og á vit ævintýranna.

Einnig er hægt að finna ódýr og góð hótél í flestum borgum heims og hvar bestu tilboðin eru á bíla-



Frið Ferðalagið hefst á netinu.

leigubílum. Þeir sem vilja þjónustu og mikil gæði og setja verðið ekki fyrir sig ættu líka að nota síðuna því hún þjónustar ekki bara þau okkar sem vilja ferðast ódýrt. Það er allur skalinn á Dohop.



Skannaðu kóðann til að fara inn á vefsíðuna.

mbl.is

Endilega...



Listaverkasýning Hlín er brosmild innan um litadýrðina í verkunum sínum.

...sjáið hugræna litheima Hlínar

Það er enginn grár og hversdagslegur veruleiki í verkum Huldu Hlínar Magnúsdóttur, myndlistarkonu, en hún hefur litina að meginviðfangsefni sínu í sýningu sem hún hefur sett upp í Eidiðsskeri, sýningarsal bókasafnsins á Seltjarnarnesi. Sýning Hlínar verður opnuð á morgun, fimmtudag, klukkan 17.

Hulda Hlín Magnúsdóttir ólst upp í Kaupmannahöfn, París og Reykjavík og nam málalist í Flórens, Feneijum, Bologna og Róm. Hún útskrifaðist í málalist með hæstu einkunn og láði frá Listaakademíu Ítalíu í Róm, Accademia di Belle Arti, og hefur

haldið einka- og samsýningar hér á landi og á Ítalíu. Hulda Hlín lauk mastersnámi í listasögu frá Bologna-háskóla með mastersritgerð á sviði litafraði og merkingarfraði hins sjónræna.

Á sýningunni hennar í Eidiðstorgi verður að finna olíumálverk og teikningar þar sem draumkenndri veröld í sterkum litum bregður fyrir. Olíumálverkin eru flest stór í sniðum og leiða áhorfandann inn í seiddandi litahellu. Sum verkin eru innblásin af, að því er virðist, íslenskri náttúru en litir og form breyta þeim í annan og hugrænni stað.

Eðalkjötsúpa á Skólavörðuholti

Farmers Soup er nýopnaður súpubíll sem stendur á bílastæðinu á Skólavörðuholti. Það er framtak Jónínu Gunnarsdóttur og sona hennar, þeirra Óskars Steins Ómarssonar og Ómars Arnar Ómarssonar. Bíllinn var opnaður laugardaginn 10. maí og hefur gengið vel. Þetta er algjör nýjung í íslenskri matarmenningu, því nú geta þeir sem eiga leið hjá gripið með sér ekta íslenska kjötsúpu á góðu verði.

Vilhjálmur A. Kjartansson
vilhjalmur@mbl.is

Kjötsúpa hefur lengi þótt sælkeramatúr hjá Íslendingum þar sem hún sam-einar margt af því besta úr íslenskum landbúnaði, lambakjöt-ið og íslenskt grænmeti. Engan ætti því að undra að kjötsúpan sé reglulega á boðstólum á íslenskum heimilum. Hún er allt í senn góð, holl og gefur svöngu heimilisfólki kraft og næringu sem þarf eftir langan vinnu- eða skóladag.

Kjötsúpan á Skólavörðuholtið

Það liggur í augum uppi að súpan sem hefur gefið Íslendingum magafylli í áratugi ætti að renna ljúflega niður hjá þeim fjölda ferðamanna sem sækja Ísland heim og vilja upplifa íslenska menningu og náttúru. Jónína Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi, var í það minnsta viss í sinni sök þegar hún ákvað að ráðast í sinn eigin rekstur með íslensku kjötsúpuna í farabroddi. „Nokkrar vin-konur mínar starfa sem leiðsögu-menn og höfðu svo oft kvartað undan því að ekki væri hægt að setjast niður með ferðamenn og fá sér eitthvað fljótlegt án þess að rata inn á hamborgarastað. Ég taldi því kjörið tækifæri til að bæta kjötsúpunni við flóru matarmenningarinnar í og við miðbæinn,“ segir Jónína sem býður viðskiptavininum sínum einnig upp á grænmetissúpu sem hún segir engu síðri en kjötsúpuna.

Súpubíllinn frá Þýskalandi

Hugmyndin að eigin rekstri vaknaði fljótlega eftir áramót hjá Jónínu sem taldi vanta góðan súpu-stað þar sem væri á boðstólum há-gæða íslensk kjötsúpa með einföldum og fljótlegum hætti. Staður þar sem viðskiptavinurinn þarf ekki að setjast inn, panta og bíða heldur er súpan afgreidd strax á staðnum og gestir geta borðað hana fyrir framan bílinn eða tekið með sér heim. „Ég hef búið erlendis þar sem vagnar sem þessir eru vinsælir og fólk notar þetta mikið úti. Ég var því viss um að þetta myndi ganga hér og vildi bjóða upp á eitthvað annað en hamborgara eða pylsur,“ segir Jónína en hún keypti bílinn í Þýskalandi og fór sjálf út að sækja hann. „Ég flaug til Hol-lands og tók lestina til Þýskalands



Afgreiðsla Ómar Örn Ómarsson, sonur Jónínu, og tengdadóttir hennar, Sigríður Mogensen, afgreiða kjötsúpu úr Súpubílnum snemma eftir opnum.



Viðskipti Félagar úr Víkingafélagi Reykjavíkur fengu sér súpu hjá Jónínu og sonum hennar ásamt svöngum ferðamönnum.

þar sem bíllinn beið mín. Þá tók við þriggja tíma akstur í næstu umskip-unarhöfn og svo fimm daga ferðalag með Arnarfellinu heim.“

Hráefnið beint frá býli

Ekki er sama hvaða hráefni er notað í góða matargerð og mikilvægt fyrir alla matsöluastaði að geta boðið

viðskiptavininum sínum upp á besta hráefnið sem völ er á. Jónína gerir sér grein fyrir mikilvægi hráefnisins enda segist hún aðeins nota það besta. „Ég er búin að semja við bónda um að fá að kaupa af honum, beint frá býli, bæði grænmeti og kjöt. Þá nota ég bara lærið í kjötsúpu-na og hágæða hráefni.“ Súpunar



H-BERG

Hollar vörur úr náttúrunni
Íslensk framleiðsla

H-Berg efh | S. 565-6500
hberg@hberg.is | hberg.is



Bíllinn Súpubíllinn var keyptur í Þýskalandi en allt annað í rekstrinum er ræktað og alið á Íslandi. Hráefnið sem Jónína og synir hennar nota í súpunar er hágæða hráefni beint frá bónda.



Stofnandinn Jónína Gunnarsdóttir stendur vaktina við pottana í Súpubílnum á Skólavörðuholti en hún selur þar súpur frá hádegi fram á kvöld.

hennar hafa fengið góðar viðtökur. Jónína segir uppskriftina vera komna frá langömmu sinni. „Þetta er fjölskylduuppskrift frá Háeyri í Vestmannaeyjum en ég er ættuð þaðan.“ Langamma Jónínu var þekkt fyrir að elda einstaka kjötsúpu sem hún gaf þreyttum og svöngum útgangsmönnum að sögn Jónínu

sem heldur á lofti orðstír langömmu sinnar með gómsætri kjötsúpu sem svangir Íslendingar og útlendingar gæða sér á á Skólavörðuholtinu.

Synirnir og tengdadóttir hjálpa við reksturinn
Jónína stendur ekki ein í rekstri Súpubílsins sem nefnist Farmers

„Ég er búin að semja við bónda um að fá að kaupa af honum, beint frá býli, bæði grænmeti og kjöt. Þá nota ég bara lærið í kjötsúpuna og hágæða hráefni.“

Soup eða bændasúpan á íslensku. Synir hennar, þeir Óskar Steinn Ómarsson og Ómar Örn Ómarsson, reka bíllinn með mömmu sinni og auðvitað stendur tengdadóttirin Sigríður Mogensen vaktina við pottana. „Ég fór út í þetta með strákunum mínum en þeir eru báðir að vinna annars staðar en hjálpa til þegar þeir geta.“ Fjölskyldan hjálpast því að og má því segja að Súpubíllinn sé fjölskyldubíll.

Umhverfið verður ekki útundan hjá Súpubílnum því þeir sem koma með eigin ílát að heiman fá 10% afslátt á súpunum hjá Jónínu en hún segir þetta vera gert til þess að spara umbúðanotkun og þannig geti fólk stuðlað að bættu umhverfi.

Bíllinn var opnaður 10. maí og hefur gengið vonum framar að sögn Jónínu. „Salan er misjöfn milli daga en viðbrögðin hafa verið betri en ég bjóst við. Bæði eru að koma til mín svangir útlendingar sem langar að prófa íslensku kjötsúpuna en líka Íslendingar sem langar í eitthvað gott og nærandi.“

Súpubíll Jónínu og sona hennar stendur við bílastæðið á Skólavörðuholti og er opinn frá kl. 11.30 til 19.00 á kvöldin. Jónína segir þó stundum opið lengur ef mikið sé að gera. „Þetta er rétt að byrja og ég er að fíkra mig áfram með afgreiðslutím-ann.“

Börnin fá tækifæri til að kynnst menningarstofnunum Kópavogs

List og sundlaugarpartí í Kópavogi

Á fimmta þúsund leik- og grunnskóla- barna í Kópavogi taka þátt í barna- menningarhátíð Kópavogs, Orma- dögum, sem hófst síðast liðinn mánudag. Á Ormadögum mæta börn í Kópavogi á ýmsa menningarviðburði í menningarhúsum Kópavogs á skóla- tíma, sækja tónleika, listasmíðjur og fræðslu. Dagskránni lýkur svo með glæsilegri hátíð á Borgarholtinu í Kópavogi helgina 24. til 25. maí þar sem öll börn eru velkomín

Á laugardeginum verður margt á seyði í og við menningarstofnanir í Kópavogi. Í boði verða Sirkus, lista- og menningarsmíðjur, tónleikar og hoppkastalar. Oramadögum lýkur svo



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Kópavogur Barnahátíðin Ormadagar fara fram í Kópavogi núna um helgina.

á sunnudaginn með barnamenningar- messu og tónleikum í Kópavogs- kirkju. Síðan verður auðvitað farið í sundlaugarpartí í Sundlaug Kópa- vogs.

Markmið Ormadaga er að börn í Kópavoginum fái tækifæri til að kynn-

ast menningarstofnunum bæjarins eins og tónlistarsafninu, bókasafn- inu, Salnu, Gerðarsafni, Náttúru- fræðistofu Kópavogs, Tónlistar- skólanum og Molanum. Hægt er að nálgast upplýsingar um hátíðina á heimasíðu hennar, www.ormadagar.is.

FORRITUNAR- BRAUT NTV

Diplómanám og skýjaforritun

Til að mæta mikilli eftirspurn eftir forriturum sem hafa kunnáttu í fram- og bakendaforritun fyrir skýjalausnir höfum við þróað nýja námsbraut sem byrjar í haust.

Námið býr nemendur undir alþjóðleg próf.

Hægt er að taka námsbrautina með vinnu þar sem um kvöld- og helgarnám er að ræða.

- Helstu námsgreinar**
Fyrri önn:
Kynning á forritun - 36 stundir
Viðmótshönnun - 12 stundir
Gagnagrunnsfræði - 36 stundir
Forritun með C# - 66 stundir
Gluggaforritun / APP-forritun - 60 stundir
Gagnagrunnsforritun - 36 stundir
Lokaverkefni - 36 stundir
Seinni önn:
Bakendaforritun skýjalausna - 44 stundir
Framendaforritun skýjalausna - 60 stundir
Lokaverkefni - 20 stundir
- Lengd námskeiðs:**
2 annir - 406 kennslustundir - kennt þrisvar í viku
- Verð:**
599.000 kr. (allt innif.) - hægt er að dreifa greiðslum
- Næsta námskeið:**
Kvöldnámskeið hefst 1. sept. og lýkur 28. maí 2015

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS



Ljósmynd/Gísli Sigurðsson

Skógasafn Skúrbyggingin á milli eldra og yngra safnhússins verður rifin og í staðinn byggt nýtt móttökuhús. Eldra húsið var að hluta byggt utan um áttæringinn Pétursey sem enn er einn af vinsælustu gripum safnsins.

Ný móttaka á Skógum

- Skógasafn bætir aðstöðu til að taka á móti gestum
- Öll uppbygging greidd með afgangi af rekstri safnsins

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Ráðist verður í framkvæmdir við nýtt móttökuhús við Skógasafn í Rangárvallasýslu á næstunni. Rekstur safnsins gengur vel og það skilar hagnaði á hverju ári og honum er varið til uppbyggingar.

Skógasafn er í húsum sem byggð voru 1955 og 1995. Þau eru tengd saman með skúrbyggingu við gamla safnhúsið og glerhýsi. Skúrinn mun víkja og nýtt móttökuhús rísa í portinu og skaga um tíu metra fram á hlaðið. Þar verður tekið á móti hópum sem dreifast síðan um safnhúsin og útisvæðið.

Um leið verður gamla safnhúsið tekið í gegn að utan og útlit húsanna samræmt, að sögn Sverris Magnússonar, framkvæmdastjóra Skógasafns. Nýbyggingin verður að mestu úr gleri en þó verður torfþak með lyngi á hluta þaksins og einnig á þaki gamla safnhússins.

Hagnaður til uppbyggingar

Móttökuhúsið verður 144 fermetrar að stærð og er kostnaður við að byggja það og breyta gamla safnhúsinu áætlaður um 75 milljónir kr.

Rekstur Skógasafns gengur vel. Hann hefur skilað hagnaði í mörg ár og er rekstrarafgangurinn notaður í uppbyggingu. Gestum hefur fjölgað stöðugt. Um 62 þúsund gestir heim sóttu safnið á síðasta ári, 10 þúsund fleiri en árið á undan. „Reksturinn sýnir að það er hægt að markaðssetja menninguna. Hún getur skilað arði í beinhörðum peningum, auk annars,“ segir Sverrir.



Teikning/Argos

Móttaka Tekið verður á móti hópum í nýja húsinu. Fólkið dreifist þaðan um safnhúsin og útisvæðið. Gamla safnhúsið verður einnig tekið í gegn.

Gestum fjölga

» Auk byggðasafns er Skógasafn með samgönguminjasafn og stórt útisýningarsvæði.

» Gestum Skógasafns hefur fjölgað um 20% á ári í mörg ár.

» Á síðasta ári komu 62 þúsund gestir í safnið, 10 þúsund fleiri en árið á undan.

» Reksturinn hefur lengi verið sjálfbær og þarf ekki á rekstrarstyrk að halda frá ríki og sveitarfélögum.

Hann segir að lengi hafi verið þörf á að byggja móttökuhús. Því hafi verið frestað við bankahrunið og í staðinn ráðist í byggingu geymslu- og verkstæðishúss sem hægt var að dreifa á fjögur ár. Framkvæmdir við móttökuhúsið hafa mikið rask í för með sér og þurfa þær að vinnast á stuttum tíma. Því hefur Skógasafn óskað eftir heimildum eigenda sinna, Héraðsnefndar Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og sveitarfélanna fimm, til að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga fyrir framkvæmdinni og endurfjármagna um leið lán sem hvíla á samgöngusafninu. Sverrir segir að safnið muni sjálft greiða þessi lán. Áætlað er að framkvæmdir taki eitt ár.

Færeyingar eru „kántríboltar“

● Páll Rósinkranz á stórtónleikum þar sem sveitatónlistin verður í fyrirrúmi

Guðni Einarsson
gudni@mbl.is

Páll Rósinkranz tekur þátt í stórtónleikum í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum 3. ágúst næstkomandi. Ásamt honum koma fram bandarísku hjónin Vonnice og Woddy Wright, sem eru þekktir flytjendur sveitatónlistar, og færeyska söngkonan Kristína Bærandsen. Hljóm-sveit undir stjórn Jakups Zachariassen annast undirleik.

„Ég fékk beiðni um að koma og syngja tólf lög,“ sagði Páll. „Peir kalla þetta „gospel country“ tónleika. Ég fékk sendan lista með nokkuð mörgum óskalögum. Þetta eru lög af plötunum mínum og lög sem ég hafði heyrt hjá þeim og litist vel á. Eg tek til dæmis lag af nýrri plötu með Johnny Cash, Liljuna og fleiri lög. Færeysku tónlistarmennirnir eru góðir vinir Kris Kristofferson og ég syng eitt af lögnum hans. Svo báðu þeir mig að syngja færeyskt lag við íslenskan texta og einhver á ég að velja til viðbótar.“

Páll söng fyrst í Færeyjum 1997 og hélt þá tónleika í Norðurlandahúsinu með Christ Gospel Band. Svo var honum boðið til Færeyja af sérstöku tilefni fyrir tveimur mánuðum.

Gullbrúðkaup í Þórshöfn

„Ég söng á Hátíð vonar. Þar var fólk frá Færeyjum sem líkaði söngur minn. Það vildi fá mig til að syngja við gullbrúðkaup sitt í Þórshöfn. Það

var mikil veisla, 400-500 manns sem komu víða að. Þarna voru margir stjórnmálamenn frá Norðurlöndum. Það voru haldnar ræður og margir sungu. Allir töluðu sitt móðurmál. Ég kom nokkrum sinnum fram og talaði bara á íslensku! Þetta var mjög norrænt,“ sagði Páll.

Fyrirnefndur Jakup Zachariassen hélt utan um tónlistina í veislunni. Hann er atvinnutónlistarmaður og á stórt hljóðver í Færeyjum, semur mikið af tónlist og stjórnar upp-tökum. Zachariassen hefur m.a. unnið með færeyska sveitasöngv-aranum Halli Joensen og samdi mörg laga og texta á plötunni *Hallur With Stars and Legends* þar sem Hallur syngur með þekktum bandarískum sveitasöngvurum. Jakup hefur lengi átt gott samstarf við tónlistarmenn í Nashville, háborg sveitatónlistar, sem spila í upp-tökum hans. Zachariassen leikur sjálfur á fjölda hljóðfæra og þýkir mjög góður stálgítarleikari. En hvað finnst Páli um tónlist þeirra Færeyinga á sviði sveita- og gospel-tónlistar?

„Ég held að þetta sé mjög hár standard. Þeir virðast vera miklir kántríboltar og kántrí er mjög sterkt í Færeyjum,“ sagði Páll. „Færeyingar eru skemmtilegt fólk. Manni líður eins og heima hjá sér þegar maður kemur þangað. Það er virkilega gaman að heimsækja Færeyjar. Þar tala allir næstum því íslensku!“



Morgunblaðið/Golli

Söngvarinn Páll Rósinkranz kann vel að meta Færeyjar. Hann segir Færeyinga mjög góða í að flytja sveitatónlist sem sé mjög vinsæl í Færeyjum.

Smellinn einingahús

- Sterk, falleg og hagkvæm
- Endalausir möguleikar

Fljótlegur og hentugur kostur fyrir öll svið atvinnulífsins, heimilið og bústaðinn.

Lækkar viðhalds- og rekstrarkostnað.

BM VALLÁ
forstöptu
einingar smellinn

BM Vallá • Breiðhófa 3, 110 Reykjavík • Sími: 412 5050 • sala@bmvalla.is

Ríkið lofar auknum framlögum

● Stjórnvöld gáfu loforð um að jafnlaunaátakið næði einnig til heilbrigðisstarfsfólks á hjúkrunarheimilum innan SFV ● Talið kosta 6-700 milljónir ● Sjúkraliðar og SFR vilja að leiðréttingin verði afturvirk

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is

Ríkisstjórnin hefur gefið loforð um viðbótarfjárframlög til sjálfseignarstofnana innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) svo jafnlaunaáttak fyrri ríkisstjórnar á heilbrigðisstofnunum ríkisins nái einnig til starfsfólks á hjúkrunarheimilum og öðrum stofnunum innan SFV.

Það felur í sér að hjúkrunarfræðingar á þessum stofnunum og starfsmenn við umönnun sem eru í Eflingu stéttarfélagi fá sambærilegar launabætur eða ígildi þeirra frá 1. febrúar sl. og heilbrigðisstarfsfólk hjá ríkinu fékk frá og með 1. mars í fyrra þegar jafnlaunaátakið hófst.

Vantar tugi milljóna ef leiðréttingin á að vera afturvirk

Stéttarfélög starfsfólks á hjúkrunarheimilunum hafa krafist þess í kjaraviðræðunum að undanförunu að jafnlaunaátakið nái einnig til þeirra og fengu stjórnvöld frest til kl. 16 sl. föstudag til að svara því. Var loforðið um aukin fjárframlög veitt áður en sá frestur rann út.

Efling og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga skrifuðu undir kjarasamning við SFV í trausti þess að þetta gengi eftir en kjaradeila SFR og sjúkraliða við SFV er enn óleyst, m.a. vegna þess að þessi félög vilja að launaleiðrétting jafnlaunaáttaksins verði afturvirk og gildi frá 1. mars 2013 með sama hætti og á heilbrigðisstofnunum ríkisins. Það er hins vegar talið kosta hjúkrunar-



Morgunblaðið/Pórður

Sjúkraliðar Verkfallsmiðstöð var opnuð þegar sjúkraliðar og félagar í SFR hófu tímabundnar verkfallsaðgerðir á hjúkrunarheimilum. Náist samningar ekki á næsta sólarhring skellur á ótímabundið allsherjarverkfall á morgun.

heimili og aðrar stofnanir innan SFV tugi milljóna í viðbótarútgjöld. Á því hefur strandað.

Gildir frá 1. febrúar 2014

Loforðið sem ríkið gaf sl. föstudag felur í sér að jafnlaunaátakið á hjúkrunarheimilum gildir frá 1. febrúar 2014. Þær launabætur sem greiða þarf til að jafnlaunaátakið nái til hjúkrunarfræðinga og félagsmanna Eflingar hjá SFV eru alls taldar kosta á bilinu 6-700 milljónir kr. skv. heimildum Morgunblaðsins.

Árni Stefán Jónsson, formaður

SFR, segir félögin hafa viljað að starfsmenn sjálfseignarstofnananna fengju einnig notið jafnlaunaáttaksins sem heilbrigðisstarfsmenn ríkisins í sambærilegum störfum fengu í mars 2013. Nú sé hugsanlega að opnast möguleiki á því en hann minnir á að umræddir starfsmenn hafi ekki notið jafnlaunaáttaksins í heilt ár. Því sé tekist á um afturvirknina við samningaborðið.

Ótímabundið verkfall

Viðsemjendur komu saman til sáttafundar kl. 13 í gær hjá ríkissáttasemjara. Náist ekki samkomu-

lag hefst ótímabundið allsherjarverkfall á hjúkrunarheimilum kl. 8 í fyrramálið.

Réttindamál starfsmanna hafa einnig verið eitt stærsta ágreiningsmálið í viðræðunum. Stéttarfélögin fara fram á að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gildi um félagsmenn þeirra sem starfa á sjálfseignarstofnunum innan SFV.

Miðað hefur í samkomulagsátt um þetta og var tveimur lögfræðingum viðsemjenda falið að fara yfir drög að texta um réttindi og skyldur sem verði hluti af væntanlegum kjarasamningi.

RÉTTINDI SÉU HLIDSTÆÐ

Pokast hefur í rétta átt

Réttindamál sjúkraliða og félaga í SFR á hjúkrunarheimilum innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu hafa verið eitt helsta ágreiningsmál kjaradeilunnar. Nú er farið að pokast nokkuð vel í samkomulagsátt um þetta, að sögn Árna Stefáns Jónssonar, formanns SFR. Hann segir að umræddar stofnanir hafi í gegnum tíðina viðurkennt í gegnum hliðarsamninga við stéttarfélögin eða ráðningarsamninga starfsfólks hliðstæð réttindi og kveðið er á um í lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Á seinustu árum hafi hins vegar æ meira borið á því að stofnanirnar hafi dregið þessi réttindi í efa. „Þá fórum við fram á að þetta yrði fært inn í kjarasamninginn svo það yrðu ekki nein vafamál um hvaða réttindi fólk hefði skv. texta kjarasamnings.“ Um er að ræða réttindi á borð við að starfsmanni sem brotið hefur af sér sé veitt áminning í stað umsvifalausrar uppsagnar.

ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT



CLIO DÍSil SJÁLFSKIPTUR
3,7 L/100 KM*
CO2 ÚTBLÁSTUR 95 GRÖMM

RENAULT CLIO DÍSil SJÁLFSKIPTUR – VERÐ 3.090.000 KR.

Renault Clio er einn vinsælasti bíllinn á Íslandi. Þegar fallegt útlit, ríkulegur staðalbúnaður, úrval sparneytinna bensin- og dísilvéla, hagstætt verð og einstök ný „Dual Clutch“ sjálfskipting smellur saman er ástæðan augljós. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault Clio.

*Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.



FRÍTT Í STÆÐI Á
MIÐBORGARSVÆÐINU



www.renault.is



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akureyri
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Án samráðs á lokasprettinum

● Grundvallarbreytingar gerðar á lögum um stjórn fiskveiða á sama tíma og heildarendurskoðun stendur yfir ● Rýmkað til fyrir togveiðum á grunnslóð ● LS vill skýringar frá sjávarútvegsráðherra

BAKSVÍÐ

Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbi.is



„Það er sérstaklega gagnrýni vert að grundvallarbreytingar skuli gerðar á lögum um stjórn fiskveiða á sama tíma og heildarendurskoðun á þeim stendur yfir,“ segir Örn Pálsson,



framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, um breytingar sem samþykktar voru á Alþingi á föstudagskvöld. Hann segir það sérstök vinnubrögð að flestar þessara breytinga hafi verið gerðar í skjóli umræðna um aflamark í úthafsreikju.

„Þessar breytingar eru gerðar án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila og enginn möguleiki var að komast að málinu á lokasprettinum síðasta sólarhringinn. Þegar ég frétti hvað væri á ferðinni óskaði ég eftir því að fá að koma athugasemdum á framfæri á fundi með atvinnuveganefnd þingsins, en því erindi var ekki svarað,“ segir Örn.

Vald til ráðherra

Hann nefnir nokkur atriði eins og fastsetningu á síldarafla í lagnet og hækkun leiguverðs á síld, afnám skötuselsákvæðisins sem heimilaði leigu á skötusel og aukinn aðgang stærri skipa með tiltekið vélarafl að veiðum nær landi en áður. Hann bendir á að engar tölur um afla er lengur að finna í ákvæðum um línuívilnun og strandveiðar og því í valdi ráðherra hverju sinni hversu mikið fer í hvern þátt.

Alls eiga 5,3% heimilda að fara í potta og byggðatengdar aðgerðir og er það hækkun frá því sem ráðherra nýtti áður. Engin meiri háttar breyting er fyrirhuguð um nýtingu á svonefndum pottum á komandi fiskveiði-



Morgunblaðið/Alfons

Á Kolgrafafirði Leyft verður að veiða 800 tonn af síld í lagnet og finnst framkvæmdastjóra LS það naumt skammtað.

ári, en stefnt er að því að áætlun um nýtingu þeirra til lengri tíma verði fyrst lögð fram á lögjafarþingi 2014-2015, segir í nefndaráli.

Kom eins og þruma úr heiðskíru lofti

Á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda segir að í nýjum lögum sé rýmkað til fyrir togveiðum á grunnslóð. Í raun hafi frumvarpið snúið að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða en umrædd grein fjalli hins vegar um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með breytingunni eru sjö skip með aflvísu (vélarstærð) lægri en 1.200, en lengri en 29 metrar, færð á milli flokka, sem veitir þeim rétt til aukinna veiða nær landi á sérstaklega tilgreindum svæðum.

Atvinnuveganefnd telur að rök standi til þess að miða fremur við aflvísu en lengd skipa. Á heimasíðu LS kemur fram að umrædd skip eru

LEYFILEGT AÐ FLYTJA Á MILLI KERFA

Betri nýting á ufsaheimildum

Með nýjum lögum verður leyfilegt að færa heimildir í tilteknum tegundum á milli krókaafلامarkskerfis og aflamarkskerfis enda séu skiptin jöfn í þorskígildum talið.

Örn segir að þetta geti verið til mikilla bóta og kom fram í greinargerð með frumvarpinu að síðustu ár hafi að meðaltali um 1.300 tonn af aflaheimildum í ufsa í krókaafلامarkskerfinu fallið niður ónýtt. Það verði þó að fara varlega varðandi slíkar kerfisbreytingar og gæta þess að útfærslan miðist ávallt að því að

styrkja krókaafلامarkskerfið. Þá hafi að jafnaði síðustu ár um 2.600 tonn af aflamarki í ýsu verið leigð frá aflamarkskerfinu til krókaafلامarkskerfisins þar sem langvarandi skortur á ýsuheimildum hefur verið til staðar. Jöfn skipti milli krókaafلامarkskerfis og aflamarkskerfis á grundvelli þorskígilda eru talin geta auðveldað flutning á ýsu frá aflamarkskerfi til krókaafلامarkskerfis.

Nýja heimildin í lögnum getur átt við um aðrar tegundir en ufsa og ýsu.

Valdimar GK, Tjaldanes GK, Grímsnes GK, Fjóla KE, Kristbjörg VE, Glófaxi VE og Grundfirðingur SH.

Á heimasíðunni segir að ekki verði annað séð en að breytingartillagan hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti. LS telur inngrípið vera einsdæmi og mun óska skýringa hjá sjávarútvegsráðherra um hvað hafi legið á bakvið ákvörðun nefndarinnar.

Umdeilt skötuselsákvæði ekki lengur í lögnum

Fyrir nokkrum árum var hluti af skötuselsafla tekinn út úr aflamarkskerfinu og boðinn til leigu. Í kjölfarið fylgdu hatrammar deilur, en slíkt ákvæði er ekki lengur í lögnum. Í ár eru um 1.200 tonn af skötusel til leigu og verðið er 176 krónur á kíló og segir Örn að þessi breyting geti haft erfiðleika í för með sér.

„Ef skötusalur fæst sem meðafla þurfa menn algerlega að reida sig á að geta leigt skötusel á markaði. Lengst af hefur slíkt tæpast verið mögulegt og verðið þá svimandi hátt.“

Naumt skammtað og ekki í samræmi við markmið laga

Nú er fest í lög að 800 tonn af síld verði leigð til útgerða smábóta og skal nú greiða 16 krónur í stað 13 króna áður. „Mér er lífsins ómögulegt að skilja hvers vegna verðið hækkar um 23% frá síðasta ári því þá lækkaði verð fyrir síld frekar en hitt,“ segir Örn.

„Í fyrra hefðum við getað veitt mun meira en þau 800 tonn sem við fengum úthlutað. Þessi 800 tonn, sem eru svipað eins og skip eins og Álsej VE landar úr einni veiðiferð, eru veidd af um 30 bátum og skapa vinnu fyrir um 40 manns á sjó. Í landi starfar svipaður fjöldi við vinnslu síldarinnar sem er einstök að gæðum og seld inn á kröfuharða markaði erlendis. Mér finnst það ekki í samræmi við markmið laganna um að efla atvinnu og byggð í landinu að skammta þetta svona naumt til þeirra sem veiða síld í lagnet.“

Fyrstu snjallheyrnartækin


ReSound LiNX™ eru fyrstu heyrnartækin sem tengjast þráðlaust beint við snjalltæki s.s. síma, spjaldtölvur og spilara.

Auk þess að vera mjög fullkomin heyrnartæki eru þau heyrnartól fyrir snjalltæki. Með þeim opnast endalausir möguleikar að streyma samtölum úr síma og tónlist eða öðrum tegundum hágæðahljóða beint í heyrnartækin úr snjalltækjunum.

Ný hönnun gerir þér kleift að fela ReSound LiNX™ ef þú vilt, eða monta þig af þeim ef þú vilt það frekar. Þau eru fingerð, þunn og fást í 10 mismunandi litum og tveimur gæðaflokkum.

Tímappantanir **534-9600**
Heimasíða **www.heyrn.is**

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA



Pantaðu tíma í heyrnargreiningu og fáðu heyrnartæki til reynslu

Hlíðasmára 11 • 201 Kópavogur • Sími 534 9600 • heyrn@heyrn.is

Enginn kennarskortur í borginni

Fyrir rúmri viku auglýsti Reykjavíkurborg eftir fleiri en 40 grunnskólakennurum en samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs hefur ekki borið á kennaraskorti í borginni. „Það er ekkert sem bendir til annars en að við náum að manna grunnskólana,“ segir Valgerður Janusdóttir mannauðsstjóri. Hún segir að vel hafi gengið að manna kennarastöður undanfarin ár og að fjöldi leiðbeinenda hafi verið í lágmarki.

„Kennarar eru ráðnir frá fyrsta ágúst ár hvert. Þannig að núna eru stjórnendur að sjá hver nemendafjöldinn verður, hvaða hreyfing verður á starfsfólki, og þá létum við þá vita að við myndum auglýsa, ef þeir vildu vera með í sameiginlegri auglýsingu,“ segir Valgerður. Hún segir að þegar hafi nokkur fjöldi umsókna borist en umsóknarfresturinn er tvær vikur.

Þjartsýn á að aðsókn aukist

Aðeins 20 útskrifast með grunnskólakennararéttindi frá Háskóla Íslands í vor en það er umtalsverð fækkun frá því sem var. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem skólinn brautskráir nemendur eftir að ný lög um lengingu námsins í fimm ára meistaranám tóku gildi og eru menn þjartsýnir á að aðsókn muni aukast. „Við erum allveg einhuga í því að



Morgunblaðið/Eggert

Skólafljör Vonir eru bundnar við að aðsókn í kennaranámið aukist.

Þetta hafi verið rétt ákvörðun að lengja námið,“ segir Gunnhildur Óskarsdóttir, forseti Kennaradeildar. „Þetta var vitað fyrirfram, að það myndi engin útskrifast í fyrra og að það yrðu aldrei eins stórir árgangarnir fyrst eftir svona mikla breytingu á náminu,“ segir Sigríður Pétursdóttir deildarstjóri.

Sigríður segir að sama hafi gerst þegar kennaranámið var flutt af framhaldsskólástigi upp á háskólastig en bendir á að til að mæta breyttum aðstæðum hafi námsleiðum verið fjölgað. Nú geti fólk með BA- eða BS-próf bætt við sig meistaranámi „hvort sem það vill verða leikskóla-, grunnskóla- eða háskóla-kennari“. holmfriður@mbi.is



Morgunblaðið/Eggert

Í **sundi** Útilaug verður byggð við Sundhöllina í Reykjavík.

Útilaug byggð við Sundhöllina

● Sundlaugar opnar lengur í sumar

Samþykkt var á fundi borgarráðs í gær deiliskipulag vegna byggingar útilaugar við Sundhöllina í Reykjavík. Laugin verður teiknuð á grundvelli verðlaunatillögu sem var valin í nóvember 2013. Í tillöggunni er gert ráð fyrir 25 metra langri útisundlaug, nýjum pottum, vaðlaug, nýju eimbaði og annarri aðstöðu til heilsuræktar. Gömlu búningasklefnir eru friðaðir og verða þeir notaðir áfram en karla-klefinn verður stækkaður og nýr búningasklefi fyrir konur byggður.

Þá samþykkti borgarráð á fundi sínum í gær einnig að veita íþrótt- og tómstundasviði fimm milljónir króna svo lengja mætti þann tíma sem sundlaugar verða opnar í sumar. Opið yrði í tveimur laugum, Vesturbæjarlaug og Árbæjarlaug, til klukkan 20 um helgar yfir sumarmánuðina þrjá sem er lenging um klukkustund frá því í fyrra. Í öðrum laugum verður opið til kl. 19 en í Laugardalslaug til kl. 22.

Veðja á Finnaþfarðarhöfn

- Þýskt fyrirtæki fjármagnar rannsóknir í Finnaþfirði fyrir hundruð milljóna
- Framkvæmdir gætu hafist 2018 ● Fyrirséð að stórskipaumferð mun aukast

Una Sighvatsdóttir
una@mbl.is

„Það má segja að með þessu verkefni og öðrum af sama toga sem menn eru að skoða, allt frá Eyjaþfirði að suðurkjörðum Vestfjarða, þá breytist staðsetning Íslands úr því að verða vandamál og hindrun í að verða einn af okkar helstu styrkleikum. Landið er í því, sem kalla mætti miðpunkt flutningaleiða framtíðar, milli þessara þriggja risamarkaða í Austur-Asíu, Vestur-Evrópu og á vesturströnd Bandaríkjanna. Þannig að þetta er vissulega söguleg stund,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra um fyrirhugaða stórskipahöfn í Finnaþfirði.

Samstarfssamningur var undirritaður í gær milli Langesbyggðar, Vopnaþfarðarhrepps, verkfræðistofunnar EFLU og þýska fyrirtækisins Bremenports um rannsóknir og þróun á mögulegri umskipunar- og þróunarhöfn í Finnaþfirði. Áætlað er að heildarkostnaður við rannsóknirnar næstu árin muni nema nokkur hundruð milljónum króna.

Framkvæmdir gætu hafist 2018

Á þessu ári verður megináhersla lögð á söfnun gagna vegna umhverfismats, frumhönnunar og skipulags hafnarinnar. Gróður og fuglalíf á mjög stóru svæði í og við Finnaþfjörð verða skoðuð, gerðar jarðtæknilegar athuganir og veðurstöðvum komið fyrir á svæðinu og í mælibaujum. Þá verða gerðar nákvæmar landmælingar og kort.

Á næsta ári halda lífríkisrannsóknir áfram auk þess sem fornleifa-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Undirritun Fulltrúar Bremenports, Langesbyggðar, Vopnaþfarðarhrepps og EFLU undirrituðu samninginn að viðstöddum forsætisráðherra og iðnaðarráðherra. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði það sögulega stund.

HAFI MIKLA TRÚ Á VERKEFNINU

Horfa til framtíðar í Finnaþfirði

Robert Howe, forstjóri Bremenports, segir enn of snemmt að segja til um hvort verkefnið verði að veruleika, en fyrirtækið hafi mikla trú á því. „Við þurfum orku, við þurfum flatlendi og við þurfum gott siglingasvæði. Finnaþfjörður er fullkominn að þessu leyti.“ Að auki sé fjörðurinn við norðurausturleiðina svo nefndu þar sem skipaumferð muni aukast. „Ekki á næstu 2-3 árum en til framtíðar er alveg ljóst að þessi leið mun hafa gríðarleg áhrif á siglingar í heiminum.“



Robert Howe

rannsóknunum verður sinnt. Einnig verður lífríki fjöru og fjarðar rannsakað. Frumhönnun hafnarinnar mun hefjast sem og frumskoðun innra skipulags hafnarssvæðisins. Líklegt er að formlegt umhverfismatsferli geti hafist árið 2016 og má reikna með að það taki alls 2 ár. Gangi allt eftir gætu framkvæmdir við Finnaþfjörð hafist árið 2018.

Sigmundur Davíð segir allt útlit fyrir að Finnaþfjörður sé sérlega góð staðsetning fyrir slíka höfn. „Svo ef rannsóknirnar leiða ekkert óvænt í ljós, heldur staðfesta það sem menn telja rétt, þá má gera ráð fyrir að þetta verði að veruleika.“

Audi
Vorsprung durch Technik

**Lítur alltaf vel út.
Líka í myrkri.**

Audi Q3 lýsir upp veginn í orðsins fyllstu merkingu með glæsilegum framljósum sem bregðast sjálfkrafa við breytingum á birtuskilyrðum. Þetta er enn eitt dæmið um þá stefnu Audi að láta útlit og innihald alltaf haldast í hendur. Audi Q3 kostar frá kr. 7.590.000.

SKOÐANAKÖNNUN

NÆSTI BORGARSTJÓRI



Dagur með yfirgnæfandi fylgi

● Ný könnun Félagsvísindastofnunar á fylgi við borgarstjóraefni framboðslista í Reykjavík ● 63% vilja Dag B. Eggertsson ● Er með mun meira fylgi en Samfylkingin ● 19% vilja Halldór Halldórsson

BAKSVIÐ

Guðmundur Magnússon
gudmundur@mbl.is



Flestir kjósendur í Reykjavík vilja að Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, verði næsti borgarstjóri. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem Félagsvísindastofnun Háskólans gerði fyrir Morgunblaðið á fylgi við borgarstjóraefni framboðslistanna í höfuðborginni. Stuðningur við Dag hefur aukist jafnt og þétt í öllum könnunum frá því í nóvember.


Úr 58% í 63%

Samkvæmt könnuninni sem gerð var dagana 12. til 15. maí vildu 63% þátttakenda, sem afstöðu tóku, Dag sem næsta borgarstjóra. Í könnun fyrir tíu dögum voru 58% sama sinnis. Persónufylgi Dags er langtum meira en fylgi Samfylkingarinnar í Reykjavík en það hefur þó einnig aukist verulega. Í könnun sem birt var hér í blaðinu í gær var Samfylkingin með 34,1% fylgi og hefur það aldrei verið meira.

Óbreytt fylgi

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna, er með 19% fylgi í borgarstjóraembættið sem er sama og síðast. Fylgi við hann var mest í könnun í febrúar þegar það mældist 25,2%. Fylgi Halldórs núna er litlu minna en fylgi Sjálfstæðisflokksins í borginni sem hefur minnkað verulega að undanförnu. Það var 21,5% í könnuninni sem birt var í gær.

Hvern vilt þú helst sjá sem borgarstjóra?



*Könnun Félagsvísindastofnunar HÍ fyrir Morgunblaðið 12.-15. maí 2014.

6,3% vilja Björn Blöndal

Sex aðrir frambjóðendur voru nefndir á nafn í könnuninni, en stuðningur við þá í borgarstjórastólinn er mun minni en við Dag og Halldór. 6,3% nefndu S. Björn Blöndal, oddvita Bjartrar framfátíðar, og 3,8% Sóleyju Tómasdóttur, oddvita Vinstri grænna. Í báðum tilvikum njóta þessir oddvitar minna fylgis en framboðslistar flokka þeirra. Björt framtíð var í könnuninni í gær með 22,2% fylgi og VG 6,3%.

Í kringum 1% þátttakenda og

færri nefndu Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Framsóknarflokksins og flugvallarvina, Halldór Auðar Svansson, oddvita Pírata, Porleif Gunnlaugsson, oddvita Dögunar, og Porvald Þorvaldsson, oddvita Alþýðufylkingarinnar. Aðrir eru ekki nafngreindir.

Nær 30% óákveðin

Tvær leiðir voru notaðar til að ná til kjósenda. Annars vegar var hringt í 400 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá meðal fólks á aldrinum 18 ára og eldra. Hins vegar var send netkönnun til 800 manna úr-

taks úr netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Alls fengust 762 svör frá svarendum á aldrinum 18-91 ára og var svarhlutfall 66%. Vigtadur svarendafjöldi var sömuleiðis 762.

Af heildinni reyndust 29,4% þátttakenda ekki hafa gert upp hug sinn til borgarstjóraefnanna. Það er mun hærra hlutfall en óákveðinna þegar spurt er um stuðning við einstaka framboðslista. Í Reykjavík-urkönnuninni sem birt var í gær voru um 14% þátttakenda óákveðin.

Fylgi við Dag B. Eggertsson er

mun meira meðal kvenna en karla. Vilja 68% kvenna hann sem borgarstjóra en 58% karla. Fylgi kynjanna við Halldór er hins vegar hnífjafnt.

7% ungra vilja Halldór

Verulegur munur er á afstöðu yngstu kjósendanna, fólks á aldrinum 18 til 29 ára, til oddvita tveggja. Aðeins 7% styðja Halldór Halldórsson, en 68% Dag B. Eggertsson. Munurinn á þeim er minni í elsta aldurshópnum, meðal kjósenda 60 ára og eldri. Styðja 30% í þeim hópi Halldór, en 57% Dag. Halldór hefur minni stuðning

Margir vilja fá bæjarstjórastól

- Með um milljón og meira í laun
- Stökkpallur til annarra verkefna

Störf bæjarstjóra eða sveitarstjóra eins og þau nefnast sums staðar eru meðal hinna eftirsóttustu á landinu. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Laun og hlunnindi þykja með ágætum og störfin skapa framgjörnu fólki tækifæri til athafna og útrásar. Þau eru og gjarnan stökkpallur til þingmennsku eða áhuga-verðra verkefna í atvinnulífnum.

66 með framkvæmdastjóra

Sveitarfélögin eru 74 að tölu. Alls eru 66 sveitarfélög með ráðinn framkvæmdastjóra en í átta sveitarfélögum sér oddviti sveitarstjórnar um framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Algengast er að laun fyrir þessi störf séu 900 þúsund til ein milljón á mánuði. Ýmist koma sveitarstjórnir úr röðum forystumanna flokkanna sem mynda meirihluta hverju sinni eða ráðið er í störf eftir auglýsingu.

Með milljón á mánuði

Stærstu sveitarfélögin, með 15 þúsund íbúa eða fleiri, eru fjögur, og fimm sveitarfélög eru með íbúa-

fjöldi á bilinu fimm til fimmtán þúsund. Það er í þessum sveitarfélögum sem best launuðu embættin er að finna. Í kjarakönnun sem Samband íslenskra sveitarfélaga birti fyrir stuttu kom í ljós að mánaðarlaunin í síðarnefndu sveitarfélögunum eru með hlunnindum að lágmarki ein milljón króna. Hlunnindi felast yfirleitt í föstum bifreiðastyrk, fríum bíl, fríum síma, risnu og þátttöku í greiðslu húsnæðiskostnaðar.

Um kjör bæjarstjóra í stærstu sveitarfélögunum segir í skýrslunni: „Mánaðarlegar greiðslur til þeirra með yfirvinnu og föstum launagreiðslum eru í þremur tilvikum 1.100-1.199 þús.kr. og í einu yfir 1.199 þús.kr. á mánuði. Hlunnindi framkvæmdastjóra á mánuði í þessum sveitarfélögum eru frá minna en 50 þús.kr. upp í 150-199 þús.kr.“

Mánaðarlaun eða fundagreiðslur

Greiðslufyrirkomulag til kjörinna sveitarstjórnarmanna er mjög mis-



SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

embætti borgarstjóra í Reykjavík samkvæmt nýrri könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir Morgunblaðið. Sögðust 63% þátttakenda sem afstöðu tóku vilja hann sem borgarstjóra. Halldór Halldórs-son, oddviti sjálfstæðismanna, nýtur fylgis um 19% kjósenda. Persónufylgi Dags er mun meira en fylgi Samfylkingarinnar sem þó hefur aukist verulega að undanfögnu og var 34% í könnun sem birt var í gær.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylk-
ingarinnar, nýtur yfirburðafylgis í



Borgarstjórar Eftir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 2010 tóku Besti flokkurinn og Samfylkingin upp meirihlutasamstarf. Þá var þessi mynd tekin af oddvitunum, Jóni Gnarr sem varð borgarstjóri og Degi B. Eggertssyni sem varð formaður borgarráðs. Jón Gnarr lætur af embætti í næsta mánuði.

meðal háskólamenntaðra kjósenda en nemur meðalfylgi hans. Vilja 12% úr þessum hópi hann sem borgarstjóra, en 67% vilja Dag. 28% þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn í síðustu borgarstjórnarkosningum vilja Dag sem borgarstjóra. Sama er að segja um fimmtung þeirra sem ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn til þings.

Gamalt embætti

Fráfarandi borgarstjóri, Jón Gnarr, er hinn 21. í rúmlega hundrad ára sögu embættisins. Dagur B. Eggertsson, sem líklega verður arf-

taki hans, gegndi embætti borgarstjóra í nokkra mánuði 2007 til 2008. Fyrsti borgarstjóri Reykvik-inga var Páll Einarsson. Hann gegndi embættinu frá 1908 til 1914. Enginn hefur setið jafnlengi á stól borgarstjóra og arftaki Páls, Knud Zimsen. Hann var borgarstjóri í 18 ár, til 1932. Tveir hafa verið borgarstjórar í þrjú kjörtímabil, Gunnar Thoroddsen frá 1947 til 1959 og Geir Hallgrímsson frá 1959 til 1972.

Æðsta embættið

Borgarstjórnin í Reykjavík er æðsti yfirmaður starfsmanna

Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri er ráðinn af borgarstjórn og getur verið borgarfulltrúi. Sé hann borgarfulltrúi hefur hann skyldur sem slíkur einnig. Borgarstjóri gegnir þremur meginhlutverkum. Hann er framkvæmdastjóri Reykjavíkurborgar, opinber fulltrúi Reykjavíkurborgar og pólitískur leiðtogi meirihlutans.

Borgarstjóri hefur rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með málfrelsi og tillögurétt. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráð-

stafanir sem samþykki borgarstjórnar þarf til.

Tólf ár í borgarstjórn

Dagur B. Eggertsson var fyrst kjörinn í borgarstjórn fyrir tólf árum, vorið 2002, þá sem fulltrúi Reykjavíkurlistans. Hann er 41 árs gamall, fæddur í Osló 19. júní 1972. Hann ólst upp í Árbæjarhverfi, sonur Eggerts Gunnarssonar dýralæknis og Bergþóru Jónsdóttur lífefnafræðings. Maki Dags er Arna Dögg Einarsdóttir lækni á Landspítalanum – háskóla-sjúkrahúsi.



Embætti Borgarstjóri tekur við embættiskeðjunni að gjöf árið 1967

Keðja borgarstjóra er frá 1967

Við hátíðleg tækifæri ber borgarstjórnin í Reykjavík sérstaka embættiskeðju. Þetta er þó ekki gamall síður. Hugmyndin kviknaði í tengslum við aldarafmæli Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík fyrir tæplega hálfri öld. Fékk félagið Leif Kaldal gullsmíð til að smíða slíka keðju og afhenti formaður félagsins, Ingólfur Finnbogason, Geir Hallgrímssyni borgarstjóra gjöfina á afmælisdegi félagsins 6. febrúar 1967. Myndin hér að ofan er tekin við það tækifæri.

Borgarstjórakeðjan er vönduð smíð. Hún er skreytt táknum á hringlaga skjöldum fyrir tíu þætti borgarlífsins auk skjaldarmerkis Reykjavíkurborgar. Táknin eru þessi. Tannhjól og hamar fyrir iðju og iðnað, vængjuð húfa Merkúrs fyrir verslun, haki og skófla fyrir verkamannavinnu, seglbátur fyrir sjósókn, ax og páll fyrir jarðyrkju, uglas fyrir bókmennntir, grímur harms og gleði fyrir leiklist, stafur og slanga fyrir læknavísindi, vog fyrir lögspeki og kaleikur fyrir trúarbrögð. *gudmundur@mbl.is*



Sveitarfélög Sveitarstjórnarmenn þungt hugsi á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þeir glíma við fjölbreytt viðfangsefni,

jafnt eftir sveitarfélögum. Í þeim stærstu er greidd er föst upphæð á mánuði. Mánaðarlegar greiðslur eru í einu tilviki 100-124 þús.kr., í tveimur tilvikum 150-174 þús.kr. og

í einu tilviki, Reykjavík, meira en 200 þús.kr. á mánuði. Greiðslurnar eru mun lægri í litlum sveitarfélögum og yfirleitt er þar greitt fyrir hvern fund sem setinn er.

20 % afsláttur af Rubelli hægindastólum til mánaðarmóta !

fast verð á heimsendingu 5.000 um allt land !



okkar langvinsælustu hægindastólar !



Rubelli stóllinn er með svifruggu, snúning og gormum í sæti. Hann fæst í 3 leðurlitum og 5 taulitum.

verð í microf. áklæði: kr. 89.000

nú aðeins: kr. 71.200

verð í linen áklæði: kr. 109.000

nú aðeins: kr. 87.200

verð áklæddur leðri: kr. 139.000

nú aðeins: kr. 111.200

www.innlit.is

Ármúla 5 - 108 - Reykjavík sími - 544 8181

innlit

H Ú S G Ö G N

eru líkylapreiði

 OMX J6	826 -0.6%	 OMX C	707 0.8%	 OMX H	2.919 0.8%	 Dow Jones	16.374 -0.8%	 FTSE	6.802 -0.6%
--	-----------	---	----------	---	------------	---	--------------	--	-------------

Áhættan verði ekki hengd á Ísland

● Hæstaréttarlögmaður segir að það skaði „ekki trúverðugleika Íslands að fara að lögum“ við uppgjör slitabúa ● Takist ekki nauðasamningar þurfa stjórnvöld að vera tilbúin að vinna út frá þeirri stöðu

BAKSVIÐ

Hörður Ægisson
hordur@mbl.is



Erlendir kröfuhafar föllnu bankanna hafa notið þess „aðstöðumunar“ að hafa haft betra tækifæri en aðrir að ná til sín takmörkuðum erlendum gjaldeyri þjóðarbúsins. Hann birtist meðal annars í því að slitabúin eru undanþegin skilaskyldu gjaldeyris.

Þetta kom fram í máli Heiðars Más Guðjónssonar, hagfræðings og fjárfestis, en hann var einn fram-sögumanna á fundi Félags viðskipta- og hagfræðinga í gær, þar sem rætt var um losun fjármagnshafta og hvaða leið væri skynsamlegast að fara við uppgjör slitabúa bankanna.

Heiðar benti á að oft væri haldið á lofti „missögnum“ sem væru til þess fallnar að „rugla“ umræðuna. Þannig væri því stundum haldið fram að það jafngilti „eignaupptöku“ að veita ekki búunum heimild til að greiða út gjaldeyrisseignir til kröfuhafa. „Afnám sérreittinda er hins vegar ekki eignaupptaka“, sagði Heiðar.

Hann telur að það blasi við að slitastjórnirnar þurfi að óska eftir



Morgunblaðið/Þórður

Pallborð Sigurður, Eiríkur, Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahags-sviðs Samtaka atvinnulífsins, og Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.

gjaldþroti í stað þess að ljúka uppgjöri búanna með nauðasamningi – en þannig sé tryggt að allir njóti jafnræðis undir fjármagnshöftum.

Vilhjálmur Þorsteinsson, fjárfestir og gjaldkeri Samfylkingarinnar, sagðist í erindi sínu óttast að gjaldþrotaleiðin svonefnda, eða „Kjarnorkukosturinn“ líkt og hann kaus að kalla hana, hefði ýmsar ófyrirséðar afleiðingar í för með sér, þar sem kröfuhafar myndu fara fram á kyrrsetningu erlendra eigna slitabúanna ef flytja ætti þær til Íslands og skipta í krónur.

Eiríkur Svavarsson hæstaréttar-

lögmaður sagði í pallborðsumræðum að það þyrfti að nálgast þau mál er vörðugu slitabúin og losun hafta með heildarlaun í huga – ekki aðeins fyrir kröfuhafa heldur með hagsmuni íslenska þjóðarbúsins að leiðarljósi. Það gæti ekki verið skynsamlegt út frá áhættusjónarmiðum að ráðast í afnám hafta og „hengja áhættuna“ alfarið á íslenskan almenning.

Stjórnvöld hafa ekki skoðun

Á fundinum var rætt talsvert um hvaða afleiðingar það kynni að hafa fyrir trúverðugleika Íslands í hinum alþjóðlega fjármálaheimi ef búin

Afnám hafta og slitabú

» Heiðar Már segir kröfuhafa hafa notið þess að búa við „aðstöðumun“ sem hefur veitt þeim betra tækifæri að ná til sín gjaldeyri þjóðarbúsins.

» Sigurður Hannesson segir stjórnvöld ekki þurfa að hafa sérstaka skoðun á leiðum við uppgjör búanna.

ar væntingar til greiðslu í gjaldeyri.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri eignastýringar MP banka, rifjaði upp að það hefðu verið ríkir hagsmunir fyrir því að höftunum var komið á á sínum tíma – og sá „þyngjandi fortíðarvandi“ væri enn til staðar. Á meðan hann væri enn óleystur þyrftu allar undanþágu-beiðnir frá höftum að taka tillit til áhrifa þess fyrir allt þjóðarbúið ef tilteknum aðilum væri hleypt undan höftum. Sigurður sagði jafnframt að það væri ekki hlutverk stjórnvalda að hafa sérstaka skoðun á því hvor leiðin yrði farin við uppgjör búanna – nauðasamningar eða gjaldþrot. Það gæti þó orðið sú atburðarás að ekki tækist að ljúka nauðasamningum og þá þyrftu stjórnvöld að vera tilbúin að vinna út frá þeirri stöðu.

Samtals nema eignir föllnu bankanna ríflega 2.500 milljörðum króna og þar af eru um tveir þriðju í erlendum gjaldeyri. Tilraunir slitastjórna Glitnis og Kaupþings til að ljúka uppgjöri með nauðasamningum og í kjölfarið útgreiðslu gjaldeyris til kröfuhafa hafa ekki gengið eftir. Ekki hefur fengist undanþága frá höftum frá Seðlabankanum.

Kjaradeila bítur í gengi Icelandair

● Gengi Icelandair hefur hækkað mikið á nokkrum árum

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@mbl.is

Gengi Icelandair Group hefur lækkað um 12% á þremur mánuðum, þar af 4% í gær, en félagið á í harðri kjaradeilu við um 40% starfsmanna sinna, samkvæmt samantekt Arion banka. Starfsmennirnir hafa gripið til verkfallsaðgerða og yfirvinnubanns sem raskað hefur flugáætlun við upphaf ferðamannatímabilsins og kostað félagið fjármuni. Sérfræðingur segir við Morgunblaðið að „óvissan í kringum Icelandair heldur markaðnum í gislingu“ enda hafi alla jafna verið mest velta með bréf fyrirtækisins. Úrvals-vísitalan hefur lækkað um 7% á sama tíma.


Hafa ber í huga að Icelandair Group greiddi 2,15 milljarða króna í arð til hluthafa sem leiddi til lítils háttar gengislækkunar sökum rýrnunar á eigin fé. Aftur á móti hafa bréf Icelandair hækkað mikið á undanföllum árum og langtíma fjárfestar hafa því hagnast vel, líkt og sjá má á meðfylgjandi töflu. Lifeyrissjóðir eru áberandi í hluthafahópi Icelandair Group. Þeir sem hafa selt bréf sín núna gætu því hafa kosið að innleysa ágætán hagnað.

Hátt í 90 ferðir felldar niður

Fram kom í Morgunblaðinu í gær að hátt í 90 flugferðir hefðu verið felldar niður hjá Icelandair vegna verkfallsaðgerða flugmanna og herma heimildir blaðsins að hætta sé á að 100 ferðir í viðbót falli niður fyrir áramót. Flugmenn samþykktu verkfallsaðgerðir í lok apríl og hófst fyrsta tímabundna verkfallið 9. maí.

Samkvæmt útreikningum Arion banka, sem sendir voru til viðskiptavina í liðinni viku, er ósamið við rúmlega 1.100 starfsmenn Icelandair. Þar af 330 flugmenn, tæplega 500 flugfreyjur (í færri stöðugildum) og um 300 flugvirkja. „Alls eru þetta um 40% starfsmanna félagsins sem ósamið er við, en að okkar mati má gera ráð fyrir að yfir helmingur alls launakostnaðar

Gengispróun Icelandair Group



Hluthafar

» Lifeyrissjóður verslunarmanna er stærsti hluthafi Icelandair Group með 15%.

» Hlutabréfasjóðurinn Stefnir ÍS-15 er næststærstur með 11% hlut.

» Lifeyrissjóður starfsm. ríkisins, A-deild, á 7% hlut.

félagsins tilheyrir þessum starfsstéttum. Samanber að 92 af 100 launahæstu starfsmönnum Icelandair eru flugmenn. Heildarkostnaður launa og launatengdra gjalda nam tæplega 240 milljónum dollara á síðasta ári eða 27% af heildarkostnaði félagsins,“ segir í bréfi Arion banka.

Stjórnendur Icelandair hafa tilkynnt að ekki sé hægt að segja til um hversu mikil áhrif aðgerðirnar hafa fyrir en þær séu yfirstaðnar. Hinn 6. maí var upplýst að áætlað tap Icelandair Group vegna boðaðs verkfalls

Félags íslenskra atvinnuflugmanna næmi um 13-15 milljónum dollara eða um 1,5-1,7 milljörðum króna, ef verkfallið varaði allan þann tíma sem það hefði verið boðað. Hinn 11. maí var aftur á móti tilkynnt að verkfall, yfirvinnubann og aðrar aðgerðir flugmanna hefðu leitt til þess að aflýsa hefði þurft fleiri flugferðum en gert hefði verið ráð fyrir. Héldu aðgerðirnar áfram mundu þær því hafa verri áhrif á afkomu Icelandair Group en áður hefði verið greint frá. Lög voru sett á verkfall flugmanna 15. maí en yfirvinnubann stendur enn.

Rétt er að taka fram að í ofangreindri fjárhæð eru áætlaðar tapaðar tekjur að fráðregnum sparnaði vegna niðurfelldra flugferða auk beins áætlaðs kostnaðar vegna aðstöðvar við farþega. Í fjárhæðinni eru hvorki hugsanleg áhrif yfirvinnubanns né áhrif verkfallsins á bókanir og tekjur félagsins á þeim dögum sem verkfallið stendur ekki yfir. Jafnframt er ekki tekið tillit til hugsanlegra langtímaáhrifa verkfallsins á Icelandair Group og Ísland almennt sem áfangastaðar fyrir ferðamenn.



K 2.21
110 bór max
360 ltr/klst



K 4.200
130 bór max
450 ltr/klst



K 5.700
140 bór max
460 ltr/klst



T 400
Snúningsdiskur
Fyrir pallinn, stéttina o.fl.



K 7.700/K 7.710
160 bór max
600 ltr/klst



RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

OMX N40	1.326	0,6 %	OMX S	1.381	0,1 %	OSEBX	592	-0,5 %	Nasdaq	4.097	-0,7 %	DAX	9.639	-0,2 %
---------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-----	--------	--------	-------	--------	-----	-------	--------

Ráðherra vill skoða sölu á hluta Landsvirkjunar

Stefna skal að því að afnema ríkisábyrgð á skuldbindingum Landsvirkjunar og liður í því gæti verið sala á hluta fyrirtækisins. Þetta kom fram í máli Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, á ársfundi Landsvirkjunar í gær.

„Það er mikilvægt að Landsvirkjun standi til boða alþjóðlega samkeppnishæf kjör án ríkisábyrgðar,“ sagði Bjarni í ræðu sinni, „og að lokum hljótum við að stefna að því að afnema

ríkisábyrgðina.“ Liður í að hraða því ferli væri hugsanlega að fá meðeigendur að félaginu. „Í því sambandi mætti hugsa sér að Landsvirkjun gæti verið ákjósanleg eign fyrir lífeyrissjóði til lengri tíma í dreifðu eignasafni,“ sagði ráðherrann.

Í ræðunni benti fjármálaráðherra jafnframt á mikilvægi þess að Landsvirkjun þjónustaði fjölbreyttari starfsemi og dreifði með því áhættunni í rekstrinum.



Morgunblaðið/Ómar

Ársfundur Fjármálaráðherra vill afnema ríkisábyrgð Landsvirkjunar.

Prír bankar sakaðir um að brengla Euribor-vexti

Prír bankar, Credit Agricole, HSBC og JPMorgan, hafa verið sakaðir um að hafa haft ólögleg áhrif á millibankavexti í evrum, Euribor-vexti.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins greindi frá því í gær að rannsókn á málinu benti til þess að bankarnir hefðu brotið samkeppnislög „með því að sammælast um að hafa áhrif á verðlagningu á vaxtaafleiðum í evrum,“ eins og það er orðað. Það hafi verið gert „með það að

markmiði að brengla eðlilegt verðlagningarferli á vaxtaafleiðum í evrum.“

HSCB og JPMorgan svöðuð því strax til að bankarnir hygðust verjast ásökunum af fullum krafti, á meðan Credit Agricole kvaðst þurfa að kynna sér málið betur. Í desember sektaði Evrópusambandið sex banka um 1,7 milljarða evra, 263 milljarða króna, fyrir hlutdeild í að eiga við verðlagningu vaxta með óeðlilegum hætti.

STUTTAR FRÉTTIR



Morgunblaðið/Golli

Starfsmenn Hampiðjunnar í Reykjavík önnur kafnir við vinnu.

Hampiðjan kaupir félag í Bandaríkjunum

● Hampiðjan USA, sem er í eigu Hampiðjunnar, hefur keypt **65% hlut** í neta-verkstæðinu Swan Net L.L.C í Seattle í Bandaríkjunum fyrir **2,3 milljónir dollara** eða 260 milljónir króna.

Prír stofnendur ásamt einum smærri meðeiganda hafa verið eigendur Swan Net frá stofnun þess 1995 og keypti Hampiðjan hlut **tveggja** þeirra í samráði við þriðja aðaleigandann og framkvæmdastjórnann, Seamus Melly, segir í tilkynningu. Hann mun áfram eiga sinn upprunalega hlut sem er 32,5%. Kaupverðið hefur verið greitt að fullu.

Swan Net þjónar aðallega uppsjávarflotanum sem gerður er út frá Seattle og Dutch Harbor í Alaska og veidir meðal annars alaskaufsa.

Stofna rannsóknasetur um ál og efnisvísindi



Ragnheiður Elín Árnadóttir

Á ársfundi Samtaka álframleiðenda á Íslandi, Samáls, var skrifað undir viljayfirlýsingu um stofnun á rannsóknasetri um ál og efnisvísindi.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og fulltrúar Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöðvar og Samáls undirrituðu samninginn, segir í frétt mbl.is.

Fyrir hvert eitt starf í álveri verður til eitt og hálf starf annars staðar í hagerfinu að sögn Ragnheiðar. Hún vill sjá þetta hlutfall **hækka** á næstunni og sagði alla virðisæðju álsins vera þar undir.



Skannaðu kóðann til að sjá gengið eins og það er núna á

mbl.is

Gengisskráning	20. maí 2014		
	Kaup	Sala	Mið
DOLLARI	112,4	112,94	112,67
STERLINGSPUND	189,23	190,15	189,69
KANADADOLLARI	103,19	103,79	103,49
DÖNSK KRÓNA	20,618	20,738	20,678
NORSK KRÓNA	18,939	19,051	18,995
SÆNSK KRÓNA	17,045	17,145	17,095
SVISSN. FRANKI	126,01	126,71	126,36
JAPANSKT JEN	1,1091	1,1155	1,1123
SDR	173,65	174,69	174,17
EVRA	153,92	154,78	154,35
MEDALGENGI/VIÐSKIPTAVOG PRÖNG			205,838

Heimild: Seðlabanki Íslands



HEIMILISTÆKJADAGAR Í FÖNIX



20% afsláttur



FÖNIX Hátúni 6a • 105 Reykjavík • Sími 552 4420 • www.fonix.is

Elska prest eða munk og biðja páfa um hjálp

Frans páfi láti afnema einlífisheitið

● Vígðir menn í kirkjunni eru ókvæntir

Frans páfi hefur fengið óvenjulegt bréf frá 26 ítölskum konum sem segjast vera núverandi eða fyrrverandi ástmeyjar presta eða munka sem þær elska og vilja fá að njóta ásta með. Þær biðja páfa um að beita sér fyrir því að loforð nær allra vígðra manna innan kaþólsku kirkjunnar um einlífi verði afnumið.

Einlífið var lögfest innan kirkjunnar fyrir tæpum þúsund árum, opinberlega var markmiðið m.a. að tryggja að prestar einbeittu sér að köllun sinni, boðun trúarinnar en ekki jarðbundnari málum.

Konurnar 26 segjast hafa náð saman með aðstoð samskiptamiðla og eru þær sannfærðar um að mun fleiri konur séu í sömu stöðu. Þær undirrita bréfið að sögn La Stampa með fornafrni sínu og fyrsta bókstaf í eftirnafninu, nefna einnig heimabyggð sína. Blaðið segir hins vegar að utan á umslaginu hafi þær gefið

upp full eftirnöfn sín og símanúmer. „Við elskum þessa menn og þeir elska okkur,“ segir í bréfinu. „Í flestum tilfellum er ekki hægt að gefa upp á bátinn samband sem er svo tryggt og fagurt, jafnvel þótt fólk leggi sig fram við að hætta. Því miður fylgir þessu allur sársaukinn í kjölfar þess að geta ekki lifað fullu og eðlilegu lífi.“

Einlífið er ekki jafnmikil grundvallarhefð og margt annað í kenningum kirkjunnar og því auðveldara að afnema það. Frans páfi hefur á stuttum valdaferli sínum vakið athygli fyrir að setja spurningarmerki við ýmislegt í stefnu Páfagarðs, ekki síst varðandi neikvæða afstöðu til samkynhneigðar. Hann hefur einnig lýst sig reiðubúinn að ræða einlífið. Þess má geta að nú geta prestar ensku biskupakirkjunnar gerst kaþólskir og séu þeir giftir fyrir lífa þeir áfram í hjónabandi. *kjon@mbl.is*



Málin rædd Kaþólskir biskupar á ráðstefnu í Páfagarði um sl. helgi. Purpurarauð kollhúfan er eitt af embættistáknum þeirra.

BRETLAND

Framsal hryðjuverkamanna taki skemmri tíma

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hvatti í gær til þess að ferlið sem notað er þegar afbrota-menn eru framseldir til annara landa yrði stýtt. Róttækur múslím-aklerkur, Abu Hamza al-Masri, var í vikunni dæmdur sekur um aðstoð við mannrán og hryðjuverk fyrir dómi í New York.

Hamza, sem er 56 ára, gæti hlotið ævilangt fangelsi en dómur verður kveðinn upp í september. Tíu ár eru liðin frá því að Bandaríkjamenn kröfðust framsals Hamza frá Bretlandi. *kjon@mbl.is*

BÓLÍVÍA

Forseti semur við atvinnulið í fótbolta

Evo Morales, forseti Bólívíu, er 54 ára. En eitt af bestu knattspyrnuliðum landsins, Sport Boys, hefur nú gert atvinnu-mannasamning við forsetann fyrir næsta keppnistímabil.



Evo Morales

Ætlunin er að Morales verði miðjumaður. En vegna þess hve gamall hann er mun hann ekki spila í meira en 20 mínútur í hverjum leik. Hann velur sjálfur hvenær hann verður með. *kjon@mbl.is*

TYRKLAND

Átta ákærðir vegna námuslyss í Soma

Alls hafa nú yfirvöld í Tyrklandi ákært átta manns fyrir aðild að manndrápi vegna námuslyssins nýverið í borginni Soma þegar 301 maður fórst. Meðal hinna ákærðu er forstjóri fyrirtækisins sem stýrði námunni. Nú er talið að gas hafi safnast fyrir í námunni og það loks sprungið. Ekki hafi verið tekið neitt tillit til viðvarana um hættuna frá mælitækjum. *kjon@mbl.is*

Taílandsher að taka völdin

● Bráðabirgðastjórnin samt enn við völd í landinu að nafninu til

Kristján Jónsson
kjon@mbl.is

Yfirmaður hersins í Taílandi, Prayuth Chan-Ocha, gaf í gær skipun um herlög í landinu en ekki er ljóst hvort næsta skref verður að herinn taki völdin eins og hann hefur oft gert. Forn lög gera hernum kleift að hrifsa völdin ef hætta blasir við. Herinn hvatti um leið deiluaðila í landinu til að hefja viðræður en tugir manna hafa fallið í átökum þeirra síðustu mánuði.

Fjöldi hermanna kom sér fyrir á mikilvægum stöðum eins og sjónvarpsstöðvum, fréttir eru nú ritskodaðar og herbílar á ferðinni í miðborg



Prayuth Chan-Ocha

Bangkok. Forsætisráðherra landsins til bráðabirgða, Niwattumrong Boonsongpaisan, sem tók við þegar Yingluck Shinawatra var nýlega sett af, boðaði í gær þingkosningar 3. ágúst.

Stjórnarandstaðan hefur staðið fyrir hörðum fjöldamótmælum og krafist þess að stjórnin segði af sér en í staðinn tæki einhvers konar þjóðarráð við. Rauðskyrturnar, liðsmenn Shinawatra, hafa hótad borg-

arastyrjöld ef leiðtogar sem ekki hafa verið kjörnir taki við.

Vandi andstæðinga stjórnvalda og Shinawatra er að flokkur hennar hennar hrepti hreinan meirihluta í síðustu kosningum og hefur því lýðræðislegt umboð. Flokkurinn hefur einkum fylgi meðal fátækra kjósenda úti á landsbyggðinni en andstæðingarnir í höfuðborginni Bangkok. Hinir síðarnefndu njóta stuðnings hefðbundinna valdastofnana, konungs og hæstaréttar en einnig margra vefnaðra Taílandinga. Shinawatra var sökuð um að hafa misnotað vald sitt í tengslum við afar vinsælar niðurgreiðslur á hrisgrjónum en einnig íbúðarhúsnæði.

Margra ára deilur

» Deilurnar milli annars vegar Shinawatra og bróður hennar, Thaksin Shinawatra, og hins vegar stjórnarandstæðinga hófust 2006 þegar herinn hrakti bróðurinn úr embætti. forsætisráðherra. Hann er nú í útleið.

» Bróðirinn er vellauðugur og er m.a. sakaður um að hafa keypt atkvæði.

Zoom

Þér er í lófa lagið að taka upp

handhæg upptökutæki frá Zoom á frábæru verði!

Zoom Q3 HD
hágæða hljóð og mynd

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



Auðkýfingur efnir til friðarfundar í Austur-Úkraínu

Starfsmenn stálvers í Maríupól í Úkraínu á friðarfundum sem eigandinn, auðkýfingurinn Rínat Akmetov, efndi til í gær. Var fundinum beint gegn uppreisnarmönnum, hlynntum Rússum, sem hafa lagt undir sig allmargar borgir. Akmetov vill með framtakinu reyna að tryggja að hægt verði að kjósa í landinu öllu á sunnudag en þá fara fram forseta- og þingkosningar. Talið er að Rússar hafi nú flutt um

40.000 manna herlið, sem síðustu vikunnar hefur verið rétt við austurlandamæri Úkraínu, burt en úkraínskur ráðherra sagði þó ekki enn hægt að staðfesta að svo væri. Uppreisnarmenn gera allt til að koma í veg fyrir að hægt verði að kjósa í borgum sem þeir ráða, hafa m.a. hótad embættismönnum Úkraínustjórnar að staðnum limlestingum og dauða. Óttast er að milljónir manna geti ekki kosið.

Pútín á biðilsbuxun- um á Sjanghæ-fundi

● Reynir að semja við Kína um langtíma kaup á gasi

BAKSVIÐ

Kristján Jónsson
kjon@mbl.is



Mikill áhugi er meðal Rússa og Kínverja á nánara samstarfi á ýmsum sviðum, ekki síst til að hamlar gegn ofurvaldi og áhrifum Bandaríkjanna og Evrópusambandsins í alþjóðamálum. Ein hugmyndin, sem Vladímír Pútín Rússlandsforseti leggur nú ofurkapp á, er að samið verði um kaup Kínverja á rússnesku gasi til allt að 30 ára.

Samningurinn gæti orðið andvirði allt að 400 milljarða dollara. Helmingurinn af gjaldeyrstekjum Rússa er frá olíu- og gasiðnaði en verðlag á þessum afurðum er sveiflukennt á mörkuðum. Miklu skiptir því að tryggja kaupendur til langs tíma.

Ekki tókst þó að semja um verðið á fundi Pútíns með Xi Jinping, forseta Kína, í Sjanghæ í gær en hugsanlegt að það takist áður en Pútín snýr aftur heim í dag. Kínverjar hafa mikla þörf fyrir gasið en vita að Pútín er í þröngri stöðu vegna hættunnar á að helsti kaupandinn, Evrópuríkin, reyni að losna úr þeim óþægilegu faðmlögum sem mikil viðskipti við Rússa geta verið. Nægir að minna á það hvernig Rússar hafa



AFP

Samstarf Xi Jinping og Vladímír Pútín ræða saman í Sjanghæ í gær.

víða notað gasviðskipti til að hafa áhrif á stjórnarstefnu annarra ríkja, einkum Úkraínu.

Vinsamleg orð og heimsóknir

„Það eru engar ýkjur ef sagt er að samstarfið milli ríkja okkar sé meira en nokkru sinni í sögunni,“ sagði Pútín í viðtali við kínverska fjölmiðla fyrir opinbera heimsókn sína í gær. Kínverjar eru einnig fullir áhuga, Rússland var fyrsta landið sem Xi heimsótti eftir að hann varð forseti og eftir var til sameiginlegra flotaæfinga ríkjanna tveggja í gær nálægt Sjanghæ.

Gjaldeyriskrask?

» Ein hugmyndin sem rædd hefur verið er að Rússar samþykki að taka við greiðslu fyrir gasið í gjaldmiðli Kína, júani, þótt hann sé ekki enn notaður í alþjóðaviðskiptum.

» Það gæti þó orðið á næstu árum og Rússar gætu notað féð til að kaupa margs konar neysluvörur af Kína. Yfirburðastöðu Bandaríkjadollarans yrði ógnað.

Kínverjar og Rússar eiga það einnig sameiginlegt að grannríki þeirra eru mörg ósátt við yfirgang risanna og leita nú sum skjóls hjá Bandaríkjamönnum. Rússar ógna sínum grönnum með hervaldi til að verja hagsmuni rússneskumælandi minnihlutahópa í umræddum löndum. Þeir hafa þegar sýnt að þeim er alvara með því að hernema Krím og ýta undir uppreisn í Úkraínu. Kínverjar krefjast yfirráða margra umdeildra smáeyja. Og Kína hikar ekki við að senda herskip til að sýna mátt sinn og megin.

Bólusetning ekki sökudólgur

● Ný rannsókn sýnir að hún orsakar ekki einhverfu

Lengi hefur verið deilt hart um hugsanleg tengsl milli bólusetningar í æsku og einhverfu. Margt hefur verið nefnt sem líkleg orsök heilkennisins en yfirleitt er talið að þekking manna á orsakasamhenginu sé enn of lítil. Flestar rannsóknir benda þó til þess að orsakanna sé einkum að leita í erfðafræðinni.

Hins vegar er talið mjög flókið að

greina með hvaða hætti einkennin erfast, hvaða gen valda heilkenninu. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að tengslin við bólusetningu séu engin. Í vefritinu ScienceDirect er sagt frá nýrri, mjög umfangsmikilli rannsókn sem alþjóðlegt teymi vísindamanna, m.a. á sviði faraldsfræði, gerði nýlega á málinu. Var niðurstaðan sú að tengslin væru engin.

Alls var um að ræða fimm aðskildar rannsóknir á alls 1.256.407 börnum og fimm aðrar á 9.920 börnum. Hvorki tókst að greina tengsl við einhverfu né einhverfuaufbrigði. Efni sem notuð eru í bóluefni, hvort sem um er að ræða bóluefni gegn einum sjúkdómi eða mörgum í senn (MMR), tengjast ekki með neinum hættu þróun einhverfu. kjon@mbl.is



AFP

Ráðgáta Ein af þotum flugfélagsins Malaysia Airlines í Kuala Lumpur. Hvarf MH370 hefur valdið deilum milli Malasíumanna og Kínverja.

Skotin niður vegna mistaka á heræfingu?

● Leitin að þotunni árangurslaus

Leitin að flaki MH370, malasísku farþegaþotunni sem fyrir um 10 vikum hvarf með 239 manns um borð, hefur engan árangur borið. En nú hefur bandarískur blaðamaður, Nigel Cawthorne, sett fram nýja kenningu, að sögn International Business Times. Hann segir að þotan hafi vegna mistaka verið skotin niður á sameiginlegri heræfingu Taílandinga og Bandaríkjamanna.

Cawthorne segir að stjórnvöld í báðum ríkjum hafi þaggað málið niður. Þeim sem hófu leitina hafi

markvisst verið beint inn á rangar brautir til að flakið myndist ekki. Fram kemur í breska Independent að nýsjálenskur starfsmaður á olíuborþalli hafi orðið vitni að því hvað gerðist og séð brennandi þotuna steypast í hafið.

Flest fórnarlömbin voru Kínverjar. Cawthorne segir að ættingjar þeirra sem fórust muni sennilega aldrei fá að vita hvað raunverulega gerðist 8. mars þegar þotan hvarf skömmu eftir flugtak frá völlum í Kuala Lumpur. kjon@mbl.is

SÓFAR Í ÖLLUM STÆRÐUM



Verðdæmi:

Tungusófar 2+tunga frá 215.120kr
Hornsófar 2H2 frá 275.120kr
Sófasett 3+1+1 frá 303.120kr

ÍSLENSKIR SÓFAR SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM
MÁL OG ÁKLÆÐI AÐ EIGIN VALI

20% afsláttur

af öllum sófum / sófasettum
í völdum áklæðum



Torino hornsófi 2H2
Verð frá 267.120 kr



Dallas tunga 2+t
Verð frá 149.900 kr



Cubic TV skápur
Verð 19.900 kr

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti
HÚSGÖGN

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.
- Bílson hefur gæðavottun Bílgreinasambandsins með gæðaúttekt frá BSI á Íslandi auk starfsleyfis til endurskoðunar frá Samgöngustofu.



Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu.
Komið, sjáið og sannfærist.

bílson
- VERKSTÆÐI -
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Útgefandi:

Óskar Magnússon

Ritstjórar:

Davíð Oddsson Haraldur Johannessen

Aðstoðarritstjóri:

Karl Blöndal

Verður valið á réttum forsendum?

Persóna Camerons er orðin að kosningamáli í Skotlandi

En eru fjórir mánuðir þar til Skotar taka ákvörðun um sjálfstæði sitt en kosningabaráttan er þrátt fyrir það komin á fullan snúning. Fullsnemmt er að spá fyrir um niðurstöðuna, en þó má segja að saxast hefur nokkuð á fylgi þeirra sem vilja halda áfram sambandinu við Bretland. Við bætist að sjálfstæðissinnar telja sig eiga heilmikið inni áður en gengið verður til atkvæða í september.

En það er ansi margt sem gæti haft áhrif á niðurstöðuna, sem ekki tengist þeirri grundvallarspurningu hvort Skotar ættu að vera sjálfstæð þjóð. Kosningabaráttan til að mynda hefur snúist að miklu leyti af hálfu sambandssinna um að tala niður möguleika Skota til þess að geta staðið á eigin fótum. Hætt er við að sú neikvæðni hafi frekar fælt hugsanlega kjósendur frá málstaðnum en hitt, en fáir virðast tilbúnir til þess að tala máli ríkja-sambandsins sem varað hefur í 307 ár.

Þetta sá David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og hélt hann því til Skotlands um helgina til þess að reyna að snúa baráttu sambandssinna inn á jákvæðari braut. Cameron hafði hins vegar verið nærri því ósýnilegur í kosningabaráttunni fram að því, af þeirri ástæðu að

ihaldsmenn eru það óvinsælir í Skotlandi að formaður skoska flokksins hefur lagt til að hann verði lagður niður og nýr hægri flokkur stofnaður undir öðru nafni.

En þó að Cameron hefði helst viljað halda sér utan við baráttuna kemst hann ekki undan henni. Hávær umræða hefur myndast meðal skoskra sjálfstæðissinna, um að með því að kjósa með sjálfstæði myndu Skotar græða tvennt: Í fyrsta lagi yrði Skotland sjálfstætt og í öðru lagi myndi Cameron neyðast til þess að segja af sér. Svo rammt hefur kveðið að þessari staðhæfingu að Cameron sá sig tilneyddan til þess að lýsa því yfir að hann myndi alls ekki yfirgefa Downingstræti 10 þó að Skotar kysu með sjálfstæði sínu. Það hefur þó ekki dugað til að eyða þeim efa.

Líklega sýnir þetta dæmi einna best hættuna á því að umræðan í Skotlandi næstu fjóra mánuði verði á röngum nótum. Það eru til margvísleg rök bæði með og á móti sjálfstæðu Skotlandi og framtíð þess ríkis. Því miður er hætta á að þau rök muni hverfa í skuggann fyrir pólitískum stundarhagsmunum þegar Skotar taka afstöðu til þess hvort leysa skuli upp eitt farsælasta ríkjasamstarf sem mannkynssagan hefur að geyma.

Sigurvon súkkulaðikóns

Óvist er um framhaldið eftir komandi forsetakosningar í brothættu Úkraínu

Á sunnudaginn er stefnt að því að Úkraínumenn kjósi sér nýjan forseta í stað Viktors Janúkovíts. Það er hins vegar algjörlega á reiki hvort kosningarnar muni geta farið fram í öllum héruðum Úkraínu, einkum í Donetsk, þar sem rússneskumælandi aðskilnaðarsinnar hafa lýst yfir sjálfstæði héraðsins. Það gæti veikt mjög stöðu þess sem sigrar í kosningunum, ef þátttakan annars staðar verður dræm. Mikilvægt verður því fyrir yfirvöld í Kænugarði að tryggja að ekkert fari úrskeiðis við framkvæmd kosninganna þar sem þær geta farið fram, en líklegt er að reynt verði að trufla þær með einhverjum hætti.

Skoðanakannanir benda til þess að óligarkinn Petro Porosjenkó, sem hefur verið bæði utanríkis- og efnahagsráðherra, muni fari með öruggan sigur af hólmi, en hann hefur talsvert forskot á Júlíu Tímósjenkó, sem er í öðru sæti. Porosjenkó, sem hefur viðurnefnið „súkkulaðikóngurinn“ vegna viðskiptaveldis síns í sælgætisframleiðslu, var á sínum tíma talinn

líklegur forsætisráðherra undir Janúkovíts áður en honum var gert að yfirgefa forsetaembættið.

Sigurvegarans bíður hins vegar erfitt verkefni. Einsýnt er að Rússar muni draga lögmæti hans sem forseta í efa, sama hvernig Porosjenkó, eða nokkur annar, muni geta staðist þær þrautir sem bíða hans. Örlög súkkulaðikónsins yrðu þá líklega þau að stýra Úkraínu í átt að sambandsríki, þar sem austurhluti landsins yrði að leppriki Rússa.

Ef þátttakan í kosningunum verður hins vegar góð og almenn, að minnsta kosti í þeim héruðum þar sem kjörstaðir verða opnir, þarf nýkjörinn forseti einkum að hafa áhyggjur af því hvernig eigi að brúa það bil sem myndast hefur í Úkraínu. Það mun hins vegar kosta miklar umbætur á stjórnerfi og efnahag landsins, þar sem forsetakosningarnar eru aðeins fyrsta skrefið. Framtíð Úkraínu krefst þess að það skref verði farsælt.

Óánægja með laun og atvinnuöryggi

BAKSVIÐ

Helgi Bjarnason

helgi@mbl.is



Þótt Vestlendingar séu ánægðir með búsetuskilyrði í heimabyggð og ánægðari en þeir voru fyrir þremur árum telja þeir að ýmislegt megi bæta. Meðal þess sem þeir telja að þurfi að lagast eru launatekjur, atvinnuöryggi og vöruverð.

Í skoðanakönnun meðal íbúa Vesturlands voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til stöðu og mikilvægis margra mikilvægustu búsetuþátta hvers samfélags. Könnunin er gerð á þriggja ára fresti þannig að hægt er að sjá þróun. Skýrsla um niðurstöður nýjustu könnunarinnar hefur verið birt.

Vífill Karlsson, hagfræðingur hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, bendir á að sem fyrr séu það helst þættir sem tengjast vinnumarkaði og framfærslu sem virðist vera mest aðkallandi úrlausnarefni á öllum svæðum Vesturlands.

Vandamálin eru svipuð á milli svæða. Íbúar á Akranesi, í Hvalfirði og Borgarfirði töldu að helst þyrfti að bæta laun, atvinnuúrval, atvinnuöryggi, framfærslukostnað og vöruverð. Á Snæfellsnesi og í Dölum var vöruverð efst á blaði. Vöruúrval var fólki einnig ofarlega í huga á þeim stöðum og í Dölum komu því til viðbótar launatekjur, atvinnuúrval og kostnaður við framfærslu.

Vífill segir að óánægja með hátt orkuverð til upphitunar á Snæfellsnesi og í sveitum kunni að skýra áherslu á framfærslukostnað. Þá sé þekkt að meðallaun séu undir meðaltali á vissum svæðum Vesturlands, sérstaklega í landbúnaðarsveitum. Þá kunni óvissan í sjávarútvegi að skýra áherslu á atvinnuöryggi, sömu leiðis umræða um hagræðingu hjá ríkinu eins og til dæmis umræðan um framtíð Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sé dæmi um

Kröfur um bætt fjarskipti

Ýmsar aðgerðir sem farið hefur verið í frá því 2010, þegar síðasta könnun var gerð, virðast mælast vel fyrir hjá íbúum alls Vesturlands. Nefna má núverandi fyrirkomulag almenningsamgangna, framhaldsskóla í Dölum í samstarfi við Menntaskóla Borgarfjarðar og menningarlíf



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Akranes íbúar á öllum svæðum Vesturlands vilja hærri laun og lægra vöruverð. Atvinnuöryggi er fjölskyldufólki einnig ofarlega í huga.

sem gæti tengst framkvæmd Menningsarsamnings á Vesturlandi og framtaki einstaklinga á því sviði.

Ef nefndir eru þættir sem þykja hafa versnað má nefna stöðuna á húsnæðismarkaði, ekki síst lítið framboð á leiguíbúðum en einnig íbúðum til kaups. Krafa um bættar samgöngur er sigild en nú bætist við óánægja með fjarskiptamál. Vífill vekur athygli á því að krafa um bættar nettingar og farsímasamband virðist vaxa á milli kannana þrátt fyrir umbætur á því sviði. Því virðist uppbyggingin ekki halda vel í við hraða þróun. Þess má geta að sveitarfélög og samtök einstaklinga víða um land eru að taka lagningu ljósleiðara í sveitum í eigin hendur vegna þess að fjarskiptafélögin hafa ekki séð sér hag í því. Slík þróun er í gangi á Vesturlandi og er framtak Hvalfjarðarsveitar það markverðasta enn sem komið er.

Vinnur í borginni

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að sókn Vestlinga í vinnu á öðrum svæðum, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu, hefur aukist aftur en úr henni dró verulega eftir bankahrunið. Vífill telur að fasteignamarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu kunni að skýra þessa þróun að einhverju leyti. Fólk sé beinlínis að flytja þaðan til að geta keypt ódýrara húsnæði en haldið vinnunni.

EEKKI HREYFING Á AKRANESI

Dalamenn vilja flytja

Um fjórðungur íbúa í Dalasýslu telur mjög eða frekar líklegt að hann flytji frá Vesturlandi á næstu tveimur árum. Er það mikil breyting frá könnun sem gerð var fyrir þremur árum þegar 14% íbúa höfðu hug á því að flytja. Kemur þetta Vífil Karlssyni á óvart því þótt íbúum hafi fækkað heldur á síðustu árum en ekki hægt að tala um fólksflóttu. Íbúar Akraness og Hvalfjarðarsveitar hafa minni hug á að flytja en íbúar í öðrum héruðum Vesturlands, eða 14%. Hlutfallið er 18% á Snæfellsnesi og 21% í Borgarfirði. Mikill fjöldi háskólamenntaðra í Borgarfirði er talinn skýra frekar hátt hlutfall fólks sem hefur hug á brottflutningi þaðan.



Vífill Karlsson

Fleiri innflytjendur, takk

Ég lærði nýtt orð í síðustu viku, sögnina að brottvísa; rakst á hana í frétt um nigeríska konu, Izekeer Osazee, sem gift er íslenskum manni. Svo var málum háttað að Osazee var handtekin og stóð til að senda hana úr landi án frekari fyrirvara og það frá nýbókudum eiginmanni hennar. Áður en af þeirri óvinnu varð var henni þó sleppt og í samtali mbl.is við lögmann hennar kom fram að Izekeer Osazee hefði verið sleppt úr haldi og „henni verði ekki brottvísað í fyrramálið“.

Nú heldur eflaust einhver að ég ætli að amast við orðfæri lögmannsins, enda er ég alræmdur (rómaður) fyrir afskiptasemi af íslensku máli samborgara minna, en því er öðru nær – það er bara gaman að fá nýjar sagnir, en ég næ ekki upp í nef mér af skömm á íslenskum stjórnvöldum og stofnunum fyrir harðneskju þeirra og ruddaskap gagnvart þeim sem vilja flytjast hingað til lands.

Í ljósi þess að þessi pistill birtist í Morgunblaðinu má gera ráð fyrir að þú, kæri lesandi, sért á miðjum aldri eða kominn yfir hann, líkt og ég sjálfur. Þú manst þá, líkt og ég, hvernig Ísland var á okkar uppvaxtarárum, þar sem ríkti einn síður, eitt kyn, einn aldur, einn flokkur og einn litur. Þeir sem féllu undir þá lýsingu, miðaldra hvítir karlmenn og kristnir sjálfstæðismenn í þokkabót, höfðu það því býsna gott, en aðrir síður. Eitt af því sem braut upp þetta gamla og staðnaða þjóðfélag var innflutningur fólks frá ýmsum löndum, fólks sem flutti með sér ferskar hug-

Pistill



Árni Matthíasson

skari að jafnaði fram úr í vinnusemi og skyldurækni. Þessir fordómar sjást til að mynda í starfi svonefndrar Útlendingastofnunar, án þess að ég haldi því fram að starfsmönnum hennar sé um að kenna – það er fyrir pólitískan vilja ráðamanna sem svo hart er gengið fram.

Í ljósi þess hve innflutningur á fólki hefur gagnast okkur vel er það því tillaga mín að ráðherra beiti sér fyrir því að reglan verði að taka vel á móti fólki en ekki að sýna því hörku. Við eigum að bjóða Izekeer Osazee velkomna hingað til lands og ekki bara hana heldur líka þá sem dúsa í fangabúðum innanríkisráðuneytisins í Reykjanesbæ.

arnim@mbl.is



Rjómablíða Veðrið lék heldur betur við borgarbúa og borgargesti í gær og var setið við hvert borð við Austurvöll.

Við ætlum að byggja 100.000 íbúðir

Eftir Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur og Guðfinnu Jóh. Guðmundsdóttur



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir



Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir

Nauðsynlegt er að fjölga íbúðum í Reykjavík, bæði almennum og félagslegum. Staðreyndin blasir við, því að vanræksla þessa málaflokks af hálfu núverandi meirihluta í borginni er alger. Á þessu kjörtímabili hafa aðeins bæst við 67 íbúðir í eignasafn Félagsbústaða, en ættu að vera a.m.k. 400. Fólk býr í ólöglegu húsnæði úti um allan bæ, húsnæðisöryggi er lítið og bitnar þetta ástand einna helst á þeim sem minnst mega sín.

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er haft eftir Degi B. Eggertssyni, oddvita Samfylkingarinnar, að byrjað hafi verið að byggja 614 íbúðir í Reykjavík á árinu 2013 en á árabílinu 2007-2012 hefði þurft að byggja 2.700 fleiri íbúðir en raunin varð. Samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá Íslands fjölgaði íbúðum í Reykjavík um sex á árinu 2011 og 132 á árinu 2012. Nú korter í kosningar þykist meirihlutinn hins vegar vera að vakna til lífsins með fögur fyrirheit um uppbyggingu sem hann hefur ekki sinnt á þessu kjörtímabili.

Samkvæmt nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er stefnt að því að byggja að meðaltali 700 íbúðir á ári eða 14.500 íbúðir á tímabilinu og eiga rúmlega ⅔ hlutar þessara íbúða að vera byggðir í Vatnsmýrinni, miðborginni – gömlu höfninni og í Elliðaárvogi. Staðreyndin er hins vegar sú að til þess að hægt sé að byggja á þessum stöðum þarf flugvöllurinn að

» Krefjumst raunhæfra hugmynda og leiða svo hægt sé að byggja Reykjavík fyrir venjulegt fólk, ekki innihaldslaus loforð korter fyrir kosningar.

fara, kaupa þarf upp atvinnuhúsnæði, skipuleggja Elliðaárvoginn og byggja steinklumpa allan hafnarbakkann. Tillögurnar eru óraunhæfar. Ef það tækist að byggja 700 íbúðir á ári eða samtals 2.800 íbúðir næstu fjögur árin þá liggur alveg ljóst fyrir að það verða ekki allt búseturéttar- og leiguíbúðir heldur er stærsti hlutinn byggður til sölu. Það þarf raunhæfar hugmyndir og nýtt aðalskipulag til að hægt sé að byggja Reykjavík fyrir venjulegt fólk en ekki innihaldslaus loforð korter fyrir kosningar.

Borgarbúar hafa það í valdi sínu 31. maí nk. að breyta þessu og fjölga íbúðum í Reykjavík, því samþykkt aðalskipulag má taka upp af nýjum meirihluta.

Höfundar eru frambjóðendur Framsóknarflokksins í Reykjavík.

Af hverju eru Tom Cruise og Russell Crowe jafnari en við hin?

Eftir Óla Björn Kárasón

Vinstri menn ætla af göflunum að ganga yfir því að veiðigjald sem lagt er á sjávarútveginn lækki vegna versnandi afkomu. En þeir sjá ekkert athugavert við að veita bandarískum aðmönnum tugmilljóna króna í skattaafslætti. Í huga þeirra eru aðmenn frá draumaborginni Hollywood miklu merkilegri en íslenskir útgerðarmenn. Allir eru þeir, hver með sínum hætti, að nýta auðlindir landsins og sjávar. Allir veita fjölmörgum störf, beint og óbeint. Munurinn er aðeins sá að bandaríski auðmaðurinn yfirgefur landið að loknu verki, en íslenski útgerðarmaðurinn heldur áfram ár eftir ár, a.m.k. svo lengi sem ekki er gengið af honum dauðum.

Jafnræði veft ekki fyrir vinstri mönnum. Þess vegna gat Seðla-bankinn, með stuðningi ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, tekið upp reglu sem gengur gegn öllum hugmyndum um sanngirni og jafnræði. Í skjóli óréttlætis hefur erlendum aðilum verið boðið að kaupa íslensk fyrirtæki og fasteignir með 20% afslætti. Hið sama gildir um þá fáu Íslendinga sem eiga eignir í öðrum



Óli Björn Kárasón

löndum – þeir njóta forréttindanna.

Áhugalausir um jafnræði

Vinstri menn – hinir norrænu jafnaðarmenn – höfðu því ekki áhyggjur þegar gjaldþrota risafyrirtæki voru endurreist í skjóli skuldaafskrifta og fjármuna frá lífeyrissjóðum. Eftir stóðu litlir og sjálfstæðir atmenn frá draumaborginni Hollywood miklu merkilegri en íslenskir útgerðarmenn. Allir eru þeir, hver með sínum hætti, að nýta auðlindir landsins og sjávar. Allir veita fjölmörgum störf, beint og óbeint. Munurinn er aðeins sá að bandaríski auðmaðurinn yfirgefur landið að loknu verki, en íslenski útgerðarmaðurinn heldur áfram ár eftir ár, a.m.k. svo lengi sem ekki er gengið af honum dauðum.

Jafnræði veft ekki fyrir vinstri mönnum. Þess vegna gat Seðla-bankinn, með stuðningi ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, tekið upp reglu sem gengur gegn öllum hugmyndum um sanngirni og jafnræði. Í skjóli óréttlætis hefur erlendum aðilum verið boðið að kaupa íslensk fyrirtæki og fasteignir með 20% afslætti. Hið sama gildir um þá fáu Íslendinga sem eiga eignir í öðrum

En fögnuður vinstri manna var ósvikinn: Jöfnuður í þjóðfélaginu

hafði aukist. Engu skipti þó flestir væru verr settir en áður.

Á leið sinni til „félagslegs réttlætis“ var vinstri mönnum nauðsynlegt að breyta stöðugt leikreglunum. Með því var komið í veg fyrir að einstaklingar og fyrirtæki gætu gert áætlanir til langs tíma (og jafnvel grætt). Atvinnulífið og fyrirtækin héldu að sér höndum og jöfnuðurinn jókst niður á við. Síbreytilegt regluverk, hærri skattar og hótun um enn hærri skatta voru verkfæri til að knýja fram „félagslegt réttlæti“.

Draumaland „félagslegs réttlætis“

Draumaríki vinstri manna er land með flóknu skatta- og millifærslukerfi. Þannig eru völdin treyst og best tryggð. Skattalegar ívilnanir til þeirra sem njóta velþóknunar stjórnvalda eru dæmi um hvernig reynt er að spinna valdaþræði og ná tökum á frjálsu atvinnulífi.

Það er margt sem mælir með því að ýtt sé undir fjárfestingu í atvinnulífinu með skattalegum hvötum. En ívilnanir sem eru sérsmíðnar að einstökum fyrirtækjum, líkt og byrjað var á í tíð vinstri stjórnar, innleiða óréttlæti og ójöfnuð. Þóknanlegir aðmenn og Hollywood-stjórnur njóta velvildar í formi skattfríðinda en íslenski framtaksmaðurinn, sem hefur byggt upp sitt litla fyrirtæki, er úti

» Aðmenn og Hollywood-stjórnur njóta velvildar í formi skattfríðinda en íslenski framtaksmaðurinn er úti í kuldalum, hokinn undan þungum skattabagga.

í kuldalum, hokinn undan þungum skattabagga.

Birtingarmynd „félagslega réttlætisins“: Sumir eru jafnari en aðrir.

Verst er að skattalegar ívilnanir eru lítið annað en dulinn ríkisstyrkur til eins fyrirtækis eða atvinnugreina – ríkisstyrkur sem önnur fyrirtæki og einstaklingar greiða.

Hlutverk hægri manna

Telji stjórnvöld nauðsynlegt að hvetja til fjárfestinga í atvinnulífinu eiga þau að innleiða almenna og algilda reglu í skattalögum. Þannig eiga útgerðarmaðurinn sem byrjar fullvinnslu í landi, eigandi dekkjaverkstæðisins sem fjölgar starfsmönnum, byggingaverktakinn sem innleiðir nýjar og ódýrari aðferðir við byggingar, að sitja við sama borð og fjárfestar (innlendir sem erlendir) sem vilja hætta fjármunum í nýsköpun. Það getur

varla verið flókið að fylgja þessari einföldu jafnræðisreglu.

Skattalegar ívilnanir eru draugar sósíalismsans. Eitt hlutverk hægri manna er að kveða niður slíka drauga og byggja upp heilbriggt skattaumhverfi sem örvar allt efnahagslífið. Þetta gerði Sjálfstæðisflokkurinn þegar hann tók við forystu í ríkisstjórn og fjármálaráðuneytinu árið 1991. Umfangsmiklar breytingar á skattkerfinu, þar sem skattar voru ýmist lækkaðir eða felldir niður, skiluðu ríkissjóði auknum tekjum. Frá 1991 til 2007 tvöfölduðust tekjurnar að raunvirði.

Meiri höfsemd í tekjuskatti fyrirtekja skilaði öllum meira. Árið 1985 var tekjuskatturinn 50% en var kominn niður í 18% árið 2003. Skatttekjur ríkisins af fyrirtækjum hækkuðu engu að síður úr 0,9% í 1,5% sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Auðvitað eigum við að bjóða erlenda kvikmyndajöfra velkomna hingað til lands. Það er eftirsóknarvert fyrir land og þjóð að þeir komi hingað og nýti íslenska náttúru og þjónustu íslensks fagfólks í kvikmyndagerð. En við eigum að bjóða þeim hingað eins og öllum öðrum með almennu, einföldu og hagstæðu skattaumhverfi – umhverfi sem við hin fáum einnig að búa við.

Höfundur er varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins.

„Vélstjóri“ verðmætt fagheiti

Eftir Helga Laxdal

Ísfélag Vestmannaeyja auglýsir, 10. maí sl. í Mbl, eftir vélstjóra til starfa í frystihúsi félagsins á Þórshöfn á Langanesi. Í auglýsingunni koma helstu verk-efnin fram:

Almenn vélstjórn og eftirlit með vélbúnaði. Umsjón með frystikerfi og vinnslubúnaði í frystihúsi. Þátttaka í viðhaldi og nýframkvæmdum. Umsjón með lager og innkaupum. Um hæfni og menntun kemur fram: Reynsla af vélstjórn nauðsynleg. Vélstjórmenntun æskileg. Hæfni í mannlegum samskiptum. Skipulags-hæfileikar og snyrtimennska. Rík ábyrgðartilfinning.

Hér er greinilega um fjölbreytt starf að ræða þar sem megináherslan snýr að vélstjórninni eins og fram kemur í yfirskrift auglýsingarinnar. Það sem vakti áhuga minn var efni hennar og uppsetning eða að þar er reynsla af vélstjórn sögð nauðsynleg eða skilyrði fyrir ráðningu, aftur á móti er vélstjórmenntun sögð æskileg en greinilega ekki skilyrði ráðningar.

Verið er að óska eftir einstaklingi sem býr yfir þekkingu vélstjórnarnámsins án þess að hafa sótt hana á skólabekk eða lokið tilskildum prófum. Auðvitað er hægt að tileinka sér margskonar nám án þess að það sé sótt með formlegri skólagöngu; gallinn er bara sá að þá vantar mat á því hvort viðkomandi hafi tileinkað sér hæfni sem krafist er til viðkomandi starfa sem er m.a. hlutverk skólanna að staðfesta.

Verðmætt fagheiti

Á bak við fagheitið vélstjóri er fjölbreytt nám sem skiptist í fjögur námsstig og nemur í heildina 208 námseiningum fyrir utan 18 mánaða verkstæðistíma að viðbættum siglingatíma sem nemur til fyllstu réttinda þremur árum. Í heildina er hér um allt að tíu ára nám að ræða. Af sjálfu leiðir að



Helgi Laxdal

fagheiti sem grundvallast á jafn viðtæku og fjölbreyttu námi og fagheitið „vélstjóri“ er verðmæti réttihafa þess sem þeir einir mega nota.

Í framhaldinu velti ég því fyrir mér hvernig auglýsingar um aðra starfskrafta myndu líta út ef beitt væri sömu meginreglu. Upp í hugann koma fjölmörg störf eins og t.d. hjúkrunarfræðingur, lögfræðingur, kennari o.s.frv. Myndi nú ekki auglýsingin hér að ofan líta býsna ankannalega út ef við t.d. skiptum þar á fagheitum og settum eitthvert þeirra sem hér var nefnt í stað þess sem þar er. Jú, einhvern veginn finnst mér að það fari fremur illa. Til viðbótar er ég nokkuð viss um að það myndi enginn sem væri að leita eftir einstaklingi með þá hæfni sem nefnd fagheiti gefa fyrirheit um auglýsa þannig. Þá vaknar spurningin: Af hverju auglýsir fyrirtæki í sjávarútvegi þannig?

Já, af hverju er þannig auglýst?

Að mínu mati er hér um gamlan arf að ræða, allt frá því að útgerðin var þeirrar skoðunar að einstaklingar með tilskilið nám til yfirmannsstarfa um borð í fiskiskipum væru ekki til heilla. Að betra væri að hafa þá án skólagöngu þar sem hæfni viðkomandi átti ekki endilega að beinast að þeim lögbundnu störfum sem þeim voru ætluð, heldur þess í stað að þeim fjölmörgu störfum á þilfari sem undirmönnum er ætlað að sinna. Svo sem meðferð veiðarfæra ásamt hausun og slágingu þess afla sem kemur í veiðarfærin hverju sinni.

Aðalstarfið hornreka

Vel menntaðir vélstjórar gátu bara tekið upp á þeim ósið að líta svo á að þeirra meginverkefni fælust í því að tryggja að hinn fjölbreytti vélbúnaður um borð sinni sínu hlutverki hnökralaust og

» Berum virðingu fyrir fagheitum, munum að öflun þeirra kostar fjármuni og ástundun.

undir þá meginplikt væri ekki hægt að venja önnur störf svo sem aðgerð fisks o.s.frv.

Pegar ég hóf störf hjá Vélstjórastofu Íslands á árinu 1982 var mikið um undanþágur í greininni og að því er virtist mikill áhugi hjá útgerðarmönnum að viðhalda þeim, svo mikill að þeir börðust með kjafti og klóm gegn öllum breytingum sem leitt gætu til fækkunar þeirra.

Tilfellið var að útgerðin gat haft það nokkuð í sínum höndum hverjir fengu undanþágu og hverjir ekki; vegna þess að það voru þeir sem sóttu um undanþáguna en ekki sá sem sótt var um fyrir og átti að gegna stöðunni.

Vald undanþágunnar

Aðferðin var einföld, eða á þá leið að viðkomandi var gefið í skyn að ef hann færi t.d. fram á að kjarasamningum yrði fylgt í samræmi við ákvæði þeirra, gæti farið svo að útgerðin myndi ekki leita eftir því að viðkomandi undanþága yrði endurnýjuð. Þannig náði útgerðin stundum yfirhöndinni í samskiptum sínum við undanþágumennina sem áttu ekki annan kost en að sitja og standa að hennar vild. Í ljósi þessa var barátta hennar gegn fækkun og afnámi undanþáganna skiljanleg. Utgerðin hefur kvartað sárt undan því á liðnum árum að það séu öfl í samfélaginu sem séu að tala greinina niður m.a. með sægreifatali, kvótabrasksumræðu o.s.frv. Mín skoðun er að það hafi enginn talað þessa grein meira og betur niður en forysta hennar á liðnum árum, hún hefur m.a. barist fyrir því að menntunarlitlir einstaklingar gegni ábyrgðarstöðum um borð í skipunum. Hvað segir það um mat útgerðarinnar á eigin rekstri?

Höfundur er vélfræðingur og fyrrv. yfirvéltjóri.

Öflugt atvinnulíf í Reykjavík

Eftir Dóru Magnúsdóttur

Það er mikilvægt verkefni fyrir stærsta sveitarfélag landsins að hlúa að uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknunum. Reykjavíkurborg á að vera forystuafli á Íslandi í vaxandi alþjóðlegri samkeppni um fyrirtæki, fjárfestingu, vinnuafli og ferðamenn.

McKinsey-skýrslan, sem kynnt var árið 2012, kynnir leiðir til aukins hagvaxtar. Í henni segir að sjálfbær hagvaxtaráætlun verði að ná til allra atvinnuvega og þurfi að fela í sér aukna skilvirkni í innlenda þjónustugeiranum, auka þurfi virði takmarkaðra auðlinda og efla alþjóðlegra atvinnustarfsemi – sem er forsenda heilbrigðs viðskiptajöfnuðar. Nauðsynlegt sé að efla skilvirkni þjónustu- og útflutningsgreina og auka virði útflutnings sem byggist á náttúruauðlindum, t.a.m. með opnun hagkerfisins, bættu aðgengi að áhættufjármagni, úrbótum í menntakerfi, o.fl. í þeim tilgangi að á Íslandi verði viðskiptaumhverfi samkeppnishæft á heimsvísu.

Leiðir til úrbóta í þessum málaflokki eru takmörkunum háðar á sveitarfélagastiginu en mikilvægt er að Reykjavíkurborg starfi í þessum anda og leggist á sveif með opnun hagkerfisins og samkeppnishæfu viðskiptaumhverfi. Samfylkingin vill skapa hagkvæm skilyrði fyrir atvinnulífið í borginni og stuðla að stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja með áherslu á fjölbreytni, þekkingu, skapandi greinar og græna hagkerfið.

Sömuleiðis vill Samfylkingin hlúa



Dóra Magnúsdóttir

að ferðamannaborginni Reykjavík og huga að sátt atvinnugreinarinnar við samfélagið. Örvöxtur ferðaþjónustu getur kallað á of litla framleiðni, óarðbæran rekstur og neikvæða upplifun borgarbúa. Með markvissri stefnu er hægt að skapa hagkvæm skilyrði fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og leggja grunn að jákvæðari upplifun íbúa

» Örvöxtur ferðaþjónustu getur kallað á of litla framleiðni, óarðbæran rekstur og neikvæða upplifun borgarbúa.

borgarinnar og ferðamannanna sjálfra sem er grunnþáttur í hugmyndafræði sjálfbærrar ferðaþjónustu.

Öflug menntun, hátækni og rannsóknir skipta miklu máli fyrir fjölbreytt atvinnulíf. Samfylkingin vill leggja áherslu á uppbyggingu sem krefst hugvits og hátækni og ber í sér kraftmikinn hvata til nýsköpunar og þróunar. Þrátt fyrir gjaldeyrishöft er mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg að laða að og auka innlenda og erlenda fjárfestingu og gefa í með markaðssetningu borgarinnar á þeim grunni.

Hlúa þarf að félagslegum þáttum íbúa Reykjavíkur en það er ekki síður mikilvægt að borgin leggist á sveif með atvinnulífinu til að skapa öfluga umgjörð um fjölbreytt störf fyrir Reykvíkinga.

Höfundur er í 8. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Bréf til blaðsins

Íslendingum ýtt úr landi

Frá Birni S. Stefánssyni

Þúsundir flytja til Íslands, sagði í forsíðufyrirsögn Morgunblaðsins 29. apríl. Undirfyrirsögn segir síðan, að á nýliðnu tímabili fluttu frá landinu 810 fleiri íslenskir ríkisborgarar en til landsins.

Ég sakna greiningar á því, hvað er á seyði, en ég heyri ýmsar at- hugasemdir. Fullyrt er, að þeir, sem standa í stórræðum í framkvæmdum, ráði ekki Íslendinga í almenn störf, heldur séu þar Pólverjar, en verkstjórnarnir íslenskir. Áður fyrr gátu ungir menn fæddir hér á landi haft talsvert upp úr sér í slíkum störfum og lagt grunn að eigin húsnæði.

Þessar framkvæmdir eru að hluta vegna vaxtar ferðaútvægsins. Hverjir sækja helst í láglæuna- störfin þar? Eru þeir fæddir hér á landi? Háskólakennararnir Stefán Ólafsson og Hannes Gissurarson deila í blaðaskrifum um mælingu á fátækt á Íslandi og öðrum löndum. Þær mælingar, með einkunn eins og meiri eða minni frjálshyggja, lýsa ekki, hvernig mönnum er skapað hlutskipti. Þær skýra ekki, hvort sá heimur, sem Íslandi er búinn, skákar mönnum út í fátækt, dregur að fátækt fólk frá útlöndum eða ýtir til starfa erlendis þeim, sem gætu verið sjálfbjarga og

styrkt efnahag landsins. Meðan ferðaútvegurinn nýtur verulegrar undanþágu frá virðisaukaskatti (0 eða 7% á móti 25,5% á flest annað) verður ekki dæmt um, hvort hann er í raun láglæuna- og fátæktargrein.

Það vantar umfangsmikla greiningu háskólanna á ástandinu. Tölur birtast í töflum í greinargerðum, en tölurnar eru í besta falli upphaf á skýringu. Nýlegt dæmi er álitsgerð Samtaka atvinnulífsins um skólamál. Þar er skólasókn ekki skilin og skýrð með atvinnutækifærum ungs fólks, svo sem hvort því séu lokaðar leiðir milli náms og starfs vegna ráðningarstefnu atvinnurekenda og lengingar skólaársins. Dæmigerð öðru vísi um fjöllum en töflur í greinargerðum er í fjölmöldum, þar sem er lýst hrakningsfólki, án tillits til þess hvernig reglur atvinnulífsins, þar á meðal vinnumarkaðsreglur Evrópska efnahagssvæðisins, skáka mönnum út í fátækt og skjól opinberrar forsjár. Slíkt er sjónarhorn félagsráðgjafar, starfs- greinar og fræðigreinar, sem er góðra gjalda verð, en takmörkuð til almenns skilnings á lífsskák einstaklinga í þjóðfélagsskákinni.

BJÖRN S. STEFÁNSSON, dr. scient.

Garðverkfæri í frábæru úrvali

Stunguskófla
1.395

Malarskófla
1.195

Fötur
frá **395**

Garðhanskar
í miklu úrvali
frá **250**

Ruslapokar stórir,
sterkir 10 & 50 stk. rúllur

Bílamottur
frá **1.995**

Sláttuorfi
3.995

Gróðurskóflur
frá **95**

Bílabónvél
4.995

Úðabrusar
margar stærðir, 1L
frá **995**

Klórur og garðskóflur
í úrvali

Garðverkfæra-
sett
485

Græðlingaklippur
frá **685**

Yfirbreiðslur
margar stærðir
frá **495**

STRÁ-
KÚSTAR
SUMAR
TILBOÐ
795,-

Hrífur
frá **995**

Greinaklippur
frá **999**

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

BÍLAR

Aukablað alla priðjudaga

Dögun – breytum Reykjavík

Eftir Gunnar Hólmstein Ársælsson

Sú kollsteypa sem íslenskt samfélag varð fyrir á haustdögum árið 2008 og kallast hrúnið skildi marga eftir í sárum og skapaði mörg vandamál sem enn eru óleyst. Dögun, samtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði, eru skilgetið afkvæmi þessara dramatísku atburða í lífi íslensku þjóðarinnar.

Dögun í Reykjavík býður nú fram í fyrsta skipti í borgarstjórnarkosningum og er Þorleifur Gunnlaugsson oddviti framboðsins. Sá sem þessa grein ritar er í því fimmta. Undanfarnar vikur hefur farið fram gríðarleg málaefnavinna hjá Dögun og má segja að ný stefna hafi verið unnin með þarfir íbúanna í Reykjavík í huga og þeirra sem þangað koma. Margir hafa lagt hönd á plóginn, eins og sagt er.

Dögun er félagshyggjuafli og hefur markað sér stefnu eða áherslur í fjölmörgum málaflokkum. Framboðið setur húsnæðismál



Gunnar Hólmsteinn Ársælsson

á oddinn og vill t.d. byggja 300-500 íbúðir til að leysa bráðavanda í húsnæðismálum í höfuðborginni. Þetta kom fram í fréttum þegar Dögun kynnti stefnu sína þann 8. maí síðastliðinn.

Dögun vill efla og styðja dyggilega við mannréttindi hinna fjölmörgu hópa, sem búa í borginni, en Reykjavík er ásamt

Íslandi öllu orðið að fjölmenningarsamfélagi. Sú þróun hefur átt sér stað í grófum dráttum frá upphafi níunda áratugar síðustu aldar.

Dögun er einnig mjög umhugað um lýðræði og opnara stjórnkerfi, þar sem valdinu er dreift út í hverfin og til íbúanna. Breiðholtið er til dæmis með um 20.000 íbúa, fleiri en Akureyri og eins og allir vita þá er höfuðstaður Norðurlands með eigin bæjarstjórn. Hvers vegna ekki Breiðholt? Þá vill Dögun að íbúarnir í borginni komi með mun atkvæðameiri hætti að ákvörðunum um fjármál og í hvað útsvarstekjum þeirra er

eytt. Til eru fordæmi um þetta, nefna má borgina Porto Alegre í Brasilíu, þar sem 1,5 milljónir manna búa. Í grein um þetta mál segir Þorleifur Gunnlaugsson, oddviti Dögunar: „Fjárhagsáætlunargerð með þátttöku íbúanna er aðferð sem rakin er til borgarinnar Porto Alegre í Brasilíu, en þar vann flokkur sem hafði sett þessa stefnu á oddinn óvæntan kosningasigur árið 1988. Þar er allt að fimmtungur fjárhagsáætlunar borgarinnar unninn í nánú samráði við íbúana og þetta hefur reynst vel, haft félagslegar umbætur í för með sér, slegið á spillingu og aukið hagsæld í borginni.“ (DV.is, 26/2 2014.)

Dögun vill að menntakerfi borgarinnar verði rekið þannig að bekkjastærðir verði minnkaðar og að unnið verði að því að bæta læsi meðal nemenda (sérstaklega drengja) og að skólar verði aldrei reknir á forsendum hagnaðar. Tryggja beri aðgengi allra að

» Dögun hefur markað sér ítarlega stefnu. Framboðið setur meðal annars húsnæðismál á oddinn og vill hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.

skólum borgarinnar og tekjutengingar verði notaðar með virkari hætti, þar til gjaldfrjálsur skóla er náð. Einnig vill framboðið nota tekjutengingar á leikskólastiginu og á frístundaheimilum. Þannig að hinir efnaminni borgi minna og efnameiri meira. Í nýlegri frétt sem birtist í Morgunblaðinu kom fram að stærstur hluti launamanna er með um 200-300.000 í regluleg mánaðarlaun. Margir eru með lægri laun og eiga því erfðara með að ná endum saman. Fjölmargir lifa á örorkubótum eða

slíku. Hag þessa fólks verður að verja og Dögun vill stuðla að því.

Dögun setur fjölmörg önnur mál á oddinn eins og t.d. stofnun sérstaks Borgarbanka, sem er einungis viðskiptabanki en ekki fjárfestingarbanki, endurreisn bæjarútgerðar í Reykjavík og þá vill Dögun að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Sjálfur telur sá sem ritar þessa grein að Vatnsmýrin eigi ekki að verða fyllt af steinsteypu, það myndi meðal annars gjörsamlega eyðileggja fallegt útsýni yfir á Reykjaneskagann, þar sem til dæmis Keilir blasir við. Fjölmörg önnur rök væri hægt að tína til, t.d. öryggisrök fyrir alla íbúa Íslands og fleiri.

Að lokum vil ég svo hvetja lesendur til að kynna sér stefnu Dögunar nánar á heimasíðu framboðsins, www.dogunreykjavik.is.

Höfundur er stjórn málafræðingur og í fimmta sæti á lista Dögunar.

Náttúruhamfarir í Reykjavík?

Eftir Hafsteinn Sveinsson

Margir lækna og sjúkraliðar hafa staðfest að staðsetning Reykjavíkurflugvallar hafi bjargað mörgum mannlífum á liðnum árum. Sé það rétt, sem ég efast ekki um, þá fer heldur ekki á milli mála að staðsetning hans heldur áfram að bjarga mannlífum á komandi árum fáir hann að vera þar sem hann er í dag. Er einhver sem mótmælir því?

Er einhver sem vill í alvöru taka á sig ábyrgð mannfórna, vitandi vits? Það er erfitt að trúa því. Hvernig í ósköpunum getur þá meirihluti borgarstjórnar, með Dag B. Eggertsson, lækni, í broddi fylkingar leyft sér að vinna leynt og ljóst að því að fórna vellinum, þó staðhæft sé af marktækum mönnum að staðsetning hans geti ráðið úrslitum um björgun mannlífa? Er ekki eitthvað til sem heitir læknaeiður?

Allir vita sem vilja vita að það er ekkert annað ásættanlegt flugvallarstæði til í borgarlandinu. Að auki eru engir peningar til í nýjan flugvöll. Um þetta átakamál hlýtur að verða kosið í vor. Þó ég viti að forusta D-listans og Framsóknar hér í borg sé á móti því að völlurinn hverfi úr Vatnsmýrinni þyldi þjóðin alveg að þeir sýndu meiri baráttuvilja í þessu máli. Mikill meirihluti þjóðarinnar hefur sýnt svo afgerandi í skoðanakönnun vilja sinn sem er að flugvöllurinn verði áfram þar sem hann er í dag, svo hann megi halda því hlutverki sínu áfram að bjarga mannlífum með góðra manna hjálp og þjóna landinu öllu.

Eigum við að trúa því að meirihluti borgarstjórnar sé svo gæfuspauður að hann ætli sér að rústa innanlandsfluginu og um leið að hundsá þennan afgerandi meirihlutavilja þjóðarinnar? Sé svo, er þessi blessaða fólk meira en lítill vorkunn.

Svo eru það fluggarðar, þar skal nú bita hausinn af skömminni. Þar eru hátt í eitthundrað kennslu- og einkaflugvélar, flugskólar, flugskýli



Hafsteinn Sveinsson

og verkstæði fyrir flugflotann, þar sem hundruð manna hafa atvinnu.

Á haustdögum skal nú rústa þessu öllu. Áratuga uppbygging og ævistarf marga ásamt innanlandsflugi og nýnemar reknir brott. Já, er það ekki flott? Hjá mestu flugþjóð veraldar miðað við fræga hausatölu. Reykvíkingar, við

» Er einhver sem vill í alvöru taka á sig ábyrgð mannfórna, vitandi vits?

eigum leik í stöðunni 31. maí. Verði sá leikur afleikur verður hann ekki bara ógæfa Reykvíkinga, heldur þjóðarinnar allrar.

Höfundur er fyrrverandi skipstjóri.

NÝR BORGARI

Jón Sigursson
1811-1879

...í hverri viku

OSTBORGARI DELUXE TEISTÍ JUNIOR TVÖFALDUR OSTBORGARI HEIMSBORGARI JUNIOR

TILBOÐIÐ GILDIR ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 16:00

Friðrik A. Jónsson ehf

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta

Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað

Trollkerfi

Fiskimælir

3D Plotter

Mikilvægar breytingar á lögum LÍN

Eftir Hilmar Ögmundsson

Sigríður Ingibjörg Ingadóttur þingkona hefur lagt fram lagafrumvarp um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN). Breytingarnar snúa að endurgreiðslu og niðurfellingu námslána. Þetta frumvarp inniheldur sama efni sem var áður lagt fram af Lilju Mósedóttur og fleirum á 139., 140. og 141. löggjafarþingi. Að mínu mati er þetta eitt mikilvægasta lagafrumvarp seinni ára sem lagt hefur verið fram og sem snýr að námsmönnum.

Lagafrumvarpið gengur út á í meginatriðum að endurgreiðsla lántaka falli niður við 67 ára aldur og að ábyrgð ábyrgðarmanna á námslánum falli niður þegar ábyrgðarmaður nær 67 ára aldri að uppfylltum skilyrðum.

Að mínu mati á að liggja rík krafa til LÍN að útskýra fyrir námsmönnum í smáatriðum þær afleiðingar sem námslánið getur haft fyrir framtíðar efnahag námsmannsins. Þar sem námslánin eru verðtryggt getur fjárfestingin í námi orðið mjög dýr fyrir násmanninn með hækkandi verðbólgu. Í sumum tilfellum eru námsmenn að greiða af námslánum sínum fram yfir lífeyrisaldur. Það er því mjög mikilvægt að komið sé til móts við þá sem fjárfesta í námi og fella niður endurgreiðslur að minnsta kosti við lífeyrisaldur.

Krafan um ábyrgðarmenn á námslán hefur verið og er að mínu mati enn mjög undeild og hefur því verið haldið fram að hún samræmist ekki markmiði laga um LÍN að tryggja skuli jafnrétti til náms. Sumir námsmenn hafa ekki átt þess kost að fá ábyrgðarmann á lán sín og hafa því þurft að leggja fram bankatryggingu í þess stað. Árið 2009 var reglum LÍN breytt þannig að frá og með gildistöku laganna eru námsmenn sjálfir ábyrgir fyrir endurgreiðslu eigin námsláns, að uppfylltum skilyrðum um lánshæfismat. Þ.e.a.s. ekki þarf lengur að leggja fram yfirlýsingu annars manns um sjálfskuldarábyrgð.

Þessar reglur eru þó ekki afturvirkar sem þýðir að ábyrgðarmenn á eldri lánunum fá ekki fellda niður



Hilmar Ögmundsson

ábyrgðina. Ævilöng ábyrgð ábyrgðarmanns á námslán er að mínu mati með öllu óásættanleg. Sérstaklega þegar lítið er til þess að ekki þarf ábyrgðarmann á ný námslán hjá LÍN. Ég tel það því einungis verið að fara milliveg með að samþykkja þá breytingu á að ábyrgð ábyrgðarmanna á eldri lánunum sé felld niður

» Að mínu mati er þetta eitt mikilvægasta lagafrumvarp seinni ára sem lagt hefur verið fram og sem snýr að námsmönnum.

við 67 ára aldur. Ég hefði þó viljað að frumvarpið ætti að ganga enn lengra en lagt er til og fella niður alla ábyrgð ábyrgðarmanna afturvirk samstundis. Á þann hátt er stigið skref til jafnræðis á milli núverandi og eldra regluverks lánasjóðsins.

Ábyrgðarmenn námsmanna eru oftast en ekki foreldrar þeirra eða fjölskyldumeðlimir. Tökum sem dæmi námsmann sem tók námslán fyrir 2009 með foreldra sína sem ábyrgðarmenn. Fari svo að námsmaðurinn lendi í efnahagslegum erfiðleikum og getur ekki staðið undir greiðslum mun það einnig valda fjölskyldunni erfiðleikum og í versta falli gjaldþroti. Svo ekki sé talað um ef báðir foreldrar násmannsins deyja eru það erfingjarnir sem sitja uppi með ábyrgð námslánsins. Námsmaðurinn sem hins vegar tók námslánið eftir 2009 stendur og fellur með því einn.

Flestir vilja fara á eftirlaun með ró í huga og öryggi í efnahag en ekki hafa áhyggjur af námslánum sínum eða af ábyrgðum af námslánum barnanna sinna. Ég tel því mjög mikilvægt að þetta langþráða lagafrumvarp verði samþykkt og verði að veruleika. Og ég brýni fyrir alþingismönnum mikilvægi þess að það ríki samstaða þingmanna þvert á flokka að samþykkja þessar breytingar á lögum LÍN!

Höfundur er hagfræðingur.

BRIDS

Umsjón Arnór G. Ragnarsson| norir@mbl.is

Félag eldri borgara í Reykjavík

Fimmtudaginn 15. maí var spilaður tvímenningur hjá bridsdeild Félags eldri borgara, Stangarhyl 4 Reykjavík. Spilað var á 10 borðum. Efstu pör í N/S: Helgi Hallgrímss. – Ægir Ferdinandss. 269 Sigurjón Helgason – Helgi Samúelss. 249 Ragnar Björnsson – Bjarni Þórarinnss. 238 A/V

Albert Þorsteinss. – Bragi Björnsson 271 Ólafur Ingvarsson – Óli Gíslason 252 Jón P. Karlsson – Björgvin Kjartanss. 248

Gullsmárin

Spilað var á 12 borðum í Gullsmára mánudaginn 19. maí. Úrslit í N/S: Jón Bjarnar – Ari Þórðarson 228 Guðrún Hinriksd. – Haukur Hannesson 178 Samúel Guðmundss. – Jón Hanness. 175 Nanna Eiríksd. – Óskar Ólason 174 A/V Hrólfur Gunnarss. – Gunnar M. Hanss. 197 Haukur Guðmundss. – Stefán Ólafss. 193 Guðbjörg Gíslad. – Sigurður Sigurðsson 193 Björn Péturss. – Valdimar Ásmundsson 189

Móttaka aðsendra greina

Morgunblaðið er vettvangur lifandi umræðu í landinu og birtir aðsendar greinar alla útgáfudaga.

Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Kerfið er auðvelt í notkun og tryggir öryggi í samskiptum milli starfsfólks Morgunblaðsins og höfunda. Morgunblaðið birtir ekki greinar sem einnig eru sendar á aðra miðla.

Að senda grein

Kerfið er aðgengilegt undir Morgunblaðslóginu efst í hægri horni forsiðu mbl.is. Þegar smelt er á lógóið birtist felligluggi þar sem liðurinn "Senda inn grein" er valinn.

Hafðu áhrif, góðir kennarar – grunnur framtíðar

Eftir Gunnhildi Óskarsdóttur

Allir foreldrar vilja að börnin þeirra hafi góðan kennara og að þeim líði vel í skólanum. Kennarar landsins gegna einu mikilvægasta starfi sem hægt er að hugsa sér og þeir hafa vissulega áhrif.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands leggur metnað sinn í að mennta góða kennara til kennslu á öllum skólastigum. Í Kennaradeild er boðið upp á kennaranám á nokkrum námsleiðum allt eftir því hvaða sérfræðipækkingar kennaraneminn velur að afla sér.

Á námsbrautinni Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla sérhæfa verðandi kennarar sig í leikskólakennarafræði eða kennslu barna á yngsta stigi grunnskóla (1.-4. bekk). Leikskólakennaranemar geta skipulagt nám sitt þannig að það veiti heimild til að kenna yngstu nemendum grunnskólans og þeir sem sérhæfa sig í kennslu barna á yngsta stigi geta skipulagt námið þannig að það veiti heimild til starfa í leikskóla. Leikskólakennaranámi má nú einnig ljúka í ákveðnum þrepum og hefur verið ákveðið að bjóða upp á tveggja ára diplómanám fyrir starfsfólk leikskóla. Hægt er síðan að byggja ofan á það nám eða þegar hverjum og einum hentur.

Á námsbrautinni Grunnskólakennsla sérhæfa nemendur sig í tveimur kennslugreinum grunnskóla eða í kennslugrein og náms sviði. Námsbrautin Faggreina-



Gunnhildur Óskarsdóttir

kennsla er ætluð þeim sem vilja sérhæfa sig í einni kennslugrein og hyggja helst á kennslu á unglingastigi grunnskóla og fá þeir jafnframt heimild til að kenna sína grein í byrjunaráföngum framhaldsskóla. Þetta nám er einnig hægt að hefja eftir að bakalárprófi lýkur í einhverjum af kennslugreinum grunnskóla.

Á fjórðu brautinni eru meðal annars þeir sem hafa lokið menntun með meistarábréfi í iðn sem jafnframt er kennslugrein í grunnskóla eða í framhaldsskóla og sækja sér kennsluréttindi í sínu fagi. Námið er skipulagt með verðandi faggreinakennara í framhaldsskólum eða grunnskólum í huga. Að loknu eins árs námi sem veitir kennsluréttindi er hægt að halda áfram til BED-prófs í kennslufræði verk- og starfsmenntunar og er hið síðasttalda nýjung. Á fjórðu námsbrautinni eru einnig verðandi bóknámskennarar í framhaldsskóla en þeir stunda eingöngu nám á meistarastigi og hafa lokið öðru háskólaprófi.

Vettvangsnám er mikilvægur hluti af öllu kennaranámi og gert er ráð fyrir að kennaranemar nýti sér reynslu af vettvangi til að tengja saman verklega og fræðilega þekkingu.

Samkvæmt lögum frá 2008 er nám kennara á öllum skólastigum fimm ár og þarf nú meistaraþráðu til að fá réttindi. Í kjölfar lengingar námsins í fimm ár hefur umsóknunum um leik- og grunnskólakennaranám fækkað umtalsvert og

» Kennarar landsins gegna einu mikilvægasta starfi sem hægt er að hugsa sér og þeir hafa vissulega áhrif.

er það vissulega áhyggjuefni. Nú í vor mun fyrsti árgangurinn úr fimm ára MED-náminu útskrifast. Í náminu felst einnig aukin sérhæfing og aukin rannsóknarfærni. Það er trú okkar að lenging námsins og þessar áherslur í náminu sé besta leiðin til að efla kennsluna og þar með nám nemenda í skólum landsins.

Nýverið fór af stað átak á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands til að fjölga nemendum í kennaranámi. Í kynningu á átakinu segir: Tilgangurinn með því er að vekja athygli íslensku þjóðarinnar á kennarastarfinu. Hversu áhugavert og skemmtilegt það er og hversu mikil áhrif kennarar hafa á einstaklinga og samfélagið. Kennaramenntun er tækifæri til þess að hafa mótandi áhrif á íslenskt samfélag. Sjá nánar á vefsíðunni <http://www.hafduahrif.is/>.

Íslenskt samfélag þarf góða, áhugasama og vel menntaða kennara til starfa í skólum landsins. Ungu fólkið okkar er fjársjóður framtíðarinnar, mikilvægasti fjársjóðurinn og mikilvægasta auðlind landsins. Við verðum að hlúa að þessari auðlind og kennaramenntun er leiðin til að hafa áhrif til framtíðar.

Höfundur er deildarforseti Kennaradeildar Háskóla Íslands.

Málefni fólks með fatlanir í Árborg

Eftir Eyrúnu Björgu Magnúsdóttur og Estelle Burgel

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar, sem unnin var fyrir Öryrkjabandalag Íslands 2013 og 2014, kemur fram að aðeins um 19% starfsfólks á sveitarstjórnarstiginu eru vel að sér í mál-efnum fólks með fatlanir. Björt framtíð í Árborg vill nýta þessar niðurstöður til að auka fræðslu, til dæmis með námskeiðum frá Öryrkjabandalagi Íslands, með myndböndum og fyrirlestrum í skólum. Fræðslan má ekki vera bundin eingöngu við starfsfólk á sveitarstjórnarstiginu heldur þarf að vinna fræðsluefni sem miðar að öllum íbúum samfélagsins. Inn við beinið er enginn fordómalaus, við erum bara mannleg. Fordómar byggjast hinsvegar oft á þekkingarleysi og teljum við því tækifæri til viðhorfsbreytinga og fræðslu mörg og góð. Frá árinu 2011 hafa málefni fatlaðra verið á höndum sveitarfélaganna. Í Árborg hefur margt jákvætt og mikilvægt gerst í þeim málaflokki undanfarin ár en eftirspurn vegna úrræða er stöðug og fjölbreytt. Björt framtíð í Árborg telur að mikil uppbygging í þjónustu hafi átt sér stað en þó vanti enn frekari uppbyggingu. Okkur finnst mikilvægt að sveitarfélagið geti boðið boðið upp á sem fjölbreyttasta þjónustu sem fólk með fatlanir geti valið um. Sú



Eyrún Björg Magnúsdóttir



Estelle Burgel

þjónusta þarf að vera einstaklingsmiðuð, unnin og sniðin í samráði við þann einstakling sem mun nota þjónustuna. Við viljum stýðja við notkun notendastýrðar þjónustu (NPA). Stór hluti þeirra sem nota þjónustu eða aðstoð frá sveitarfélaginu fær oft þá þjónustu í gegnum fjölskyldu eða vini. Það þarf að vinna markvisst að því að koma fleiri ótengdum aðilum að því að veita þjónustuna og styrkja enn betur það sem er til staðar. Fyrst og fremst viljum við vinna út frá 1. grein samnings Sameinuðu þjóðanna „... að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göggi þess“.

Vitanlega er það langtímamarkmið okkar að auka búsetumöguleika að verulegu leyti og til fram-búðar. Fyrst og fremst teljum við samt að við þurfum að vinna að viðhorfsbreytingu í samfélaginu og auka fjölda starfsfólks eða þeirra

» Fordómar byggjast hinsvegar oft á þekkingarleysi og teljum við því tækifæri til viðhorfsbreytinga og fræðslu mörg og góð.

sem vinna við þjónustu við fólk með fatlanir. Einstaklingar sem búa í sjálfstæðri búsetu þurfa jú líka að fá þjónustu og aðstoð og þá þarf að vera til staðar starfsfólk til að sinna því. Viljinn er að geta unnið að enn fjölbreyttari þjónustumöguleikum, upplýstara starfsfólki, meira samstarfi við fólk með fatlanir eða skerðingar og í framhaldi fleiri búsetumöguleika. Sveitarfélagið okkar býr þegar að hæfu og dugmiklu starfsfólki sem hefur lagt málaflokknum ómælt lið.

Björt framtíð í Árborg telur það samfélagslega ábyrgð og skyldu okkar að sjá til þess að mannréttindi fólks með fatlanir séu virt og að jöfnuðar sé gætt gagnvart þeim sem og öðrum íbúum Árborgar. Við viljum vinna að aukinni samfélagsvitund um málefni fólks með fatlanir og skerðingar, líkamlegar sem geðrænar. Þegar við erum búin að samþykkja að umhverfi og viðhorf geti líka hamlað fólk þá getum við dregið úr þeirri skerðingu sem því fylgir.

Höfundar eru á lista Bjartrar framtíðar í Árborg fyrir sveitarstjórnarkosningar, Eyrún er í 2. sæti og Estelle í 8. sæti..

Gunnur Elísa Stefánsdóttir

† Gunnur Elísa fæddist á Ísa-firði 31. mars 1980. Hún lést 10. maí 2014 á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Foreldrar hennar eru Kristlaug Björg Sigurðardóttir, f. 2. janúar 1963 og Símon Elí Teitsson, f. 8. maí 1962. Pau slitu fljótt samvistir. Kristlaug giftist Stefáni Ingólfssyni, f. 7. okt. 1947, sem gekk Gunni í föður-stað. Hún ólst upp með þeim í Bolungarvík til 16 ára aldurs en þá fluttust þau á Djúpavog. Það-an lá leið hennar til Reykjavíkur þar sem hún nam við Lýðskólann og seinna tók hún nám í snyrti-fræðum. Systkini hennar í móð-urætt, börn Kristlaugar, eru Sig-urður Anton, f. 18. mars 1981, Auðbjörg Elísa, f. 14. mars 1983, Kristín Halla, f. 27. desember



Sigur Sveinssyni, f. 7. jan. 1978. Börn þeirra eru Alexander Bjarmi, f. 23. janúar 2000, Daniel Snær, f. 20. apríl 2001, og Embla Júlía Mjöll, f. 16. mars 2009. Gunnur hreifst af starfi víkinga og þegar hægði á í erlinum við rekstur heimilisins lagði hún sitt lið meðal góðra vina í flokki Ein-herja í Reykjavík. Útför Gunnar Elísu fer fram frá Kópavogskirkju í dag, 21. maí 2014, og hefst athöfnin kl. 13.

Elsku fallega Gunna mín, núna kveð ég þig í hinsta sinn. Ég mun alltaf eiga þær minn-ingar sem við áttum saman, sér-staklega síðustu heimsóknina. Þú varst alltaf svo hress og kát og vildir allt fyrir mann gera ef þú gast, alveg sama hvað það var. Hvort sem það var bara eitt lítið knús eða splæsa á mann pylsu. Krakkarnir þínir voru heppnir að fá að eiga þig sem móður, systkini þín sem systur, foreldrar þínir sem dótt-

ur og ég sem frænku. Eitt vil ég bara segja þér, Gunna mín, takk fyrir að vera alltaf þú, með þitt stóra hjarta. Ég mun alltaf elska þig og mun sakna þín endalaust, yndislega frænka mín. Nú kveð ég þig með söknuði, en ég veit að þú ert í góðum höndum þar sem þú ert núna. Góða nótt.

Peir segja mig látna, ég lífi samt og í ljósinu fæ ég að dafna.

Því ljósi var úthlutað öllum jafnt og engum bar þar að hafna. Frá litlu hjarta berst lítil rós, því lífið ég þurfti að kveðja. Í sorg og í gleði ég senda mun ljós, sem að mun ykkur gleðja. (Höf. Ók)

Elínborg Ósk Þórðardóttir.

Tengdadóttir okkar, Gunnur Elísa, er látin, nýlega orðin 34 ára. Gunnur var öflugur liðsmaður og gekk að hverju sem var. Á síð-ustu árum starfaði hún með vik-ingaklúbbi og síðla í febrúar kom hún heim úr för á víkingahátíð í York á Englandi í boði víkinga-klúbbs þar í borg. Hún var nokk-urn veginn eins og hún átti að sér að vera í fimm ára afmæl-ishöfi Emblu þann 17. mars. Um nóttina var hún flutt á bráða-móttökuna með mikil krampa-flog. Fljótlega kom í ljós að hún hafði illvigan vágast í heilanum, Gliomatosis Cerebris, sem engin lækning þekkist við. Það tók orku þessarar kraftmiklu konu sjö vikur að fjara svo út að loks varð ekki lengra haldið. Hún naut nærveru fjölskyldu og vina og alveg sérstaklega móður sinn-ar, systur og ömmu allt til hinstu stundar og fráberrar aðstoðar og hlýhugar hjúkrunarfólks á B2 á Borgarspítalanum og á líkn-ardeild Landspítalans. Gunnur kaus að fá vísur í gestabókina sína:

Við heilsumst öll við hjúkraðeinn þinn sem hér ert umlukt mengi góðra vina við horfum til og heidrum veginn þinn með hjartans þökkum fyrir samfylgdina.

Í hugann kemur handavinna Gunnar, sem fylgir tengdapabb-anum á ferðalögum. Það er sér-staklega hannað úrvalsteppi. Eftir eina kaldviðrisnótt í Nýja-dal varð til þessi morgunvísa:

Rjúki fold við reginstig og rofni himins brunnar þá er ljúft að leggja sig leynivopnið Gunnar.

Innilegt samúðarstreymi okk-ar til Davíðs, sonar okkar, og barnanna, Alexanders Bjarma, Daniels Snæs og Emblu Júlíu Mjallar, til allra ættingja þeirra og Gunnar fjölmörgu vina og kærar þakkir til þess óþreytandi starfsfólks Landspítalans sem annaðist hana.

Fæðing, lífið, ævintýrið – uns opnum brám er loksins aftur strokið markar ramma alls vors ævibruns – eilífd drottningar er þar með lokið.

Ragna Freyja Karlsdóttir og Gísli Ólafur Pétursson.

Það er alltaf sárt að sjá á bak fólki í blóma lífsins. Gunna Lís-a var barn að aldri þegar við kynntumst. Allar götur síðar lágu leiðir okkar saman þar til hún yfirgaf þennan heim, allt of ung.

Gunna mín var listakona sem fegraði lífið með stórkostlegum hannyrðum sínum, hafði þá náð-argáfu úr móðurætt sinni. Fátt fannst henni skemmtilegra en að undirbúa komu jólanna. Allt varð fint eins og í ævintýralandi jóla-barnsins. Það var eitthvað svo yndislegt að hringja í þessa elsku í október og heyra glað-lega frásögnina af því að hún væri að skreyta, baka, skrifa kortin og meira að segja pakka

in jólagjöfunum. Hún átt bara eftir að setjast niður með elsku-legu börnunum sínum til að skreyta sjálft jólatréð. Það var ómetanlegt og smitandi að fá frá henni kraftinn og gleðina til að halda áfram í amstri skammdeg-isins.

Gunnu lá á, hún var alltaf að flýta sér, það var eins og hún hefði vitað að jarðvist hennar yrði stutt og margt var sem hana langaði að gera.

Við hjónin erum svo lánsöm að eiga nokkuð af glæsilegu handverki hennar, muni sem gleðja og veita hlýju inn í hvern dag.

Síðustu vikur voru Gunnu og fjölskyldu hennar mjög erfiðar en valkyrjan bugaðist ekki, held-ur mætti örlögum sínum með fullri reisn og djörfung.

Gunna Lís-a, þú skilur eftir svo mikla fegurð í hjarta okkar sem eftir erum, fegurð minninganna um góða stelpu. Við erum þakk-lát fyrir að hafa fengið að kynn-ast þér. Hvíldu í friði, elsku Gunna mín.

Kallið er komið, komin er nú stundin, vinaskilnaðar viðkvæm stund. Vinirnir kveðja vininn sinn látna, er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast, margt er hér að þakka. Guði sé lof fyrir líðna tíð. Margs er að minnast, margs er að sakna. Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði, friður Guðs þig blessi, hafðu þökk fyrir allt og allt. Gekkst þú með Guði,

MINNINGAR | 27

Guð þér nú fylgi, hans dýrðarhross þú hljóta skalt.

Grátnir til grafar göngum vér nú héðan, fylgjum þér, vinur. Far vel á braut. Guð oss það gefi, glaðir vér megum þér síðar fylgja' í friðarskaut. (Vald. Briem)

Innilegar samúðarkveðjur til aðstandenda.

Sigurbjörg (Silla).

Kæra vinkona Hér sit ég eftir að hafa lesið dánartilkynninguna um þig og vil ekki trúa því að þetta sé okk-ar vinkonuendir. Þessi veikindi tók fljótt af, kannski sem betur fer, því þú hataðir að vera lasin. Vildir bara vera hamingjusóm, kát og alltaf hafa nóg að gera. Þú sinntir heimilinu þínu af mik-illi samviskusemi og vildir alltaf vera að laga það og bæta og allt-af fyrstu aðeins framúr þér.

Við vorum búnar að bralla svo mikið saman og skemmta okkur — og margt meira á dagskránni. Allavega, við frestum því þá bara þangað til að við hittumst næst. Takk fyrir alla rúntana niður Laugavegnn með tónlistina í botni, fyrir öll kvöldin sem við dönsuðum af okkur skóna, Te-nerifeferðina 2007 og allt hitt sem við erum búin að bralla saman. Ég sakna þín óendanlega mikið.

Vertu frjáls, vinkona. Fljúgðu — fljúgðu.

Sendi Davíð og krökkunum, fjölskyldunni og öðrum vinum mínar innilegu samúðarkveðjur.

Ágústa Nelly Hafsteinsdóttir.

Anna Margrét Cortes

† Anna Margrét Cortes var fædd í Reykjavík 18. ágúst 1921. Hún lést á Land-spítalanum í Foss-vogi 12. maí 2014. Foreldrar henn-ar voru Björg Zoëga Cortes, fædd í Reykjavík 1885, dáin 1960 og Ema-núel R.H. Cortes, yfirprentari í Gutenberg, fædd-ur í Stokkhólmi 1875, dáinn í Stokkhólmi 1947. Anna Margrét var yngst barna þeirra hjóna og síðust til að kveðja þennan heim. Systkini hennar voru: Thor Emanúel Cortes, prentari, fæddur 1910, dáinn 1974, Gunn-ar Jóhannes, lækniur, fæddur 1911, dáinn 1961, Emma Magdalena, fótaaðgerðarafræð-ingur, fædd 1912, dáin 2007, Axel Hermann, myndfaldari, fæddur 1914, dáinn 1969, Carl Torfi, fæddur 1916 og dáinn sama ár. Óskar Torfi, fíðluleik-



ari, fæddur 1918, dáinn 1965. Að lok-inni hefðundinni skólagöngu hóf Anna Margrét störf við afgreiðslu hjá Klæðaverslun Andrésar Andr-éssonar þar sem hún kynntist Stef-áni Valdimar Por-steinssyni, feld-skera, sem einnig starfaði þar. Stefán fæddist 2. júní 1919 á Bakka í Bakkafirði. Foreldrar hans voru Þorsteinn Valdimarsson, bóndi á Bakka, fæddur 1887, dáinn 1950 og Steinunn Guðbjörg Stefáns-dóttir frá Viðvík, fædd 1890, dáin 1922. Anna Margrét og Stefán giftust 1946 og voru í af-farsælu hjónabandi þar til Stefán lést 30. október 2012. Lengst af var Anna Margrét heimavinnandi húsmóðir en vann um tíma í Sælætisgerð-inni Freyju og einnig við af-greiðslustörf í herradeildinni

bræður, þá Gunnar, Thor, Axel og Óskar. Það var mjög kært á milli systkinanna, og fjölskyldu-böndin sterk. Á heimili foreldra okkar bjó einnig móðuramma okkar, Björg. Þær mæðgur áttu vel skap saman og gátu hlegið innilega að sömu hlutunum og gæddu þannig oft gráan hvers-dagsleikann lífi. Mamma var heimavinnandi húsmóðir að þeirra tíma hætti og það var ekki fyrr en seinna á ævinni að hún fór að vinna með heimilinu. Pabbi vann fyrir heimilinu sem feldskeri og klæðskeri, oft lang-an vinnudag. Heimilislífið ein-kenndist af vinnusemi því þær mæðgur, mamma og amma, voru báðar myndarlegar í höndunum, saumavélin var óspart notuð, auk þess sem amma þrjónaði, mamma saumaði út í púða, dúka, myndir og heilu veggteppin sem

þrýddu heimilið. Mamma og pabbi voru afar samrýnd og samtaka um að hlúa að fjölskyld-unni, og nutu þess að skapa hlý-legt og menningarlegt heimili þar sem bækur, fallegar myndir á veggjum, fallegt handverk og tónlist var í hávegum haft. Pau keyptu píanó á heimilið á fyrstu búskaparárunum, enda var mamma mjög músikólsk og spil-að stundum eftir eyranu en ann-ars tóku gestir og gangandi í hljóðfærið sem gerði heimilislífið liflegt og skemmtilegt. Þær mæðgur höfðu líka gaman af að halda boð, og minnisstæð eru jólaboðin fyrir stórfjölskylduna sem haldin voru á heimili for-eldra okkar. Samþýlið við ömmu var afar ánægjulegt og gefandi fyrir alla í fjölskyldunni. Emma, systir mömmu, sem var ógift, var sjálfsagður gestur á öllum

stórhátíðum og afmælum og dagsdaglega voru þær systur í góðu sambandi. Á sínum yngri árum var mamma í fimleikum hjá fimleikadeild Ármanns, og var í sýningarflokki félagsins, enda bar hún sig vel alla tíð, bein í baki og frjálssleg í fasi. Þegar við systurnar vorum vaxnar úr grasi og barnabörnin komu til sögunnar hófst nýr kafli í lífi mömmu og pabba. Barnabörnin, þau Stefán, Anna Margrét og Steinar, voru þeirra gæmsteinar og vildu afinn og amman allt fyr-ir þau gera. Fylgdust af áhuga með uppvexti þeirra og tóku virkan þátt í uppeldinu. Stund-um fylgdust þau vel með úr fjar-lægð, þ.e. þegar Björg var bú-sett erlendis með fjölskyldu sinni.

Við systurnar erum óendan-lega þakklátar fyrir þá um-hyggu og kærleika sem mamma sýndi okkur alla tíð. Hvil í friði, elsku mamma, Minning þín mun lifa í huga okkar og hjarta.

Björg og Steinunn.

Tengdamóðir mín, Anna Mar-grét Cortes, er látin. Kynni mín af Önnu, sem voru bæði löng og góð, höfðu varað í 44 ár. Þau koma sterkt upp í huga minn nú og munu lifa í minningunni. Hún og Stefán, eiginmaður hennar, sem lést 2012 reyndust okkur hjónum farsælir förunautar í lif-inu. Fyrir það er ég þakklátur og er viss um að lífskraftur hennar og gleði mun fylgja okk-ur áfram. Börnin okkar Bjargar hændust alla tíð að ömmu sinni og afa og sóttust eftir að vera hjá þeim. Amman og afinn munu einnig lifa í minningu þeirra. Megi hún hvíla í friði.

Halldór I. Elíasson.

Nú hefur amma á Silfurteign-um kvatt okkur. Blessuð sé minning hennar. Þegar við systkinin uxum úr grasi var allt-af mikil tilhlökkun að koma í helgarheimsókn til ömmu, afa heitins og Steinunnar frænku enda einkenndist heimili þeirra samtímis af gleði og ró. Gjarnan

var tekið í spil eins og Ólsen Ól-sen eða lönguvitleysu, en amma hafði alltaf gaman af spilum og spilaköplum. Hún átti líka stór þúspulspil sem við fengum að hjálpa til við að setja saman. Á meðan við gleymdum okkur í leikjum fór amma gjarnan inn í eldhús og hóf bakstur. Amma kunni svo sannarlega að baka og erum við ekki hissa á að klass-íska brúntertan hennar er uppá-haldskaka barnabarnabarnanna. Þegar amma tók sér hvíld frá húsverkum kom hún sér mak-índalega fyrir í uppáhaldsstól-nu í stofunni og tók sér annað hvort krossgátu í hönd eða skáldsögu. Ósjálfrátt pössuðum við að hafa hægara um okkur og fórum gjarnan út í garð að leika. En við tókum eftir að amma hafði alltaf augun á okkur.

Hjá ömmu og afa fundum við alltaf öryggi og hlýju og þeim var alltaf svo annt um að okkur erum við ekki hissa á að klass-íska brúntertan hennar er uppá-haldskaka barnabarnabarnanna. Þegar amma tók sér hvíld frá húsverkum kom hún sér mak-índalega fyrir í uppáhaldsstól-nu í stofunni og tók sér annað hvort krossgátu í hönd eða skáldsögu. Ósjálfrátt pössuðum við að hafa hægara um okkur og fórum gjarnan út í garð að leika. En við tókum eftir að amma hafði alltaf augun á okkur.

Hvil þú nú í friði, elsku amma. Minning þín mun fylgja okkur um alla framtíð.

Þó amma væri hæglat var hún sterkur persónuleiki og kraftmikil. Líkt og gildi um

Minningargreinar

Morgunblaðið birtir minningargreinar endurgjaldslaust alla útgáfudaga.

Skil | Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Smelltu á Morgunblaðslógið í hægra horninu efst og viðeigandi liður, "Sendu inn minningargrein", valinn úr fellingugganum. Einnig er hægt að slá inn slóðina www.mbl.is/sendagrein

Formáli | Minningargreinum fylgir formáli sem nánustu aðstand-endur senda inn. Þar koma fram upplýsingar um hvar og hvenær sá sem fjallað er um fæddist, hvar og hvenær hann lést og loks hvaðan og klukkan hvað útförin fer fram. Þar mega einnig koma fram upplýs-ingar um foreldra, systkini, maka og börn. Ætlast er til að þetta komi aðeins fram í formálanum, sem er feitletraður, en ekki í minning-argreinunum.

Myndir | Hafí mynd birst í tilkynningu er hún sjálfkrafa notuð með minningargrein nema beðið sé um annað. Ef nota á nýja mynd skal senda hana með æviágripi í innsendikerfinu. Hafí æviágrip þegar verið sent er ráðlegt að senda myndina á netfangið minning@mbl.is og láta umsjónarmenn minningargreina vita.

Stefán Karl Linnet

† Stefán Karl Linnet fæddist á Sauðárkróki 19. nóvember 1922. Hann lést 10. maí 2014.

Foreldrar hans voru Kristján Linnet, f. 1881, d. 1958, lengst af bæjarfógeti í Vestmannaeyjum og kona hans Jóhanna Júlíusdóttir Linnet, f. 1890, d. 1968. Alsystkini Stefáns eru Henrik, f. 1919, Elísabet Lilja, f. 1920, d. 1997, Hans Ragnar, f. 1924, d. 2002, Bjarni Eggert Eyjólfur, f. 1925, d. 2013 og Anna Kristín, f. 1927. Hálsystir hans sammæðra er Mjallhvít Margrét Linnet, f. 1911, d. 1972, og uppeldissystir Kristín Ásmundsdóttir, f. 1932.

Árið 1924 fluttist hann með foreldrum sínum til Vestmannaeyja þar sem hann ólst



upp. Í æsku fór hann í sveit á sumrin að Kleifum í Gilsfirði. Hann lauk prófi frá Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja 1940, og frá Loftskeytasólanum í Reykjavík 1941.

Árið 1942 lá leiðin til Bandaríkjanna þar sem hann var við nám og störf í fjölda ára. Lengst af vann hann hjá Ríkisútvarpinu við það sem upphaflega kallaðist magnaravörður en fékk svo heitið útsendingastjóri. Samhlíða því starfi vann hann sem framkvæmdastjóri Hermes lyfjaheildverslunar í mörg ár og eins starfrækti hann heildverslunina Linnet s/f á heimili sínu. Stefán kvæntist, 2. ágúst 1957, Elínu Sigurðardóttur, f. 1930, d. 2005, for-

eldrar hennar voru Sigurður Guðnason f. 1888, d. 1974 og Kristín Árnadóttir f. 1893, d. 1972. Stefán og Elín eignuðust tvo syni. Kristján Karl, f. 1957 giftan Sigríði Önnu Guðbrandsdóttur, Dætur þeirra eru Kristín Lilja, f. 1992 og Sólveig Júlía, f. 1998. Aður átti Kristján Elínu f. 1982, barnsmóðir Sigurð Karl, f. 1959, giftan Erlu Einarsdóttur. Dætur þeirra eru Sigurlaug, f. 1993 og Stefanía Elín, f. 1999, stjúpsonur Sigurðar, sonur Erlu, er Einar Aðalsteinsson, f. 1987. Stjúpdætur Stefáns, dætur Elínar og Júlíusar Gestssonar, eru Helga, f. 1952, gift Arnfinni Róberti Einarssyni f. 1962, dóttir hennar er Alba Solís, f. 1987 og Sigríður Sigurlaug, f. 1951, dætur hennar eru Laila Sif Cohagen, f. 1979 og Nína Cohagen, f. 1986. Barnabarnabörnin eru fimm.

Útför Stefáns fer fram frá Fossvogskirkju í dag, 21. maí 2014, og hefst kl 15.

fæðast með gott skap. Það fylgdi Stefáni alltaf, líka í veikindum hans. Það var því alltaf gaman að heimsækja hann á hjúkrunarheimilið Mörk, þar sem þjónustan var afar góð þó þjónustufólkið kynni ekki að greina á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Hann var sannfærður um að hótelið tilheyrði Hafnarfirði, Þaðan fékk hann sér huglægan göngutúr niður að höfn með látnum bróður sínum. Hér var lífið hætt að fylgja tímalínu. Allt var komið í hring þar sem forfeður og barnabarnabörn gengu samferða.

Stefán var sýslumannssonur og hafði alltaf haft nægt viðurværi í æsku. Erfðara var á fullorðinsárum þegar koma þurfti upp húsnæði og lán voru ekki á hverju strái. Hann var þó alltaf bjartsýnn og byggði hús við Rauðalæk ásamt bræðrum sínum. Við þjuggum þar í hálfkláraðri íbúð í nokkur ár en fluttum svo í Skipasundið þar sem öllum leið mjög vel. Þar var paradís fyrir börn, skurðir og hestar í túnunum.

Þetta var á þeim tímum þegar allt var tekið fyrir fram enda brann allt á verðbólguþáhi. Margir voru í reikningi og fengu skrifað í búðinni. Eitt árið fyrir júl var hart í húsi og fékk Stefán þá skrifaða peninga til að geta haldið jólin með stæl. Hann valdi alltaf það besta þó oft væru peningar af skornum skammti. Næstu kaup fengu bara að bíða þar til þau síðustu voru greidd.

Stefán sagði alltaf að ég ætti að giftast prinsu og því tók ég sem miklu hrósi. Þeir hafa nú verið fleiri en einn og hefur hann tekið þeim öllum afar vel.

Ég minnst hans með mikilli hlýju.

Helga Júlíusdóttir.

Þegar ég hugsa um afa hugsa ég um tver manneskur.

Afa Stefán úr barnæsku minni sem passaði mig eftir skóla, hélt öll fjölskylduböðin, kynnti fyrir mér klassíska tónlist og Charles Dickens; og afa Stefán eftir andlát ömmu. Sá afi gleymdi flestu, keypti kornflex fjórum sinnum í Rangá því hann var búinn að gleyma að það var til heima; hann bauð mann samt alltaf velkominn, spurði þrisvar hvort hann væri búinn að hjóða manni eitthvað.

Mér var eitt sinni sagt að maður ætti að einblína á góðu minningarnar frekar en að velta sér upp úr sorginni og afi veitti mér fjölda minninga til að rifja upp þegar ég þarf á því að halda. Skákin sem við spiluðum oft, þolinmæði hans þótt ég hefði lítinn áhuga á taflinu og vildi heldur fara með skákmennina í skrudgöngu; ritvélin sem við frænkurnar stálumst til að skrifa á, mjólkín með bláa handfanginu, lágværa blístrið sem enn þann dag í dag minnir mig á gamla tíð.

Elsku afi, takk fyrir allar yndislegu stundirnar, minning þín mun lifa með mér hvert sem ég fer. Með kærleikskvæðju og söknuði kveð ég þig og veit að þú ert kominn á betri stað.

Kristín Lilja Linnet.

Þá er hann elsku afi búinn að kveðja. Síðustu daga hefur hugurinn reikað mikið til afa og ömmu í Skipasundið þar sem ég var svo lánsöm að búa í nokkur ár, sem barn, ásamt mömmu, Stjána, Sigga og Ellu frænku. Eftir að við fluttum úr Skipasundinu var ég þó alltaf með annan fótinn þar og fannst ég eiga mitt annað heimili þar.

Það var alltaf fullt hús heima hjá afa og ömmu í Skipó. Andrúmsloftið inni á heimilinu var alveg einstakt og við barnabörnin sóttum mikið þangað. Á sumrin fannst mér Skipasund 43 heimsins besti staður og gisti oft í litla svefnsófanum á neðri hæðinni og þurfti mamma stundum að plata mig heim þegar ég hafði fengið að gista margar nætur í röö. Bæði amma og afi voru svo þolinmóð og ljúf og umfram allt voru þau svo dugleg að tala við mann um lífið og tilveruna. Mér er sérstaklega minnisstætt eitt kvöld þegar amma, á sinn yfirvegaða máta, reyndi að útskýra fyrir mér hvað það væri að vera hamingjusamur.

Afi hefur alltaf verið mjög iðinn við að taka myndir af fjölskyldunni og í herberginu með litla svefnsófanum var bókahilla full af myndaalbúnum sem spönnuðu marga áratugi. Afi hafði alltaf nógan tíma til að sitja með mér og segja frá öllu fólkinu á myndunum og aldrei fékk ég nóg af að hlusta. Við frændsystkinin flettum þessum albúnum ennþá þegar við hittumst og minnumst góðra tíma úr Skipasundinu. Parna var allt fyrir mann gert; Disneyspólur, Olsen Olsen og ameriskur „milkshake að hætti afa serveraður út í garð.

Það var sjaldan dauð stund hjá afa. Hann æfði leikfimi og hitti félaga í bridge. Tæplega áttæður ákvað hann að mála alla glugga á húsinu og stóð þar eins og unglingur, hátt upp í tröppum með pensilinn. Amma veiktist skyndilega síðla sumars árið 2000 og afi stóð sig eins og hetja. Í þau fimm ár sem hún bjó á Droplaugarstöðum fór hann til hennar tvisvar á dag, alla daga vikunnar og sat hjá henni og hugsaði svo ótrúlega vel um hana. Hann passaði meira að segja upp á að hún fengi sherrytár á kvöldin eins og henni hafði þótt svo gott.

Þrátt fyrir að minnið hafi orðið ansi slappt á seinustu árum tókst afa alltaf að muna öll nöfn og þekkja alla afkomendur sína, sem manni þótti oft ótrúlegt miðað við hvað margt ann-

að hafði horfið. Öll tímabil lífs hans virtust renna saman undir það síðasta og allir sem höfðu verið honum kærir voru í hans huga lifandi og í blóma lífsins.

Það er sárt að kveðja en ég sá á honum um jólin að hann var orðinn þreyttur og tilbúinn til þess að kveðja þennan heim eftir góða ævi. Hann myndi ef laust segja „Þetta er allt í orden.“

Ég er óendanlega þakklát fyrir að hafa átt hann afa að. Takk fyrir allt.

Alba.

Nú eru þeir allir horfnir yfir móðuna miklu, föðurbræður mínir, sem voru mér svo mikils virði í æsku, Hansi, Bjarni og Stebbi, sem við kölluðum alltaf Stebba Kalla, nema Bjarni frændi, sem var sérfræðingur í viðurnefnum og kallaði hann Spessa, því hann notaði gjarnan orðið „special“ þegar hann var að segja frá einhverju merki-legu. Faðir minn, Henrik, sem er elstur þeirra bræðra, og yngsta systirin, Anna Kristín, eru ein eftir á lífi.

Það var viss ævintýraljómi yfir Stefáni Karli Linnet, því hann hafði verið í Ameríku á heimsstyrjaldarárunum og „lært fjarskiptafræði, radio og loftskeyti og innvolsið í græjunum sem þar koma við sögu, en notaði fristundirnar til að kynna sér ljósmyndavélar, tækni og tölur,“ svo vitnað sé í Þjóðsögur Jóns Múla Árnasonar. Ennfremur upplýsti Jón Múli að þegar Stebbi myndaði á kvöldin á Zansibarklúbnum í New York, kyssti söngkona Duke Ellingtons, Kay Davis, hann alltaf þegar hún kom í vinnuna að syngja með Ellingtonbandinu. Það var því ekki ónýtt að eiga myndir sem Stebbi tók á Zansibar af hetjum mínum í djassinum, Duke Ellington og Louis Jordan. Þær fékk ég síðar að birta í Lyst-ræningjanum. Hann gerði meira en það, því þegar við Kristján bróðir vorum enn á barnaskólaaldri, gaf hann okkur tugi 78 snúninga platna og tífaldaði þar með djassplötusafn okkar. Duke Ellington, Fats Waller, Benny Goodman og megnið af því sem Lionel Hampton hljóðritaði fyrir RCA-Victor. Var nokkur furða að kettinum okkar væri gefið nafnið Lionel Hampton.

Þegar Stebbi kom heim fór hann að vinna hjá Ríkisútvarpinu sem magnaravörður, en slíkir kallast víst útsendingastjórar nú um stundir, og þar sátu þeir Jón Múli saman í fjórutíu ár, hvor sínum megin við glerið sem skildi að magnaravörðinn og þulinn. Af þeirri samvinnu eru skemmtilegar sögur í öðru bindi Þjóðsagna Jóns Múla. Stebbi var vinsæll og traustur starfi í sínu og voru þulirnir, tæknimennirnir og aðrir starfsmenn útvarpsins miklir vinir hans. Við Stebbi unnum báðir hjá Útvarpinu síðustu starfsár hans þar. Þá vann hann við að ganga frá regluböndum og sjá um að hvergi vantaði neitt í hljóðverin. Hann var kjörinn í það starf því nákvæmari og reglufastari maður fyrirfannst ekki innan veggja stofnunarinnar. Þeirra kosta hans naut Ella kona hans ríkllega, er hún varð rúmföst vegna veikinda enda Stebbi mikill fjölskyldumaður. Hann var líka mikill Linnet og hafði uppi vatnslitamyndir af skjaldarmerki ættarinnar og spörfuglinum linnet, sem hollensku keppendurnir, er urðu í öðru sæti Evrópusöngvakeppninnar kenndu sig við. Stebbi frændi hefði kunnað að meta það. Kristjáni, Sigga, Helgu, Lottu og þeirra fólki sendum við Anna Bryndís okkar innlegustu samúðarkvæðjur.

Vernharður Linnet.

Mínar fyrstu minningar um Stefán eru dekur hans við mig, matvanda. Um smurbrauðsgerð var að ræða þar sem mysingur var smurður vel sléttur og síðan skreyttur fagurlega með röndum dregnum í ferninga og tigla. Maðurinn var líka vel hagur í teikningu og liggja eftir hann myndir sem bera því sannarlega vitni. Hann vildi þó sverja sig í Kleifaættina í smíðum þar sem menn höfðu víst fleiri en einn þumal á hverri hendi. Á Kleifum var hann í sveit og minnst þess með gleði allt fram í andlátíð. Vestmannaeyjar áttu líka stóran sess í hjarta hans, þar mundi hann eftir sér fyrst og hjó langt fram

á unglingsárin. Stefán var að mörgu leyti sérstakur, vildi vera vel til fara og átti töluvert safn af fötum. Þó man ég sérstaklega eftir aragrúa af fallegum bindum og slaufum sem þurfti að hnýta. Allt sem hann notaði næst sér varð að vera hvítt, nærfötin, rúmfötin og handklæðin. Meira að segja sápan varð að vera hvít og helst af gerðinni Lux.

Hann var ekki einn af þeim sem stóðu út við dyr verslana og bíðu þess að konan lyki viðskiptunum. Hann tók virkan þátt, þreifði og hafði sína skoðun. Sem unglingur fékk ég mikinn áhuga á fötum. Minipils voru í tisku og mamma gat

saumað. Stefán vann þá í Ingólfsapóteki og stundum var farin bónleið þangað í von um að verða sér úti um efni í pilsíð. Hann tók mér alltaf vel en vildi fara með og kanna gæðin. Stundum mátti sjá þóttasvip á afgreiðslukonunum þegar hann lýsti yfir að þetta væri nú ekki alveg nógu gott og því er ekki að neita, þetta var nokkuð þungur tollur fyrir unglinginn.

Hann var hjálpsamur, hafði búið lengi í Ameríku, talaði ensku og var vel ritfær. Hann hjálpaði mörgum í bréfaskriftum þegar þeir voru að byrja sín viðskipti við útlönd. Þeir töldu sig oft standa í mikilli þakkarskuld og vildu gjalda honum, oft löngu síðar þegar allt var komið í höfn.

Það eru mikil lífsgæði að

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELÍGUNNUR BIRGISDÓTTIR, Eilý,

Vestursíðu 12 A, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 16. maí.

Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 26. maí kl. 13.30.

Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Krabbameinsfélags Íslands.

Gunnar Þór Jónsson, Anna Kristín Jónsdóttir, Sólrún Helga Jónsdóttir, Margrét Hjördís Jónsdóttir, Richefeu Olivier, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, Sýlvía Sædis Kristjánsdóttir, Sigurður I. Steindórsson, barnabörn og barnabarnabörn.

+

Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

SVERRIR BENEDIKTSSON, Sjúkrahúsinu á Seyðisfirði, áður til heimilis á Öldugötu 6, Reyðarfirði,

lést aðfaranótt mánudagsins 19. maí á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði.

Útför auglýst síðar.

Þökkum starfsfólki Sjúkrahússins á Seyðisfirði fyrir góða umönnun.

Örn B. Sverrisson, Ingibjörg G. Marisdóttir, barnabörn og aðrir aðstandendur.

+

Elskuleg dóttir mín,

HILDUR ÓSKARSDÓTTIR, Einarssnesi 62a,

lést á heimili sínu mánudaginn 19. maí.

Fyrir hönd aðstandenda,

Gunnlaug Emilsdóttir.

+

Systir mín,

LAURA LOUISE BIERING, Síttuvegi 15, Reykjavík,

er látin.

Jarðarför auglýst síðar.

F.h. fjölskyldunnar,

Henrik P. Biering.

+

ÓLAFUR ÁSGEIRSSON

fv. Þjóðskjalavörður og skátahöfðingi,

sem lést sunnudaginn 11. maí verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 23. maí kl. 15.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Ólafs Ásgeirssonar til uppbyggingar á Útillfsmiðstöð skáta á Úlfjótavatni, kt. 420278-0209, reikn. 0513-14-290940.

Vilhelmina E. Johnsen, Dagmar Ýr Ólafsdóttir, Ásgeir Ólafsson, Elínborg Ingunn Ólafsdóttir, Stefán Ingi Valdimarsson og barnabörn.

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,


KERSTIN TRYGGVASON, áður til heimilis að Nökkvavogi 26, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum laugardaginn 17. maí.

Útför fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 26. maí kl. 13.00.

Þorsteinn Tómasson, Haraldur Tómasson, María Tómasdóttir, Tumi Tómasson, barnabörn og barnabarnabörn.

Sophie Kofoed-Hansen, Inga Guðmundsdóttir, Hafsteinn Gunnarsson, Allyson Macdonald, barnabörn og barnabarnabörn.



Minningar um látinn ástvin í fallegri bók



Minningarorð og kveðjur samferðamanna eru dýrmætur virðingurvottur sem eftirlifandi ástvinum gefst nú kostur á að búa veglega umgjörð til varðveislu um ókomin ár.

Minningar er fallega innbundin bók sem hefur að geyma æviágrip og allar minningargreinar sem birst hafa um viðkomandi í Morgunblaðinu eða á mbl.is.

Bókina má panta á forsiðu mbl.is eða á slóðinni mbl.is/minningar. Um leið og framleiðslu er lokið er bókin send í pósti.

Hægt er að kaupa minningabækur með greinum sem birst hafa frá árinu 2000 og til dagsins í dag.

Morgunblaðið

mbl.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

JÓNS KR. BJARNASONAR,
Sléttuvegi 21,
Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum fimmtudaginn 8. maí.
Útförin fór fram í kyrrþey föstudaginn 16. maí að ósk hins látna.

Guðríður Pálsdóttir,
Eiríkur Jónsson,
Ingunn Jónsdóttir,
Kristján Örn Jónsson,
Bjarni Jón Jónsson,
Guðrún og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐLEIF KRISTJÁNSDÓTTIR,
Staðarhvammi 7,
Hafnarfirði,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 14. maí.
Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 27. maí kl. 15.00.



Helgi Hermann Eiríksson,
Halldóra Kristín Helgadóttir, Samúel Guðmundsson,
Eiríkur Þór Helgason,
Ívar Helgason,
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

GUÐJÓN HERMANN HANNESSON,
Mýrum 1,
áður Valhöll,
Patreksfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar 11. maí. Útförin fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 24. maí kl. 14.00.



Guðrún Guðjónsdóttir Bergmann,
Guðni Guðjónsson,
Hermann Guðjónsson,
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri

GÍSLI JÓN HELGASON,
Hátúni 4,
Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild LSH við Hringbraut mánudaginn 19. maí.
Útför auglýst síðar.
F.h. fjölskyldu og vina,

Jónína Böðvarsdóttir,
Sigurður Ellert Sigurðsson.



Ástkær eiginmaður minn og fósturfaðir okkar,

HERMANN ÞORSTEINSSON,
Espigerði 2,
(Þórsgötu 9),

verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 22. maí kl. 15.00.

Konurnar hans þrjár:
Helga Rakel, Steinunn Sara og María.



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

KRISTÍNAR PÁLSDÓTTUR
frá Þingholti,
Bessahrauni 11b,
Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja.

Guðmundur Huginn Guðmundsson, Þórunn Gísladóttir,
Bryndís Anna Guðmundsdóttir,
Páll Þór Guðmundsson,
Gylfi Viðar Guðmundsson,
Rut Haraldsdóttir,
Sólrun Erla Gunnarsdóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.



Steinn Steinsen

† Steinn Steinsen bifvélavirkja-meistari fæddist í Reykjavík 20. febrúar 1953. Hann lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 12. maí 2014.

Foreldrar hans voru Eggert Steinsen, f. 5. desember 1924, d. 15. janúar 2010 og Steinunn Jónsdóttir, f. 7. janúar 1930, d. 1. mars 2014. Systkini Steins eru: a) Rúnar Hans, f. 1949, maki Guðrún Guðmundsdóttir, b) Anna, f. 1959, maki Sigurður Már Einarsson, c) Ragnheiður, f. 1963 og d) Jón, f. 1967, d. 1994, maki Brynja Sigurðardóttir. Eftirlifandi maki Steins er Ásta



María Björnsdóttir, leikskólastjóri, f. 22. mars 1957. Þau giftust 30. júlí 1987 og bjuggu lengst af á Öldugötu 22 í Hafnarfirði. Þeirra börn eru: a) Steinunn Dögg, efnaverkfræðingur, f. 1979, maki Kristbjörn Helgi Björnsson, f. 1977, þau eiga Íðunni Völu, f. 2010, b) Steinarr Logi, málari, f. 1985, maki Arnbjörg Jóhannsdóttir, f. 1985, og á hún einn son, Ævar Frey, f. 2005, en saman eiga þau Nonna Stein, f. 2014, c) Auðun, nemi í LHÍ, f. 1993.

1979, maki Kristbjörn Helgi Björnsson, f. 1977, þau eiga Íðunni Völu, f. 2010, b) Steinarr Logi, málari, f. 1985, maki Arnbjörg Jóhannsdóttir, f. 1985, og á hún einn son, Ævar Frey, f. 2005, en saman eiga þau Nonna Stein, f. 2014, c) Auðun, nemi í LHÍ, f. 1993.

músastigagerð. Við skemmtum okkur svo vel öll. Ég er svo þakklát fyrir að hafa kynnst þér og fengið tíma með þér á Öldugötunni, í skúrnun og á flakki um landið. Þú opnaðir heimili þitt og hjarta fyrir okkur mæðginunum og fengum við aldrei að upplifa annað en að vera partur af fjölskyldunni. Þú fórst í öll hlutverk og gerðir allt svo vel. Ekki er hægt að hugsa sér betri tengdafaðir og betri afa fyrir börnin sín, þín verður sárt saknað.

Arnbjörg Jóhannsdóttir

Eftir fráföll Steins, okkar ástkæra bróður, hefur hugur okkar systkina hans leitað til æskuáranna þegar við vorum að alast upp í Kópavoginum. Í minningunni var alltaf líf og fjör í kringum Stein, hann var alltaf að framkvæma eitthvað þegar hann var strákur, alltaf að búa eitt-hvað til. Hann smíðaði ótrúlega flotta kassabíla og eftir að smíðavöllur var settur upp á vegum bæjarins í nágrenni við heimili okkar var hann þar öllum stundum við smíðar á miklum byggingum. Foreldrar okkar studdu við þessa sköpunarþörf sonarins með því að hjálpa til við að útvega efni, spýtur og nagla til að smíða úr, málningu til að alast hús og bíla, ásamt hjólum sem þurfti undir alla kassabílana. Óhjákvæmilega fylgdu þessari athafnaþörf ýmis meðlsli sem þurfti að láta gera að og voru þau um tíma tíðir gestir á slysavardstofnunni með drenginn.

Eflaust hafa foreldrar okkar ekki alltaf verið jafn ánægðir með uppátækin hans því hann var líka algjör prakkari. Eitt sinn smíðaði Steinn kofa við Nýbýlavegin og setti upp blómabúð, þar sem hann seldi fjölar blóm. Okkur minnir að búðin hafi ekki verið opin nema einn dag, því foreldrar okkar uppgötvuðu að hann hafði „grísjad“ garða nágranna til að fá blóm í búðina sína. Ein jóln þurfti að ritskoða piparkökurnar sem boðnar voru gestum því Steinn og vinur hans, Þórhallur að okkur minnir, buðust til að hjálpa til við að skreyta kökurnar. Þeir skreyttu karlana og kerlingarnar þannig að þau litu út fyrir að vera nakin, nárvæmlega teiknuð brjóst og aðrir líkamspartar, sem venjulega

Elsku Steinn.
Andlát þitt og veikindi eru enn svo óraunveruleg fyrir mér. Það er svo stutt síðan við vorum saman í Kaupmannahöfn að keppa í

Elsku Steinn.

Andlát þitt og veikindi eru enn svo óraunveruleg fyrir mér. Það er svo stutt síðan við vorum saman í Kaupmannahöfn að keppa í



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls föður okkar,

BJÖRNS EYSTEINSSONAR,
Hjallabraut 25,
Hafnarfirði.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

Erna Björnsdóttir,
Eysteinn Björnsson,
Hanna Ragnheiður Björnsdóttir.



Steinn lærði bifvélavirkjun og má segja að það hafi verið hans aðalstarf í gegnum tíðina þó svo að hann hafi unnið ýmis önnur störf í lengri eða skemmri tíma. Hann vann við og rak síðar hljómplötupressunina Alfa í Hafnarfirði um árabíl. Einnig vann hann við plastgluggasmíði, byggingareftirlit, blikksmíði og trésmíði. Síðustu árin vann hann á þjónustuverkstæði Bernhard ehf. á Íslandi. Steinn hafði alltaf mikinn áhuga á siglingum og var einn af stofnendum Siglingafélagsins Ýmis í Kópavogi. Hann átti þátt í að smíða Skýjaborgina, eina af fyrstu keppnisskútum hér á landi. Hann sigldi tvisvar á seglskútu yfir Atlandshafið frá Bretlandi til Íslands.

Útför Steins fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, 21. maí 2014, kl. 13.

eru huldur fötum, prýddu kökurnar.

Þegar Steinn var unglingur fékk hann áhuga á siglingum og seglbátum og smíðaði ásamt öðrum fyrstu „Fireball“-seglbátana á Íslandi og tók síðar þátt í að smíða Skýjaborgina, 25 feta kjölbát, með Rúnari bróður sínum og fleirum. Steinn óx aldrei upp úr því að hafa gaman af því að smíða, bæta og laga og nutum við systkini hans góðs af því í gegnum árin, því það var sama hvað þurfti að gera, það lék allt í höndunum á honum. Hann var alla tíð boðinn og búinn að hjálpa okkur ef við þurftum aðstoð, hvort sem það var að gera við bílinn okkar, flytja búslóðir á milli húsa, setja upp eldhúsinnréttingu eða styðja okkur ef við lentum í erfiðleikum.

Steinn sinnti fjölskyldu sinni af miklum kærleik og hafa þau nú misst mikið. Ásta María og börnin þeirra, Steinunn Dögg, Steinarr Logi og Auðun, stóðu sem klettur við hlið hans í hans stuttu og snöru veikindum og fyrir þá hlýju og umönnun sem þau sýndu okkar kæra bróður viljum við þakka um leið og við sendum þeim og fjölskyldum þeirra samúðarkveðju.

Við systkinin teljum það vera mikil forréttindi að hafa fengið að alast upp með þessum duglega og fjöruga bróður, töffaranum sem var líka svo hlýr og nærgættinn ef á þurfti að halda, prakkaranum sem náði að varðveita barnið í sér alla tíð.

Þegar þú ert sorgmæddur, skoðaðu þá aftur huga þinn og þú munt sjá að þú grætur vegna þess, sem var gleði þín. (Kahlil Gibran)

Minning þín er ljós í lífi okkar, elsku bróðir. Þín systkini,
Rúnar, Anna og Ragnheiður Steinsen.

„Falleagasti maður og minn besti vinur, í öllu og allstaðar, guð hvað ég sakna hans, elsku frænka.“

Tárin streyma niður kinnar frænku minnar þegar hún talar um fallegu stundirnar þeirra Steins, enda alltaf bros og heiðarleiki í hjónabandi þeirra. Góðar minningar eru demantar sem glitra í fallegu, heilu börnum þeirra og barnabörnunum. Takk, elsku Steinn, fyrir að hafa hitt frænku mína, Mariu, og að ég hafi fengið að horfa á hamingju ykkar og barnanna.

Elsku frænka, börn og barnabörn, Guð styrki ykkur og blessi. Þín,

Sigríður María.

Við andlát Steins rifjast eingöngu upp góðar minningar. Ég kynntist þeim hjónum árið 1998 og hefur sú vinátta staðið síðan þó mislangt hafi verið á milli heimsókna. Steinn og Ásta María voru einstök hjón og það sem ein-kennði þau bæði var hvað þau voru góðir vinir hvort annars. Ég

man ekki í eitt einasta skipti eftir að hafa heyrt þau tala illa um nokkurn mann og alltaf var ég velkomin. Hvergi var betra að leita ráða en hjá þeim hjónum. Steinn var alltaf tilbúinn að hlusta og spjalla, hann hafði einstakan hómur og ég man ekki eftir að hafa farið frá honum öðru vísi en í betri liðan. Steinn var einstaklega fallegur maður, bæði að innan og utan.

Elsku Ásta María, ég samhryggist þér og fjölskyldu þinni innilega og bið Guð um styrk ykkur til handa.

Ég kveð vin minn með þessu ljóði:

Umhyggju og ástúð þína
okkur veitir hverja stund.
Ætíð gastu öðrum gefið
yl frá þinni hlýjulund.

Gáfur prýddu fagurt hjarta,
gleðin bjó í hreinni sál.

Í orði og verki að vera sannur
var þitt dýpsta hjartans mál.

(Ingibjörg Sigurðardóttir)

Herdís Hjörleifsdóttir

Á Öldugötunni í Hafnarfirði höfum við búskap endur fyrir löngu og Steinn og Maja voru fyrstu nágrannarnir sem við kynntumst. Reyndar þeir einu, því þessi vinátta dugði okkur ágætlega. Þetta voru ár með basli og bruggi, barneignum og bláviðgerðum. Veðrið var gott, tilveran tiltölulega ljúf og okkur leiddist aldrei. Á þessum árum vann Steinn mikið heima í bílskúrnun en þrátt fyrir mikla vinnu hafði hann alltaf tíma fyrir börnin og hafði einlægan áhuga á öllu sem þau tóku sér fyrir hendur.

Þessa gömlu daga rifjuðum við Steinn upp fyrir rúmum mánuði. Við gátum alltaf hlegið að verslunarmannahelginni 1988 þegar við fórum aldrei lengra en út í kjörbúðina til að kaupa grillmat og gefa kaupmanninum í aðra tána, sem endaði með því að hann neynti ekki lengur að afgreiða og lokaði frekar snemma. Við mundum allt sem hafði gerst þennan dag og aðra álíka skemmtilega daga. Við mundum líka hvernig við höfðum ákveðið framtíðina.

Við ætludum öll að verða gömul saman, sitja á góðviðrisdögum út undir vegg, kannski með eitthvað létt í glasinu, horfa á barnabörnin leika sér, áhyggjulaus, því ekkert væri annað fram undan en að njóta lífsins.

Þessar minningar yljúðu okkur þetta síðdeggi. Steinn vissi hvað var framundan, var æðrulaus og ókvíðinn og nokkuð sáttur við dagsverkið sitt, þótt hann hefði kosið að sinna því lengur. En í þessu ræður enginn hvar nótt nemur:

Ög þegar dauðinn kemur segi ég ekki: komdu sæll þegar þú vilt heldur segi ég:

máttu vera að því að biða stundarkorn?
Ég bið aldrei eftir neinum segir hann og heldur áfram að brýna ljáinn sinn. Þá segi ég:
æ lof mér að lífa fram á vorið segi ég bara ofurlítið fram á vorið því þá koma þessi litlu blóm þú veist sem glöddu mig svo mikið í vor er leið og hvernig get ég dáð án þess að fá að sjá þau

einu sinni enn bara einu sinni enn?
(Jóhannes úr Kötlum)

Hugur okkar og samúð er hjá Maju og börnunum. Minning Steins lifir.

Gísli Ásgeirsson og Margrét Sigrún Jónsdóttir.

Kær vinur er farinn, svo alltof, alltof fljótt. Steinn greindist með illvigan sjúkdóm fyrir 3 mánuðum sem tók smátt saman frá honum allan mátt þar til yfir lauk, 12. maí. Það var um átta ára aldur sem við kynntumst og vinir vorum við frá því við vorum þrettán ára. Á æskuheimili hans, Nýbýla-

HINSTA KVEÐJA Elsku affi. Mikið elska ég þig. Ég segi Nonna Steini frá þér og ferðalögum og allt það skemmtilega og hvað þú varst alltaf hress eins og í veiðiferðinni. Sakna þín svo mikið. Guð blessi þig. Ævar Freyr.	
Elsku affi. Ég er svo glöð og ánægð að hafa verið afstelpen þín. Það var alltaf svo gaman að koma í heimsókn til þín og fá að leika með þér. Þú varst alltaf tilbúinn að leika og gera eitthvað skemmtilegt. Mér fannst alltaf svo gaman þegar við fórum með þér og ömmu í sumarbústað og áttum sumarfrí saman. Ég lofa að passa ömmu vel og vera góð við hana og gera allt með henni sem við vorum von að gera saman. Þín, Íðunn Vala.	

vegi 29, var alltaf opið hús fyrir okkur vini Steins og ekkert mál að bæta við nokkrum sísvögum strákum í mat eða kaffi.

Ég þakka fyrir tímann sem við áttum saman í öll þessi ár og stundirnar sem við vorum saman í veikindum hans þar sem við rifjuðum upp þær dásamlegu stundir sem við áttum með vinum okkar. Það var af nógu að taka. Siglingaklúbbarnir Kópanes og Ýmir, Sjallinn, Sigtún, Klúbburinn og Saltstokk. Ferð með siglingaklúbbnum til Glasgow. Heimsmeistaramót á Fireball í Travemünde, Smíðin á Skýjaborginni með Rúnari, bróður hans, og Binna.

Pegar Steinn var kominn yfir tvítugt varð hann skyndilega mjög upptekinn og hvarf okkur vinum sínum um stund en kom svo stoltur til baka með hana Mæju sína og eftir það voru í okkar huga eitt Mæja og Steinn. Það kom fram hve innilega honum þótti vænt um Maju og börnin og var stoltur af þeim og gleðin hans með barnabörnin og spennan fyrir því sem er á leiðinni

Nú er hann sestur að ekta Steinsen veisluborði, hjá mömmu sinni, pabba og Nonna, í sumarlandinu.

Elsku Maja, Steinunn Dögg, Steinar Logi, Auðun, tengdabörn, barnabörn, systkini Steins og fjölskyldur, mínar innilegustu samúðarkveðjur. Minningin um góðan dreng lifir

Stefán Hans.

Kær félagi og vinur hefur kvatt okkur langt um aldur fram-.Kynni okkar hófust þegar við urðum nágrannar í Öldugötunni árið 1998. Síðan þá höfum við átt margar skemmtilegar samverustundir.

Steinn var fagmaður í bifvéla-virkjun og einstaklega handlaginn. Fundahöld í bílskúrnum urðu smám saman að föstum punkti í tilverunni. Þar urðu líflegar umræður, aðrir nágrannar litu inn og tóku þátt í spjallinu. Bílskúrsfundirnir urðu að föstum lið í daglegu amstri þar sem þjóðfélagsmálin voru rædd í þaula. Það var mjög notalegt að koma til Steins. Hann var á heimavelli og alltaf boðinn og búinn til að aðstoða og veita góð ráð. Veikindi hans bar brátt að og lítill tími gafst til að átta sig á hvað væri í væðum.

Ég heimsótti hann síðast á Líknardeild LSH. Við spjölluðum saman dágóða stund og m.a. um að nú yrðu engin formleg fundahöld í bílskúrsfélaginu á næstunni. Steinn hefur nú kvatt okkur og eftir stíju minningar um góðan vin. Blessuð sé minning Steins.

Elsku Ásta María. Við Sigga sendum þér og fjölskyldu þinni

okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Magnús Heimisson.

Það var mikið lán þegar Stein-sen-fjölskyldan kom inn í líf okkar systranna og mömmu þegar þau tóku hluta íbúðarinnar á leigu gegn því að passa mig, þá ársgamla. Sambúðin varð eins og best verður á kosíð. Fyrstu ævinningar mínar eru tengdar máltíðum með þessari nýju fjölskyldu okkar, fjölskyldu sem samanstóð af þremur fullorðnum og fjórum börnum. Þeirra á meðal voru bræðurnir Rúnar og Steinn Steinsen.

Við Steinn vorum yngst í hópnum, hann aðeins tveimur árum eldri en ég. Steinn lét sig samt hafa það að hafa mig í eftirdragi hvert sem farið var. Eftir því sem mér var síðar sagt sýndi hann mér einstaka þolinmæði. Meðal annars skilaði hann mér og öllu okkar dóti alltaf skilvíslega heim til okkar, jafnvel þótt hann hefði slasast í leik. Samviskusamur og ábyrgðarfullur, strax á barnsaldri.

Nokkrum árum síðar flutti Steinsen-fjölskyldan á Nýbýlaveg í Kópavogi. Tengslin rofnuðu þó ekki við það því ég fór til þeirra með strætó og sótti stift í að leika mér heima hjá þeim. Ófáa daga dvaldi ég þar í góðu yfirlæti. Hjá Steinsen-fjölskyldunni var nægt hjartarúm þó stundum væri þröngt setinn bekkurinn.

Kópavogurinn var gósenland fyrir krakka. Þar fékk Steinn svigrúm fyrir meðfæddan framkvæmdakraft og vinnusemi. Alltaf var skemmtilegt í kringum Stein og systkini hans og nóg við að vera. Við byggðum kofa, smíðuðum teygjubyssur og steyptum tindátta. Og ófáir bílar voru smíðaðir sem síðan brunuðu með ögnarhraða niður brekkuna við húsið. Steinn var sífellt að vinna eitthvað og ég naut þess ríkulega að fá að leika mér að afrakstrinum. Á veturna renndum við okkur á sleðum eða fórum á skauta á skurðunum neðan við húsið.

Alltaf brást Steinn við af ljúfmennsku þegar ég bað hann um greiða. Og það breyttist ekki þegar árin og áratugirnir liðu og við urðum fullorðin. Ljúfmennska og greiðvikni einkenndu þennan góða dreng sem nú er kvaddur allt of snemma.

Elsku Maja og fjölskylda, kæru Steinsen-systkini og fjölskyldur, innilegar samúðarkveðjur til ykkar allra, missir okkar er mikill.

Ástrós Arnardóttir og fjölskylda.
--

Ekki man ég hve gamlir við Steinn vorum þegar við hittumst fyrst. Líklega fyrir minni okkar beggja, mæður okkar voru nefnilega æskuvinkonur frá Hjalteyri og við tveir jafnaldrar, Steinn tveimur vikum eldri. Í uppvextinum vorum við mikið samferða, þegar við vorum báðir á sama landshorninu. Ég sótti skóla á Akureyri, vann stundum á sumrin einhvers staðar úti á landi. Steinn var í Kópavogi eins og hver annar fastur punktur í tilverunni og þangað fór ég þegar ég kom í bæinn.

Í Hávamálum segir að til vina liggi gagnvegir. Þótt ég byggi í Hafnarfirði lá leiðin á Nýbýlaveginn allar lausar stundir. Þar var ævintýraland. Einskonaar miðja alheimsins á meðan strákaskarinn safnaðist þar saman, við ærs! og leiki æskuáranna og síðar ærs! og skemmtan síðtáningsáranna.

Hlé varð á samskiptum okkar Steins, langt hlé. En vinátta af þessu tagi slitnar aldrei, ekki þegar maður eins og Steinn á í hlut. Öðru hverju þurfti ég að leita til hans á því skeiði ævinnar þegar maður átti vonlausar bil-druslur. Þá var ævinlega eins og

við hefðum síðast hist í gær. Svo leið enn langur tími og við gerðum okkur held ég báðir grein fyrir því að við vorum ekki lengur ungir, tókum upp þráðinn aftur og þá var eins og enginn tími hefði liðið.

Þá hafði Steinn á orði að nú væri best að fara að leggja meiri rækt við samskiptin við vini, þar vorum við sammála, vináttan er verðmæti sem mólur og ryð fá ekki grandað. Mér finnst jafnvel skritið að hugsa til þess eftirá, ég held að aldrei hafi slest upp á vinskapinn á milli okkar, svo gjörólikir sem við vorum alla tíð. Steinn fullur af óþrjótandi orku, atorkusamur og glaðsinna, ég eins og ég er, hálferð andstæða við hann.

Pegar áfallið reid yfir, Steinn fékk þessa hörðu og óvægnu sjúkdómsgreiningu, ræddum við stundum þessa gömlu daga. Þær samræður kölluðu fram bros og hlátur, en um leið fann ég hve þakklátur hann var fyrir að geta litið yfir farinn veg sáttur við að hafa fetað farsæla leið. T.d. hafði hann sérstaklega á orði að mitt í ungæðishætti okkar, þegar ærs!-in voru hvað mest og áhyggjuleysið, hafði aldrei komið fyrir að í þessum hópi hefði nokkur okkar gert neitt það sem þyrfti að iðrast fyrir eða sjá eftir. Þetta var rétt og það var ekki sist hans staðfesta sem skýrir þá gæfu okkar. Ég man nokkur tilvik þegar leit út fyrir að atburðarásin færi úr böndunum, en Steinn lempaði málin og gerði það hávaðalaust, en af djúpri alvöru og ákveðni. Hann reyndist vera sú kjölfesta sem við hinir þurftum.

Ég kveð nú mikinn vin og góðan dreng sem af aððáunarverðu æðruleysi tókst á við áfallið mesta nú síðustu mánuði. Og þá líka var kjölfestan góð – engar óraunhæfar grillo, en það besta gert úr því sem til var. Með óbilandi stuðningi Maju, barnanna, fjölskyldunnar. Ég trúi að Steinn hafi vitað að hann hafði skilað dagsverki, sem hann gat verið stoltur af.

Þórhallur Jóseppsson.

Leiðir okkar Steins lágu fyrst saman í Digranesskóla í Kópavoginum og höfum við haldið sambandi alla tíð síðan. Við áttum sameiginlegt áhugamál, sem var siglingar á seglbátum, og eyddum mestum hluta unglingsáranna í og á Fossvoginum. Í sameiningu og með öðrum góðum Kópavogsbúum stofnuðum við Siglingafélagið Ými sem skyldi hafa siglingar á seglbátum sem íþróttagrein að markmiði. Mikill hugur var í okkur á þessum tíma og eins og fyrr sagði eyddum við mestum tíma unglingsáranna í og við Fossvoginn ásamt stórum hópi vina og félaga. Margs er að minnst frá þessum tíma og kemur alltaf efst upp í huga minn ein sigling okkar Steins á „Trillunni“ sem var trilla sem hafði verið breytt í forláta seglskútu og nýstofnað siglingafélag okkar hafði fengið hana að gjöf. Í trillunni var gamall mótör sem við höfðum átt í töluverðu basli með að halda gangandi í nokkurn tíma. Við Steinn sigldum trillunni á seglum út Fossvoginn og Skerjafjörðinn og vorum komnir góðan spól út fyrir skerin á Skerjafirðinum þegar við ákváðum að snúa við. Þegar við komum inn í innsiglinguna á Skerjafirðinum dettur á okkur dúnalogn og trillan missir alla ferð, Steinn fer niður og fer að reyna að koma vélini í gang en ég sat við stýrið og reyndi að halda stefnunni inn fjörðinn. Meðan við sitjum fastir þarna í innsiglingarrennunni kemur risastórt olúskip siglandi í kjölfar okkar og við gjörsmilega stjórnlausir og höggðumst ekki, Steinn að bjástra við vélina sem sýndi enga tilbúrdi til að fara í gang. Olúskipið var komið óhugnanlega nærri og mér

fannst ég sjá stefnið á olúskipinu beint fyrir ofan mig og ennþá er Steinn pollrólegur að reyna við vélin, á elleftu stundu hrekkur hún í gang og gengur akkúrat nógu lengi til að við náum að koma okkur úr siglingaleið olúskipsins. Eins og gerist og gengur fækkaði samverustundunum með tímanum. Við fórum að koma okkur upp fjölskyldum, ég fluttist til Danmerkur en samt var Steinn aldrei langt undan. Steinn og Mæja heimsóttu okkur þangað 1977 og við ferðuðumst saman um Þýskaland, Sviss og Frakkland með allan viðlegubúnað í Fiat 127.

Mér var brugðið þegar ég frétti af veikindum Steins, einhvernveginn er maður aldrei undirbúinn undir svona fregnir. Ég heimsótti Stein fyrir 3 vikum, og þó að hann væri greinilega mikið veikur var stutt í húmorinn hjá honum eins og venjulega.

Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að kynnst Steini og ég á mikið og gott safn minninga frá barnaskólaárum okkar í og við Fossvoginn, úr kjallaranum við Nýbýlaveginn, unglingaferðalagi til Skotlands og svo ótal margt fleira. Ég er sannfærður um að kynni okkar gerðu mig að betri manni. Minningin um góðan félagla lifir áfram.

Ásta María, Steinunn, Auðun og Steinarr, missir ykkar er mikill og ég bið almættið að veita ykkur styrk til að takast á við sorg ykkar og styrkja ykkur á erfiðum tíma.

Valdimar Karlsson.

„Sjáið þið hvernig hann gerir þetta, fer ekki einu sinni úr úlpunni.“ Þannig komst einn af samstarfsfélögunum að orði eftir að hafa séð mynd af Steini sem tekin hafði verið á Djúpalónssandi í Dritvík, Snæfellsnesi ekki alls fyrir löngu, en myndin sýnir Stein, brosandi út að eyrum, með Fullsterkan, 154 kg völu, í fanginu og af svipbríðum Steins á myndinni mætti halda að hann héldi á kettlingi í stað völnunnar. Hvort Steinn hafði reynt sig við Hálfsterkan, 140 kg, eða Líðleskju, 23 kg, fylgdi ekki sögunni, en einhvernveginn er það þannig að við sem þekktum Stein vituð að hann gekk beint að Fullsterkum, en einmitt þannig var Steinn. Hann gekk teinréttur í baki og jákvæður til allra starfa og átaka. Steinn var afburða verkmaður og góður félagi hafði sterka og um leið jákvæða sýn á lífið og tilveruna og smitaði okkur hin með sér. Mannamunur var ekki til í orðabók Steins og það fundu yngri samstarfsfélagar fjótt sem leituðu til hans um ráðleggingar og leiðbeiningar, og skipti þá ekki máli hvor það var vinnutengt eða leiðsögn í glímunni við lífið sjálft, alltaf var Steinn til staðar.

Síðustu þrír mánuðir hafa verið erfiðir, það að horfa uppá baráttu þessa stóra og sterka manns upp á líf og dauða hefur tekið á, en að sama skapi hafa þeir verið lærðómsríkir og kennt okkur að ekki er hægt að ganga að öllu vissu í henni veröld. Það hefur gert okkur hin að betra fólki að upplifa hvernig þau hjónin, Steinn og Ásta María, hafa gengið í gegnum þennan erfiða tíma af æðruleysi, ást og virðingu, missir Ástu Maríu er mikill og biðjum við fyrir styrk, henni til handa.

Steinn skilur eftir sig stórt og vandfyllt skarð hjá okkur samstarfsfélögunum og minningin um hann á eftir að lifa meðal okkar um ókomna tíð.

Með þessum orðum viljum við samstarfsfélagar hjá Bernhard ehf. þakka samfylgdina við Stein um leið og við sendum okkar dýpstu samúðarkveðjur til Ástu Maríu, fjölskyldunnar og aðstandenda.

Fyrir hönd starfsmanna Bernhard ehf.,

Haraldur Þorsteinsson.

MINNINGAR | 31

Jónína Sigríður Sigurjónsdóttir

† **Jónína S. Sigurjónsdóttir (Didda) fæddist í Reykjavík 9. október 1935. Hún lést á gjörgæslu Landspítalans við Hringbraut 8. maí 2014.**

Foreldrar hennar voru Sigurjón Þóroddsson, f. 23.11. 1915, d. 14.12. 1998, og Þórunn Jónína Guðrún Sigurðardóttir, f. 11.10. 1915, d. 10.9. 1985. Systur Diddu eru Sonja Hulda, f. 1943, og Hafdís Ethel, f. 1946. Börn Diddu eru 1) Sigrún Fjóla Baldursdóttir, f. 1954, eiginnaður Guðjón Arnar Kristjánsson, f. 1950, börn þeirra Kristján Hrafn, f. 1974, Sveinn Geir, f. 1976, og Kolbrún Fjóla, f. 1981. 2) Sigurjón Þórir Sigurjónsson, f. 1956, eiginkona Anna Þorkeldsdóttir, f. 1957, dætur hans Dagný, f. 1979, og Lena, f. 1986. 3) Oliver Hinrik Oliversson, f. 1958, var ættleiddur. 4) Brynjar Hildibrandsson, f. 1959, eiginkona hans Herborg S. Sigurðardóttir, f. 1973, sonur þeirra er Helgi Karl, f. 1992. Börn Diddu og f.v. eiginmanns hennar, Sveins Geirs Krist-



jánssonar, f. 27.10. 1937, d. 10.9. 1986 5) Kristján Sveinsson, f. 1963, ókvæntur. 6) Þórunn Sveinsdóttir, f. 1967, eiginnaður Þórir Hans Svavarsson, f. 1966, börn þeirra Hulda Sif, f. 1986, Elín Sandra, f. 1988, og Þórir Örn, f. 1995. 7) Sóley Sveinsdóttir, f. 1972, eiginnaður Gísli Baldvin Gunnsteinsson, f. 1970, börn hennar Gunnar Sindri, f. 1995, Sveinn Andri, f. 1995, Kristján Breki, f. 1999, Hera Rut, f. 2001, Heba Sif, f. 2002, Katrín Dís, f. 2004, Helga Líf, f. 2006, og saman eiga þau Rúnar Geir, f. 2013. Didda ólst upp í Fjalakettinum við Aðalstræti í Reykjavík. Eftir að hún kynntist Sveini flutti hún til Keflavíkur, fluttu þau svo þaðan í Stykkishólm 1980. Þegar Sveinn lést árið 1986 flutti hún vestur á Ísafjörð, þar kynntist hún Ólafi Eyjólfssyni og giftu þau sig árið 2001 og voru saman til andláts hennar. Útför Jónínu fór fram frá Ísafjarðarkirkju 17. maí 2014.

Elsku mamma, ég sakna þín endalaust, er samt ekki alveg að meðtaka það að þú sért farin. Þessir dagar sem við systkinin, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn sátum yfir þér á gjörgæslunni eru einhvern veginn svo fjarlægir. En samt svo stutt síðan. Þegar við Þórir komum svo hingað heim til þín þá var eins og þú hafir bara skroppið út í búð. Og nú sit ég hér heima hjá þér og Óla og er ekki enn að skilja þetta. Síðustu dagar búnir að vera frekar óraunverulegir og trúlega á maður eftir að vakna upp við slæman draum fljótlega. En ég er ekki alveg að skilja hvernig lífið getur verið án þín í okkar tilveru. Nógu var erfitt að takast á við það þegar pabbi féll frá 1986. En vona að þér líði vel og þú sért á góðum stað í faðmi látinna ástvina.

Elsabet Jónsdóttir

† **Elsabet Jónsdóttir fæddist 25. maí 1933. Hún lést 24. apríl 2014. Útför Elsabetar fór fram 2. maí 2014.**

Það er komið að kveðjustund en ekki óraði mig fyrir því, þegar Elsa heimsótti mig í byrjun apríl, að þetta væri síðasta heimsókn hennar. Elsa hefur verið svo lengi hluti af minni fjölskyldu, en ég var aðeins fimm ára þegar hún og Friðgeir, föðurbróðir minn, hófu sambúð. Allt frá þeim tíma er hún flutti á Eski-fjörð hafa kynni okkar verið mör mikils virði. Sem barn sótti ég mikið til Elsu og eftir að ég varð eldri og flutti frá Eskifirði hafa samskipti okkar haldist. Fyrstu árin hennar á Eskifirði var heimili þeirra Friðgeirs í sama húsi og for-eldra minna og ömmu Kristeldra. Á þessum tíma tók ég miklu ástfóstri við Elsu enda var hún barngóð og góður félagi. Elsa var bóngóð og lét allt eftir mér og hún hafði skemmtilega frásagnarhæfileika, góðan húmor og sagði skemmtilega frá. Elsa var mik-



il hannyrðakona, prjónaði fallagar flikur sem margir hafa notið góðs af. Hún las mikið og hafði sérstakt yndi af góðum bókum. Þær eru orðnar margar, heimsóknirnar okkar Braga til hennar á Eski-fjörð, og alltaf kom hún til okkar þegar hún kom suður. Elsa og Friðgeir voru samrýnd hjón og barnahópurinn varð stór. Friðgeir stundaði lengst af sjómennsku á togurum frá Eskifirði og var oft fjarverandi af þeim sökum. Á herðum Elsu hvíldi heimilið og uppeldi barnanna. Eftir að Friðgeir lést, í ársbyrjun 1999, bjó Elsa ein í húsinu þeirra á Eskifirði. Þótt börnin væru öll flutt á suðvesturhluta landsins vildi hún vera áfram á Eskifirði. Stuðningur góðra nággranna varð henni því mikils virði. Ég vil að lokum þakka Elsu fyrir allt það ástríki sem hún sýndi mér alla tíð, minning um hana verður mér alltaf mikils virði. Við Bragi vottum börnum hennar og öðrum afkomendum innilega samúð.

Auður Ingólfssdóttir.

32 | MINNINGAR

Björn Eysteinnsson

† Björn Eysteins-son fæddist 26. ágúst 1920 í Meðal-heimi á Ásum í Austur-Húnavatns-sýslu og ólst þar upp fyrstu átta ár-in. Hann lést á Hrafnistu í Hafnar-firði 5. maí 2014. Foreldrar Björns voru Eysteinn Björnsson, f. 17.7.



stofustjóri þar 1947-67, fulltrúi kaupfélagsstjóra á Reyðarfirði 1967-76 og var deildarstjóri Reyðarfjarðar-deildar KHB og fulltrúi á aðal-fundum um árabil. Björn sat í hreppsnefnd Reyð-arfjarðarhrepps 1955-58 og 1963-74

og var m.a. endurskoðandi sveitarstjórnarreikninga, hafði umsjón með byggingu félags-heimilisins Félagslundar og var formaður bygginganefndar. Hann var um tíma formaður Ungmennafélagsins Vals, sat nokkur ár í stjórn Ungmenna-og íþróttasambands Austur-lands og var fulltrúi á þingum þess í nokkur skipti. Þá var hann bókavörður Lestrarfélags Búðareyrarþorps og endurskoð-andi útgerðarfélagsins Austfirð-ings hf. meðan það starfaði. Hann var umboðsmaður Hap-pdrættis Háskóla Íslands og SIBS árum saman.

Hniginn að foldu í hárrí elli er Björn Eysteinnsson, samsveitungi minn til fjölmargra ára, mætur drengur og ágætur kunningi. Hans er mér ljúft að minnast. Þessi röski Húnvetningur kom ungur til starfa heim á Reyðar-fjörð og lét þar til sín taka í ára-tugi, skarpgreindur og gjörhug-ull, einstaklega glöggur stærðfræðingur, vandvirkur og nákvæmur. Starfsvettvangur hans var Kaupfélag Héraðsbúa

sem var stórveldið mest fyrir austan á þeim árum og þar var Björn skrifstofustjóri, hægri hönd kaupfélagsstjóra og sýndi þar hæfileika sína til farsældar fyrir kaupfélagið sem og fé-lagsmenn þess. Björn kom víða við og skal fátt eitt talið: Kirkju-kórinn naut lengi ágætrar söng-raddar hans, ungmennafélagið átti hann sannarlega að á hans yngri árum þar sem hann tók þátt af lífi og sál, framlag hans til

Árið 1977 flutti Björn til Hafnarfjarðar og átti þar heima síðan. Hann starfaði á endur-skoðunarskrifstofu SÍS í Reykjavík 1977-89 eða þar til hann hætti störfum vegna ald-urs.

Björn kvæntist 3.3. 1945 Sig-rúnu Jónsdóttur húsmóður, f. 7.5. 1925, d. 10.4. 1973. Þau bjuggu allan sinn búskap á Reyðarfirði þar til Sigrún lést og Björn flutti til Hafnar-fjarðar. Börn þeirra eru: 1) Erna Guðrún, f. 9.2. 1944, kenn-ari við Ártúnsskóla, gift Ellert Borgari fv. skólastjóra og ráð-gjafa, börn: a) Sigrún lyfjafræð-ingur, maki Ágúst Leósson, fjármálastjóri hjá Medis, sonur þeirra er Arnar Leó; b) Kristín leikskólakennari, börn hennar eru: Ellert, í sambúð með Sól-veigu Magnúsdóttur og eiga þau soninn Danél Gauta; Danél og Erna; c) Björn Valur og á hann dótturina Anítu Sól, 2) Ey-steinn, innkaupastjóri hjá Bók-sölu stúdenta, 3) Hanna Ragn-heiður félagsráðgjafi gift Hafþóri Theóðórssyni stýri-manni. Sonur Hönnu er Jóhann Birnir.

Útför Björns hefur farið fram í kyrrþey.

byggingar Félagslundar einkar dýrmætt þar sem fjárreiður allar voru sannarlega í lagi. Bókasafn-ið heima sem Björn sá um í fleiri ár og naut þar aðstoðar konu sinnar, þau efldu safnið eftir fremsta megni, bókaúrval einkar fjölbreytt enda bæði bókfróð vel. Björn var lengi í sveitarstjórn okkar og kom þar ágætlega að svo mörgu félagslegs edlis, fram-sóknarmaður með samvinnuhug-sjón í farteski sínu. Hann var

enginn málskrafsmaður, en setti skoðanir sínar fram í skýru og hnitmiðuðu máli, orð hans hittu í mark og á hann var hlustað.

Alls staðar lagði Björn sig fram, hvergi var um neitt hálfkák að ræða, öllu skyldi skilað heilu í höfn. Persónuleg kynni mín af Birni hófst í raun er við vorum saman sem endurskoðendur hreppsreikninga, þar kynntist ég hamhleypunni Birni sem lagði allar útlínur, en lét aldrei neitt smærra fram hjá sér fara að heldur. Síðar urðum við sam-starfsmenn í sveitarstjórn og það var gott að vinna með Birni Ey-steinssyni, allt skyldi klárt og kvitt og á góðum stundum leyfði hann eðlislægri hnyttni sinni að létta okkur lundina.

Hugurinn leitar til horfinna stunda á síðkvöldum hjá þeim hjónum, ég minnst öndvegiskon-unnar Sigrúnar sem sá um að endurskoðendur væru vel haldn-ir. Það var hins vegar lífsharmur Björns hve skjótt grimmur vá-gestur lagði þessa einstaklega vel gerðu konu að velli. Björn var hraustur maður og traustur þegn um leið, hann var vinfastur en dulur og munu fáir hafa vitað í hug hans allan, en orðheldinn og áreiðanlegur í hvívetna. Þökkuð er löng og ánægjuleg samfylgd heima á Reyðarfirði, það var gott að eiga hann Björn að þegar á þurfti að halda, þar var engum í kot vísað. Hans ágætu börnum og þeirra fólki öllu eru sendar ein-lægjar samúðarkveðjur frá okkur Hönnu. Langri og gifturikri veg-ferð er lokið og hvarvetna glitrar í gömul og gefandi kynni sem ylja huga á kveðjustund. Blessuð sé minning hins horska Húnvetn-ings.

Helgi Seljan.

helst að sjá alla þá viðburði sem þú hafðir tók á. ÍBV, PÓR og Liv-erpool voru þitt uppáhald.

Aldrei kvartaðir þú um heilsu þína og sagðir að hún væri fin, eyddir öllu slíku tali en hafðir all-ar þínar áhyggjur af okkur og öðrum. Alltaf varst þú til staðar, elsku mamma mín, vildir allt fyr-ir aðra gera og áttir til að gleyma sjálfri þér.

Þú starfaðir í verslun foreldra þinna, Framtíðinni, gerðist móð-ir, starfaðir í Gámavinum og yfir 20 ár á Heilbrigðisstofnun Vest-mannaeyja allt þar til veikindi þín tóku sinn toll eftir sumarfrí þitt í fyrra. Þú er oft með ólík-indum hvað lagt er á eina mann-eskju, búin að sjá á eftir Jóa sín-um og syni á besta aldri, foreldrum og tengdforeldrum. Alltaf stóðst þú sem Heimaklett-ur.

Þetta er brot af samveru-stundum okkar sem tengja okkur saman og vináttu okkar.

Ég hugga mig í sorginni yfir að þú sért komin á betri stað. Ég er svo þakklátur fyrir að hafa haft þig svona lengi í lífi mínu.

Blessuð sé minning þín og Guð geymi þig.

Sigríður Davíðsdóttir

† Sigríður Dav-íðsdóttir fædd-ist á Kóngsengi í Rauðasandshreppi 13. ágúst 1919. Hún lést á Hrafn-istu í Reykjavík hinn 7. maí 2014. Foreldrar hennar voru Davíð Jó-hannes Jónsson, f. á Geirseyri við Patreksfjörð 16.



fjörð og síðar á Geirseyri við Pat-reksfjörð hjá for-eldrum sínum. Þegar Sigríður var 11 ára lést faðir hennar, eftir stutta sjúkdómslegu, frá eiginkonu og 7 börnum, öllum á unga aldri. Það sumar var Sigríð-ur send til móður-

systur sinnar, Vigdísar á Ösku-brekku í Arnarfirði, þar sem hún dvaldist í tvö ár. Sigríður undi sé ekki vel fjarri fjöl-skyldunni og fluttist aftur til Patreksfjarðar 1933. Sigríður ólst upp við knöpp kjör og erf-iðar aðstæður og vandist því snemma að hjálpa til við heim-ilisstörfin. Þegar Sigríður var 17 ára fór hún á síld til Siglu-fjarðar til að safna sér fyrir saumanámi. Eftir tvö sumur á síld fluttist hún til Reykjavíkur þar sem hún lærði að sauma hjá kjólameistara. Að námi loknu hóf hún störf hjá Feld-inum í Reykjavík og vann þar í nokkur ár áður en hún stofn-aði sína eigin saumastofu með systur sinni og vinkonu. Saumaskapur var hennar aðal ævistarf en auk þess vann Sig-ríður ýmis verslunarstörf.

Eitt aðaláhugamál Sigríðar var söngur. Hún tók þátt í fyrsta kvennakór Íslands, söng lengi í Dómkirkjukórnum und-ir stjórn Páls Ísólfssonar. Að auki söng hún 9. sínfóníu Beethovens inn á plötu með Fílharmónúkórnum. Sigríður lifði í 94 ár og eignaðist 40 af-komendur.

Útför Sigríðar fór fram í kyrrþey frá Fossvogskapellu hinn 16. maí 2014.

Sigríður Davíðsdóttir móðir mín er látin. Hún var orðin södd lífdaga og fegin svefninu langa og ég er viss um að ætt-ingjar okkar taka vel á móti henni. Það dreif margt á okkar daga og við upplifðum bæði gleði og sorgir á langri ævi hennar. Hún mamma háði harða lífsbaráttu og það vita þeir sem til hennar þekkjja. Elsku mamma, margt leitar á hugann að leiðarlukum og við munum ávallt minnast þín með kærleik í huga og að lokum kveðjum við þig með eftirfar-andi ljóðum.

Elsku mamma, auðnudjásn þín glóa, ævi þinnar lýsa gengna braut. Á vegi þínum vænir laukar gróa þó varðaður sé bæði líkn og braut. (Ólína Þorvarðardóttir)

Tíminn líður furðu fljótt, fólna hár á vanga, söngvar þagna, nálgast nótt, nóttin hljóða langa. Ljósíð dvín og lokast brá, lætur vel í eyrum þá ómur æsku söngva.	(Fr. G.)
Farðu í Guðs friði. Þín dóttir, Urður.	

Þegar ég frétti að amma væri dáin brá mér svolítið í brún. Það kom mér ekki á óvart að háöldruð og langveik amma mín hefði látist heldur fékk ég sam-viskubít yfir því að hafa ekki heimsótt hana oftar. Ég sá ömmu síðast um jólin og þá gerði ég mér grein fyrir því að hún ætti stutt eftir. Amma tók mér alltaf fagnandi og ég átti ótal skemmtilegar stundir með henni. Ég var ungur þegar afi dó og ólst upp í fjarlægð frá ömmu. Minningarnar um dvöl-ina hjá afa og ömmu eru sveip-aðar hlýju. Þrátt fyrir erfiðar

Geirrún Tómasdóttir

† Geirrún Tómasdóttir fæddist 2. apríl árið 1946. Hún andaðist 29. apríl 2014. Útför Geirrúnar fór fram 10. maí 2014.



Elsku mamma mín. Par kom að því að til kveðjustundar kæmi. Þá hellist yfir mig söknudurinn og minningarnar. En nú er komið að leiðarlok-um þínum. Það er nú einu sinni hluti af okkar æviskeiði.

Brattagata var heimili þitt og pabba. Þar réðir þú ríkjum með krafti og festu. Þú varst úrræða-góð og það þurfti líka til að hafa aga á hjörðinni. Gestrisni var þitt sérfang, veisluhöld voru þitt uppá-hald og þóttir þú höfðingi heim að sækja.

Eftir fyrsta ár okkar saman hjá ömmu og afa á Kirkjuvegin-

Minningargreinar

Morgunblaðið birtir minning-argreinar endurgjaldslaust alla útgáfudaga.

Skilafrestur | Ef óskað er eftir birtingu á útfarardegi verður greinin að hafa borist eigi síðar en á hádegi tveimur virkum dögum fyrr (á föstudegi ef útför er á mánudegi eða þriðjudegi). Par sem pláss er takmarkað getur birting dregist, enda þótt grein berist áður en skilafrestur rennur út.

Lengd | Minningargreinar sem birtast í Morgunblaðinu séu ekki lengri en 3.000 slög. Ekki er unnt að senda lengri grein. Lengri greinar eru eingöngu birtar á vefn-um. Hægt er að senda órstutta kveðju, HINSTU KVEÐJU, 5-15 línur. Ekki er unnt að tengja við-hengi við síðuna.

Aldarminning

Magnús Gíslason

Í dag hefði faðir okkar, Magnús Gíslason múrari, orðið 100 ára, en hann fæddist í Reykjavík, 21. maí, árið 1914. Hann var sonur hjónanna Gísla Péturs Magn-ússonar, múrara-meistara (1863-1948) frá Urðum í Svarfaðardal og Guðlaugar Jónsdóttur, húsfreyju (1880-1943) fædd á Kotungsstöð-um, Hálsahreppi. Hann lauk sveinsprófi í múraraíðn árið 1934 undir handleiðslu föður síns, Gísla Péturs, og varð félagi í



Jónsson, sjómaður í Reykjavík (1881-1921) frá Vindási í Rang-avallasýslu og Guðlaug Gríms-dóttir (1890-1982) frá Akranesi. Faðir okkar átti eina systur, Helgu Jónínu, sem fæddist í

Múrarafélagi Reykjavíkur ári síð-ar og allt til dánar-dags.

Pann 19. júní 1938 kvæntist hann móður okkar, Fer-dínu Stefaníu Bachman (f. 19. mars 1917 í Reykja-vík, d. 27. júlí 1968). Foreldrar hennar voru Ásmundur

Tómas.

Vestmannaeyjum 26. nóvember 1917 en lést 30. mars 1942 í Reykjavík.

Foreldrar okkar hófu búskap sinn á Brávallagötu 8, en bjuggu lengst af í Hæðargarði 40 í Reykjavík.

Faðir okkar starfaði við múr-araíðn, alla sína tíð og þá jafn-framt við hlið sonar síns, Gísla, sem tók sveinspróf í múraraíðn árið 1961.

Faðir okkar var útivistarmað-ur og ferðaðist mikið, hvort sem það var með fjölskyldu sinni eða Ferðafélagi Íslands innanlands, eða til útlanda. Par að auki var hann lengi í skíðadeild KR og var einn þeirra sem tóku þátt í bygg-ingu fyrsta skíðaskála KR í Skálafelli.

Faðir okkar lést í Reykjavík 7. október 1980.

Smáauglýsingar

569 1100

Til sölu



Sófaborð til sölu
Glæsilegt, hvítlakkað sófaborð til sölu, 1m x 1m. Verð 8þús.
Sími 867 4183.



Plastgeymslu-útihús 4,5 fm
Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfri. Verð 180 þús.
Uppl. í síma **893 3503** eða **845 8588**.

Geymsluhús Gestahús Garðskáli

15 m² geymsla fyrir fjórhjól snjósleða o.fl. 3.4 x 4.4 m. Verð frá 715 þús. Ekki þarf að skila inn teikningum.

JABOHÚS
Ármúla 36, Rvk
S. 581 4070, jabohus.is

Sumarhús



Sumarhús - Gestahús - Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla - Endilega kynnið ykkur málið.
Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892 3742 og 483 3693, www.tresmidjan.is

Óska eftir

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum allt gull. Kaupum silfur- borðbúnað. Staðgreiðum. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. **Jón og Óskar, jonogoskar.is - s. 552-4910.**

Staðgreiðum gull, demanta og úr
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Ópið alla daga 11–18.

Kringlan – 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPI GULL!
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupí gull, gullpeninga og gullskartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.
Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is, í síma 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll).
Verið velkomin.

Ýmislegt



Úrval af bolum, pilsum og buxum
Meyjarnar, Austurveri, sími 553 3305.



Teg. 99114: Mjúkir og þægilegir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir. Str. 36–42. **Verð: 15.685.**



Teg. 99112: Mjúkir og þægilegir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir. Str. 36–42. **Verð: 15.685.**



Teg. 504704: Mjúkir og þægilegir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir. Str. 36–42. **Verð: 13.975.**



Teg. 7094: Mjúkir og þægilegir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir. Str. 36–42. **Verð: 14.685.**



Teg. 7095: Mjúkir og þægilegir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir. Str. 36–42. **Verð: 14.685.**



Teg. 7194: Mjúkir og þægilegir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir. Str. 36–42. **Verð: 14.685.**



Komdu og líttu á úrvalið hjá okkur!
Sími 551 2070.
Ópið mán.– föst. 10–18, laugardaga 10–14.
Góð þjónusta – fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is
Erum einnig á Facebook.

Bílaþjónusta

GÆÐABÓN
Ármúla 17a
Ópið mán.–fös. 8-18. S. 568 4310
Það besta fyrir bílinn þinn
Alþríf, djúphreinsun, mössun, teflon, blettun, bryngljái, leðurhreinsun.

NICOLAI
BIFREIÐASTILLINGAR
Faxafeni 12 Sími 588-2455
Véla- og hjólastillingar
Tímareimar - Viðgerðir

Húsviðhald

Húsaviðgerðir
www.husco.is
Sími 555-1947 | Gsm 894-0217

Laga veggjakrot, hreinsa þakrennur, laga ryð á þökum og tek að mér ýmis smærri verkefni.
Uppl. í síma 847 8704 manninn@hotmail.com

Gisting



GISTING AKUREYRI
orlofshus.is
Leó, sími: 897 5300.

Bílaleiga

HÓPFERÐABÍLAR TIL LEIGU
með eða án bílstjóra.



-----16 manna-----



-----9 manna-----
Fast verð eða tilboð.
CC.BÍLALEIGA S. 861 2319.

Raðauglýsingar

Félagsstarf eldri borgara

Aflagrandi 40 | Vinnustofa og postulín kl. 9; útskurður og postulín kl. 13. Söngstund við píanóið með Helgu tónmenntakennara kl. 13.45. Pláss er fyrir fleiri í sönghópnum. Alltaf nýbakað og gómsætt með kaffinu.

Árskógar 4 | Smíðar/útskurður kl. 9. Handavinna m/leiðb. kl. 9. Heilsugæsla kl. 10-11.30.

Boðinn | Handavinnustofan kl. 9-15.

Bólstaðarhlíð 43 | Spiladagur. Handavinna kl. 9 til 16.

Bústaðakirkja | Vorferð eldri borgara starfsins. Farið verður frá Bústaðakirkju kl. 12. Hægt er að skrá sig hjá kirkjuvörðum í síma 553-8500. Verð kr. 3.500.

Dalbraut 18-20 | Verslunarferð í Bónus kl. 14.40.

Eftirlaunadeild símamanna | Akureyri, Mývatn, Möðrudalur, Vopna-fjörður, Langanes (upp á Heiðarfjall, út á Font), Heimskautsgerðið á Rauðarhöfn, Ásbýrgi, siglt út í Flatey á Skjálfanda, Haugsnesbardagi var háður 18. apríl 1246, gengið um orustuvöllinn. Nánari uppl. Ragnhildur, s. 898-4437 og Valgarð, s. 897-7550.

Félag eldri borgara, Reykjavík | Göngu-hrólfar frá Stangarhyl 4 kl. 10.

Félagsheimilið Gjábakki | Handavinnustofan opin; leiðb. við til hádegis, botsía kl. 9.15, félagsvist kl. 13.

Félags- og íþróttastarf eldri borgara Garðabæ | Stólaleikfimi kl. 9.10, kvennaleikfimi kl. 10 og 11, vatnsleikfimi kl. 12.20, bútas. og brids kl. 13.

Félagsstarf eldri bæjarbúa Seltjarnarnesi | Gler Mýrarhúsas. kl. 9 og 13. Listasmiðja Skólabr. kl. 9. Botsía Gróttusal kl. 10. Kaffisjall í króknum kl. 10.30. Kyrrðarstund í kirkjunni kl. 12. Handavinna Skóla-braut kl. 13. Timburmenn Mýrarhúsask. kl. 15.30. Vatnsleikfimi kl. 18.30. V/dagsferðar á morgun: Farið frá Skólalbraut kl. 9.

Grensáskirkja | Samverustund eldri borgara í safnaðarheimilinu kl. 14.

Guðríðarkirkja | Vorferð félagsstarfsins er í dag. miðvikudaginn 21. maí. Mæting í Guðríðarkirkju kl. 8.30 eða í Þórðarsveig 1-5 kl. 8.45. Ferðatílhögun: Heimsókn á Nesjavelli, Þingvelli, Haukadal, Geysi, Skálholt og Selfoss. Áætluð heimkoma kl. 18-19. Klæðn. og gönguskór skv. veðri.

Hraunbær 105 | Handavinna kl. 9, útskurður kl. 9. Hjúkrunarfr. kl. 9.

Hraunsel | Línudans kl. 11. Gler/bingó kl. 13. Saumar kl. 13. Bolta-leikfimi kl. 13. Gaflarakórinn kl. 16.

Hvassaleiti 56-58 | Jóga kl. 8.30 og 9.30, vinnustofa kl. 9, útvarps-leikfimi kl. 9.45 í salnum. Samverustund kl. 10.30, lestur og spjall. Hádegisverður kl. 11.30. Lagt verður af stað í ferð um Grandann kl. 13, Sjóminjasafnið skoðað og Ísbúðin Valdís heimsótt.

Hæðargarður 31 | Við hringborðið kl. 8.50, útvarpsleikfimi kl. 9.45, framsagnarhópur kl. 10, ganga kl. 10, málað á steina kl. 13, hláturjóga kl. 13.15, tálgað kl. 14.30, gáfumannakaffi kl. 14.30, undirbúningur stendur yfir fyrir handverkssýningar sem hefjast nk. föstudag á vorhátið. S. 411-2792.

Íþróttafélagið Glóð | Qi-gong kl. 17-18 í vestursal Digraness við Skálaheidi í Kópavogi (gengið inn frá Skálaheidi - niðri). Frír kynningartími. Uppl. í síma 554-3774 og á www.glod.is.

Langahlíð 3, félagsmiðstöð | Handverksstofa kl. 9. Vísnaðlúbbur kl. 10. Hjúkrunarfræðingur kl. 10.30. Handverksþópur kl. 13. Kaffiveitingar kl. 14.30. Músikölsk hreyfileikni kl. 15.

Nes Kirkja | Krossgötur kl. 13.30. Davíð Þór Jónsson guðfræðingur hefur skrifað ritgerð um Satan og hið illa. Hann mun ræða hin myrku svið lífsins. Kaffiveitingar.

Vesturgata 7 | Setustofa/kaffi kl. 9. Spænska (framhald) kl. 9.15. Spænska (byrjendur) kl. 10.45. Hádegisverður kl. 11.30. Myndlist kl. 13. Verslunarferð í Bónus kl. 12.10. Tréútskurður kl. 13. Kaffiveitingar kl. 14.30.

Vitatorg, félagsmiðstöð | Bókband kl. 9, handavinna kl. 9.30, Ferð í Bónus kl. 12.20, upplestur framhaldssögu kl. 12.30. Dans fyrir alla með Vitatorgsbandinu, allir velkomnir.

Raðauglýsingar

Nauðungarsala

Uppboð

Einnig birt á www.naudungarsolur.is.

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Góðakur 1, 0101 (230-9709), Garðabæ, þingl. eig. Samúel Kristjáns-son, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn í Kópavogi, mánudaginn 26. maí 2014 kl. 13:30.

Tjarnarbraut 21, 0101 (208-0206), Hafnarfirði, þingl. eig. Jón Hafþór Marteinsson og Jón Martein Guðröðsson, gerðarbeiðandi Íslands-banki hf., mánudaginn 26. maí 2014 kl. 10:30.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði,
20. maí 2014.

Uppboð

Einnig birt á www.naudungarsolur.is.

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Álfaskeið 96, 0406 (207-3078), Hafnarfirði, þingl. eig. Sigríður G. Valdimarsdóttir, gerðarbeiðandi Borgun hf., miðvikudaginn 28. maí 2014 kl. 10:30.

Einiberg 19, 0201 (208-1180), Hafnarfirði, þingl. eig. Porgils Porgils-son, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, miðvikudaginn 28. maí 2014 kl. 14:00.

Miðvangur 165, 0101, (207-8170), Hafnarfirði, þingl. eig. Pb. Arnar Hannes Halldórsson og Pb. Helga Lúðviksdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki hf., miðvikudaginn 28. maí 2014 kl. 13:00.

Öldutún 16, 0201 (208-0953), Hafnarfirði, þingl. eig. Friðrik Brynjars-son, gerðarbeiðandi Hafnarfarðarkaupstaður, miðvikudaginn 28. maí 2014 kl. 14:30.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði,
20.maí 2014.

Fundir/Mannfagnaðir

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur Gigtarfélagsins

Aðalfundur Gigtarfélagsins verður haldinn í kvöld, miðvikudaginn 21. maí, kl. 19:30 í húsakynnum félagsins að Ármúla 5 á 2. hæð.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Helgi Jónsson gigtarlæknir halda erindi er hann nefnir **"Ný tíðindi úr erfðafræði slitgigtar"**.

Allir eru velkomnir.

Gigtarfélag Íslands.

Samtök eldri sjálfstæðismanna, SES

Morgunkaffi SES

Hafa lyfin mín hækkað?

Eldri sjálfstæðismenn hittast í dag, miðvikudaginn 21. maí, kl. 10 í bókastofu Valhallar.

Gestur fundarins:
Ólafur Adolffsson lyfsali og oddviti framboðslista Sjálfstæðisflokksins á Akranesi, fjallar um breytingar á lyfjakostnaði eldri borgara.

Allir velkomnir.

Stjórnin.

Hæaleitisbraut 58-60 Samkoma í kvöld kl. 20 í Kristniðóssalnum. Útvarpskristnið. Ræðumaður Karl Jónas Gíslason. Allir velkomnir.

Hörgshlíð 12
Boðun fagnaðarerindisins.
Bænastund í kvöld kl. 20.00.

mbl.is
alltaf - allstaðar

Halldór Frímannsson er 61 árs í dag

Úr Mosfellssveit, ekki Mosfellsbæ

Halldór Frímannsson fagnar 61 árs afmæli sínu í dag. Hann hyggst ekki halda sérstaklega upp á daginn en ætlar þó að gera sér glaðan dag um helgina. „Hugmyndin er að fara út fyrir landsteinana, nánar til tekið í eyju sem heitir Heimaey,“ segir Halldór kíminn. Spurður hvað þangað sé að sækja segir hann það vera friðsæld og sælu. Sjálfur á hann ekki ættir að rekja þangað en eiginkona hans, Lilja Dóra Victorsdóttir, á skyldfólk í Eyjum. Halldór er lögfræðingur hjá Viðlagatryggingu Íslands. Hann á þrjú börn, Sigurð Jóhann, sem er 28 ára og tvíburana Frímann Unnar og Viktor Hans sem eru tvítugir. „Helstu áhugamál mín snúa að íþróttum. Ég er í úrskurðarnefndum fyrir ÍSÍ og KSÍ. Það tekur svolitinn tíma. Sérstaklega í fótboltanum. Svo er það auðvitað fjölskyldan,“ segir Halldór.



61 árs Halldór Frímannsson fagnar 61 árs afmæli sínu í dag. Hann ætlar að fara til Vestmannaeyja um helgina og gera sér glaðan dag.

Halldór er úr Mosfellssveit. „Ég er úr Mosfellssveit, en ekki Mosfellsbæ. Það verður alltaf þannig í mínum huga,“ segir Halldór sem býið hefur um hálfa ævina í Reykjavík. Hann býr nú í Árbæ.

Halldór er ekki búinn að ákveða það hvernig hann mun verja sumarfríinu en segir þó að vel komi til greina að ferðast til útlanda þegar nær líður hausti. „Það er verið að leggja drög að því að fara út fyrir landsteinana. Ég er ekki mjög hlynntur því að fara út um hásumar. Nýjasta umræðan snýr að því að fara til Prag. Svo kemur einnig til greina að fara til Spánar, segir Halldór. vidar@mbl.is

Íslendingar Pétur Atlí Lárusson, islandingar@mbl.is

Ábendingar um brúðkaup, afmæli, barnsfæðingar og önnur tímamót í lífi fólks má senda á netfangið islandingar@mbl.is. Einnig geta þeir, sem óska eftir því að nafn þeirra birtist ekki í þessum dálkum, sent beiðni þar að lútandi á sama netfang.

• Unnið í samvinnu við viðmælendur.

Erna Valsdóttir, fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasali – 60 ára



Fjölskyldan og hvolparnir Þriggja vikna gamlir hvolpar Lukku og Leós um síðustu páska.

Hefur rekið eigin fasteignasölu frá aldamótum

Erna Valsdóttir er fædd í Reykjavík 21.5. 1954 og ólst upp í Vesturbænum. Hún dvaldist mörg sumur fram á unglingsaldur vestur á Bíldudal hjá elstu systur sinni sem þar var búsett, þar sem Erna naut lífsins.

Erna hóf skólagöngu í Vesturbæjarskóla, sem var gamli Stýrismannaskólinn við Öldugötu, gekk Melaskóla og er gagnfræðingur frá Hagaskóla og útskrifaðist sem tækniteiknari frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1980.

Erna útskrifaðist með prófi til löggildingar sem fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasali árið 1993. Hún hefur einnig stundað nám við Háskólann á Bifröst í viðskiptatengdum greinum.

Starfsferill

Erna starfaði við skrifstofustörf hjá Heildverslun Eggerts Krist-



Í Flekkudalsrétt Erna stödd á Fellsströnd 2012, með sheltie-tíkina Lukku.

Heilsuborg er málið þegar þú vilt:

- Faglega þjónustu
- Heimilislega líkamsrækt
- Hreyfa þig í notalegu umhverfi
- Öðlast betri heilsu í góðum félagskap
- Að lífsgleði og árangur fari saman



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

Nýir borgarar



Sauðárkrókur Ásthildur Guðný fæddist 15. mars kl. 9.51. Hún vó 3.838 g og var 50 cm löng. Foreldrar hennar eru **María Dröfn Guðnadóttir** og **Sævar Már Þorbergsson**.



Þorlákshöfn Þorvarður Ragnar fæddist 4. júní. Hann vó 3.590 g og var 51 cm langur. Móðir hans er **Sigrún Berglind Ragnarsdóttir**.

Börn og brúðhjón


Á opnunni „Íslendingar“ í Morgunblaðinu er sagt frá merktum viðburðum í lífi fólks, svo sem stórafmælum, hjónavígslum, barnsfæðingum og öðrum tímamótum.

Allir þeir sem senda blaðinu mynd af nýjum borgara eða mynd af brúðhjónum fá fría áskrift að Morgunblaðinu í einn mánuð.

Hægt er að senda mynd og texta af slóðinni mbl.is/islendingar eða á islendingar@mbl.is



Morgunblaðið



jánssonar hf., hjá J. Þorlákssyni og Norðmann hf. og Lögreglustjór-anum í Reykjavík, sem tækniteikn-ari hjá Byggingarfulltrúanum í Reykjavík og Vatnsveitu Reykja-víkur. Frá 1982 hefur Erna rekið og starfað ásamt manni sínum lög-mannsstofuna Lögver og um tíma fasteignasöluna Fasteigna-miðstöðin í samvinnu við systur sína og fjölskyldu hennar.

Frá árinu 1995 hefur Erna starf-að sem fasteigna-, skipa- og fyrir-tækjasali. Hún hóf þá störf hjá fasteignasölnunni Húsvangi, starfaði síðan hjá fasteignasölnunni Húsa-kaupum en hefur rekið sína eigin fasteignasölu, Fasteignakaup, í Ár-múla 15 í Reykjavík frá árinu 2001.

Erna hefur starfað víða að fé-

lagsstörfum m.a. var hún einn af stofnfélögum Neistans, foreldra-félags hjartveikra barna, sat í stjórn Foreldrafélags Háteigsskóla og var formaður þess félags um skeið. Hún hefur setið í nefndum á vegum FKA, Félags kvenna í at-vinnulífinu, og setið í nefndum á vegum Félags fasteignasala. Erna hefur einnig komið að mannrækt-arstarfi innan þjóðkirkjunnar.

Áhugamál

Helstu áhugamál Ernu eru fjöl-skyldan, leikhús, útivera, hundar og ekki síst sælureitur fjölskyld-unnar vestur við Breiðafjörð þar sem fjölskyldan hefur sameinast við uppbyggingu staðarins og hafa hæfileikar Ernu til að fegra um-



Alltaf á vaktinni Afmælisbarnið.

hverfi sitt fengið þar að njóta sín, m.a. að varðveislu gamalla muna.

Erna hefur einnig áhuga á ferðalögum og er fyrirhugað að fara um Húnavatnssýslurnar í sumar og eitthvað til útlanda með haustinu.

Fjölskylda

Eiginmaður Ernu er Sveinn Skúlason, f. 16.7. 1951, lögmaður. Foreldrar hans eru Skúli Sveins-son, f. 28.11 1905, d. 13.7. 1990, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík, og Sigríður Ingibergs-dóttir, f. 22.7. 1911, d. 20.1. 1988, húsmóðir. Pau bjuggu í Reykjavík.

Börn Ernu og Sveins eru Skúli Sveinsson, f. 21.1. 1974, lögmaður og viðskiptafræðingur, búsettur í Kópavogi. Maki: Sigríður Hrund Guðmundsdóttir. Barnabörn: Natalia fósturdóttir, Dagbjört, Al-exander fóstursonur og Sveinn Valur; Arna Sveinsdóttir, f. 2.2. 1982; Brynjar Sveinsson, f. 22.1. 1990, nemi.

Systkini Ernu eru Rósa Stefanía Sigurjónsdóttir, f. 28.1. 1940, starf-aði lengst af hjá Skattstofunni á Akureyri. Búsett á Akureyri; Sig-rún Valsdóttir, f. 5.3. 1945, hjúkrunarfræðingur, búsett í Reykjavík; Björk Valsdóttir, f. 12.1. 1948, fulltrúi hjá Landsbank-anum, búsett í Garðabæ.

Foreldrar Ernu eru Valur Guð-mundsson, f. 27.10. 1918, d. 12.1. 2012, starfaði lengst af hjá Ríkis-skipum, Kassagerð Reykjavíkur og Múlalundi, og Lára Antonsdóttir, f. 3.7. 1921, d. 30.9. 1986, gæslukona hjá leikvöllum Reykjavíkurborgar.

Til hamingju með daginn



Erlingur Ingvarsson

40 ára Erlingur er frá Hlíðarenda í Bárðardal, S-Ping., og er reiðkennari, tamningamaður á Sand-haugum, og sauðfjár-bóndi á Hlíðarenda.

Maki: Dilljá Óladóttir, f. 1979, bóndi.

Börn: Rakel Eir, f. 2005, og Atli Hrafn, f. 2012.

Foreldrar: Ingvar Vagns-son, f. 1949, frjótækni, og Aníta Þórarinsdóttir, f. 1949, kennari, bús. á Hlíðarenda.



Linda Björk Logadóttir

40 ára Linda Björk er framkvæmdastj. Fimleika ehf. og býr í Kópavogi.

Maki: Jón Finnbogason, f. 1973, forstöðumaður hjá Stefni.

Börn: Elsa, f. 1997, Lauf-ey, f. 1999, María, f. 2005, Andri, f. 2007 og Logi, f. 2009. Elsa og Logi eiga einnig afmæli í dag.

Foreldrar: Logi Knútsson, f. 1952, prentari, og Ásta Kristjánsdóttir, f. 1954, ritari, bús. í Kópavogi.



Stefanía Sigurðardóttir

40 ára Stefania er hundaræktandi og at-hafnakona, bús. á Þóru-stöðum 1 í Ölfusi.

Börn: Sigurður Edgar, f. 1992, Dagbjört, f. 2000, og Sigríður Pála, f. 2007.

Foreldrar: Sr. Sigurður Sigurðarson, f. 1944, d. 2010, prestur á Selfossi og vígslubiskup í Skál-holti, og Árndís J. Jóns-dóttir, f. 1945, fv. skóla-stjóri í Reykholti í Biskupstungum.

90 ára

Guðrún Sigurðardóttir
Halldór Hafstað
Kristín Pétursdóttir

19.10 ► **Junior Masterchef Australia**
19.55 ► **Baby Daddy**
20.20 ► **American Idol**
21.05 ► **Arrow**
21.50 ► **Tomorrow People**
22.30 ► **Supernatural**
23.15 ► **American Idol**
24.00 ► **American Idol**
02.00 ► **Jr. M.chef Australia**
02.45 ► **Baby Daddy**
03.10 ► **American Idol**
03.55 ► **Arrow**
04.40 ► **Tomorrow People**
05.25 ► **American Idol**

Stöð 2 sport

19.35 ► **Demantamótin**
21.35 ► **Spænski boltinn**
23.15 ► **Spænsku mörkin**
23.45 ► **Pepsímörkin 2014**
01.00 ► **NBA úrslitakeppnin**

Stöð 2 sport 2

16.10 ► **Cardiff – Chelsea**
17.50 ► **T.ham – Portsmouth**
18.20 ► **Man. City – L.pool**
20.00 ► **Sigurður Helgason**
20.30 ► **Inside Man. City**

Stöð 2 Krakkar

07.00 ► **Barnaefni**
18.45 ► **Doddi lítli**
18.55 ► **Sumardalsmyllan**
19.00 ► **Kalli á þakinu**
20.15 ► **Sögur fyrir svefminn**

Stöð 2 Gull

20.20 ► **Hamingjan sanna**
21.00 ► **The Killing**
21.45 ► **Chuck**
22.30 ► **Cold Case**
23.15 ► **Without a Trace**

INN

20.00 ► **Björn Bjarnason** Ekki sáttur við Landsbanka-samninginn
20.30 ► **Perlur Páls Stein-grímssonar**
21.00 ► **Í návígi** Umsjón Páll Magnússon.Gestur Kári Stefánsson.
21.30 ► **Á ferð og flugi** Ný lið-in ferðamálaráðstefna Ice-land reps.
Endurt. allan sólarhringinn.

**OPÍÐ**

VIRKA DAGA 10.00 - 18.15
LAUGARDAGA 11.00 - 15.00





Stór humar, Þorskhnekkar

Laxasteikur á grillið

Glæsilegt úval fiskrétta

Heitur matur í hádeginu kl. 11.30-13.30



HAFBERG

fiskbúð sælkerans

Gnoðarvogi 44, 104 Reykjavík | sími: 588 8686 | hafberg@internet.is | hafberg.is

Omega

15.30 ► Áhrifarikt líf	18.30 ► John Osteen	21.00 ► Helpline
16.00 ► Billy Graham	19.00 ► Benny Hinn	22.00 ► Michael Rood
17.00 ► Blandað efni	19.30 ► Joyce Meyer	22.30 ► Kvikmynd
18.00 ► Mariusystur	20.00 ► Ísrael í dag	24.00 ► Joyce Meyer

Fjölvarp

ANIMAL PLANET 15.20 Preposterous Pets 16.15 Natural World 17.10 Wildest In-dochina 18.05 Roaring with Pride 19.00 Natural World 19.55 Wildest Indochina 20.50 Animal Cops South Africa 21.45 I'm Alive 22.35 Untamed & Uncut 23.25 Roaring with Pride DISCOVERY CHANNEL 15.30 Auction Hunters 16.00 Toy Hunters 16.30 Overhaulín' 17.30 Wheeler Dealers 19.30 Outback Trucks 20.30 Survive That! 21.30 Sons of Guns 22.30 Over-haulín' 23.30 Extreme Car Hoar-ders EUROSPORT 15.30 Live: Tennis 17.00 Live: Football 18.45 Get Ready For Roland-Garros 19.00 Campus 19.30 Wednesday Selection 19.35 Equestrianism 20.35 Equestrianism 20.50 Riders Club 20.55 Golf 21.25 Golf Club 21.30 Lucia Selection 21.35 Yacht Club 21.40 Wednesday Selection 21.50 Tour Of Italy 22.30 Football MGM MOVIE CHANNEL 14.55 Taking Of Beverly Hills 16.30 Coffy 18.00 Real Men 19.25 Big Screen 19.40 Class 21.20 Home For The Holidays 23.00 A Rage In Harlem NATIONAL GEOGRAPHIC 15.00 Megafactories: Supercars 16.00 Highway Thru Hell: Canada 17.00 Alaska State Troopers 18.00 Science Of Stupid 19.00 Do Or Die 20.00 Cosmos: A Spacetime Odyssey 21.00 Taboo 22.00 Apocalypse: WWII 23.00 Science Of Stupid	ARD 14.10 Elefant, Tiger & Co 15.15 Brisant 16.00 Quizduell 16.50 Heiter bis tödlich – Hubert und Staller 18.00 TAGESSCHAU 18.15 Sternstunde ihres Lebens 19.45 Plusminus extra 20.15 Ta-gesthemmen 20.45 Anne Will 22.00 Nachtmagazin 22.20 Sternstunde ihres Lebens 23.55 Hochzeiten und andere Katast-rophen DR1 13.30 Hun så et mord 15.05 Stuegang 16.00 Antikduellen 16.30 TV Avisen 17.05 Aftensho-wet 18.00 Gintberg på kanten – EU 18.30 Demokratiets aften på DR1 EP14 19.30 TV AVISEN 19.55 Ask & kandidaterne: Dansk Folkeparti 20.30 Vegas 21.10 Ryggen mod muren II 22.15 I farezonen 23.05 Water Rats 23.50 Mord i centrum DR2 13.35 P1 Debat på DR2 14.00 DR2 Nyhedstimen 15.05 DR2 Dagen 16.05 Akkari og Khader 16.30 Krebsens vendekreds 17.30 Europaparlamentsvalg 2014 18.40 Sagen genåbnet : Mørke tanker 20.30 Deadline 21.00 Detektor: Jersild og EU 22.00 Det her er Europa 22.30 The Daily Show 22.50 Fremtidens Italien 23.40 Geert Wilders – frel-ser eller fanatiker? NRK1 15.00 NRK nyheter 15.15 Glimt av Norge: Sørlandsseilas med Mathilde 15.30 Oddasat – nyhe-ter på samisk 15.45 Tegnspr-råknytt 15.55 Det ville Australa-sia: Havet i sør 16.45 Distriktskyheter Østlandssend-	ingen 17.00 Dagsrevyen 17.45 To grådige Italianere 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Mannislam 20.40 Veien til Brasil 21.05 Kveldsnytt 21.20 Brasil med Michael Palin 22.10 Luck 23.05 Frekke Olivia Lee 23.25 Whi-techapel NRK2 15.00 Derrick 16.00 Dagsnytt at-ten 17.00 Hotellet 17.45 Veien til Brasil 18.15 Aktuelt 18.55 Dette er Europa 19.30 Kystlandskap i fugleperspektiv: Den franske ri-viera 19.35 Smerte, gift og lindring 20.30 Urx 20.50 Snøhetta på Ground Zero 21.50 Gintberg på kanten 22.20 Kineserne kom-mer 23.10 Korrespondentane 23.40 Oddasat – nyheter på sam-isk SVT1 15.00 Livet i utkanten 15.30 Sverige idag 16.15 Strömsö 16.55 Anslagstavlán 17.00 Kult-umyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Uppdrag granskning 19.00 Svett & etikett 19.30 Kobra 20.00 De obekväma 20.30 Conspiracy 21.00 Tänk till med Dewide 21.20 Kodjos kval 22.20 Kult-umyheterna 22.35 Året i trädg-ården – special 23.35 Trädg-årdsmandag SVT2 15.30 Oddasat 15.45 Uutiset 16.00 Konstdeckama 17.00 Vem vet mest? 17.30 Lögnen 18.00 Mormor, mamma och jag 18.30 Toppkandidaterna: Isabella Lövin 19.00 Aktuellt 20.00 Sportnytt 20.15 Babel 21.15 Hans och Sonja målar om Versailles 22.15 Lägg ut 22.45 24 Vision
---	---	--



Nº28
2014 Listahátíð
í Reykjavík



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



JONSSON & LEWACKS • J.LIS • SÍA

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Osmo Vänskä

Mahler nr. 3

Fös. 23. maí » 19:30

Miðasala er hafin

Gustav Mahler *Sinfónía nr. 3*

Osmo Vänskä *hljómsveitarstjóri*
Jamie Barton *einsöngvari*

Kvennakórinn Vox feminae
Stúlknakór Reykjavíkur
Margrét Pálmadóttir *kórstjóri*

„Þessi sífónía verður ólík öllu öðru sem heimurinn hefur heyrt! Í henni finnur náttúran rödd sína,” sagði Gustav Mahler um þriðju sífóníuna sem er viðamesta tónsmíð hans.

Þetta meistaraverk Mahlers hefur aðeins einu sinni áður hljómað á Íslandi. Því er það sannkallað fagnaðarefni að sífónían heyrist nú í Eldborgarsal Hörpu undir stjórn hins frábæra hljómsveitarstjóra Osmo Vänskä sem einmitt hefur getið sér gott orð víða um heim fyrir túlkun sína á Mahler.

Flutningur á 3. sífóníu Mahlers er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Látið ekki þetta einstaka tækifæri framhjá ykkur fara.

5691100

Ritstjórn: ritstjorn@mbi.is
Auglýsingar: augl@mbi.is
Áskrift: askrift@mbi.is | sími 5691100
mbi.is:netfrett@mbi.is



Morgunblaðið

MIÐVIKUDAGUR 21. MAÍ 141. DAGUR ÁRSINS 2014

»MEST LESIÐ Á mbl.is

1. Rekur málið til hjónabands síns
2. Svo falleg að henni yrði nauðgað
3. Æ mistök hjá sýslumanni
4. Ein geðveik og önnur súlu...

Íri búsettur á Íslandi hljóp 1.130 km og varð í 3. sæti í 10 daga götuhlaupi í New York

Fékk sér pitsu í miðju hlaupi

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbi.is

Írinn Nirbhasa Shane Magee varð í 3. sæti í 10 daga götuhlaupi í New York (The Self-Transcendence 10 days race) fyrir skömmu og fór upp um eitt sæti frá því í keppninni í fyrra. Hann flutti til Reykjavíkur í haust sem leið og æfði sig á götum borgarinnar fyrir keppnina í ár, þar sem hann hljóp 702 mílur eða samtals um 1.130 kílómetra.

„Ég vissi af þessu hlaupi og þegar ég var í New York í viðskiptaerindum 2012 fylgdist ég með keppninni um miðnætti einn daginn, hún kveikti strax í mér og ég ákvað að taka þátt í henni að ári,“ segir Nirbhasa um þátttökuna í hlaupinu. En það er ekki hlaupið að því að hlaupa um og yfir 100 km á um 18 tímum á dag, 10 daga í röð, og sofa ekki meira en um þrjá tíma á sólarhring. Nirbhasa segir að á þessum tíma fyrir um tveimur árum hafi hann aldrei tekið þátt í lengra hlaupi en 50 míla hlaupi. Til að byrja með hafi hann því hugsað sér að taka þátt í sex daga keppni sem er samfara 10 daga keppninni, byrjar bara fjórum dögum síðar. „Ég byrjaði að æfa mig fyrir keppnina og eftir að hafa tekið þátt í 24 tíma hlaupi í London ákvað ég að setja stefnuna á 10 daga hlaup-

ið, ákaft studdur af fjölda fólks sem sagði að það væri skemmtileg reynsla.“

Nirbhasa hefur stundað hugleiðslu hjá Sri Chinmoy í yfir áratug og var kennt að hugleiðsla og hlaup hentuðu vel saman. „Þá byrjaði ég að hlaupa og komst að því að þetta var satt. Ég byrjaði að taka þátt í maraþoni og eitt leiddi af öðru.“

Ströndin skemmtilegust

Nirbhasa vinnur við umönnun á daginn og æfir sig áður en hann fer að sofa seint á kvöldin. Hann hefur hlaupið um margar götur í Reykjavík og finnst skemmtilegast að hlaupa með ströndinni, þar sem hann getur notið útsýnisins í leiðinni. „Þetta er góð aðferð til þess að kynna borginni,“ segir hann.

Hlauparinn byrjar æfingar frá klukkan 22 til 24 á kvöldin og hleypur í tvo til þrjá tíma daglega. „Ég hleyp lengri vegalengdir um helgar og þegar ég átti 35 ára afmæli í mars hljóp ég 50 mílur, 50 hringi í kringum Tjörnina í Reykjavík. Hver hringur í hlaupinu í New York er ein míla og því var þetta góð andleg æfing fyrir keppnina. Hlaupið tók um 10 tíma en þar sem þetta var afmælisdagurinn minn ákvað ég að njóta hans, tók mér hlé eftir 25 hringi og fékk mér pitsu.“



Langhlaupari Írinn Nirbhasa Shane Magee á ferðinni í New York.

FÓLK Í FRÉTTUM



Ljósmynd/Magnús Andersen

Rökrétt framhald gefið út 17. júní

■ Hljómsveitin Grísalappalísa frumsýnir í Stúdentakjallaranum í kvöld nýtt myndband við lag af væntanlegri breiðskífu sinni, Rökrétt framhald, sem kemur út á 70 ára afmæli lýðveldisins, 17. júní. Lagið nefnist ABC og er það fyrsta sem gefið er út á smáskífu af lögum plötunnar. Myndbandið vann Sigurður Möller, trommari sveitarinnar og samstarfsmaður hans Heimir Gestur. Boðið verður upp á óvænt skemmtiatriði á samkomunni í Stúdentakjallaranum sem hefst kl. 20 og munu Gunnar Ragnarsson og félagar í Grísalappalísu jafnframt halda á henni sína fyrstu tónleika í Reykjavík á árinu.

Moses Hightower o.fl. á Sumarmölinni

■ Tónlistarhátíðin Sumarmölin verður haldin í annað sinn í Samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi 14. júní. Á henni koma fram Moses Hightower, Samaris, Púsl, Sin Fang, Prins Póló, Borko og Futuregrapher og Hermigervill og að tónleikum loknum tekur útvarpsmaðurinn Matthías Már Magnússon við og þeytir skífum fram eftir nóttu fyrir dansþyrsta gesti á Malarkaffi. 16 ára aldurstakmark er á tónleikana en yngri gestir eru hjartanlega velkomnir í fylgd fullorðinna enda markmið skipuleggjanda, Björns Kristjánssonar, Borko, að halda fjölskylduvæna hátíð.



VILL TAKA ÞÁTT Í 52 DAGA HLAUPI

Lengsta keppnishlaupið

Nirbhasa Shane Magee hljóp 622 mílur eða 1.000 km í keppninni í fyrra og varð í 4. sæti af 36 keppendum, 20 körlum og 16 konum. Í ár tóku 36 karlar og 16 konur þátt í hlaupinu og Írinn bætti sig um 130 km og eitt sæti. „Ég er mjög ánægður með árangurinn en báðir

hlaupararnir, sem voru á undan mér, hafa sigrað í lengsta keppnishlaupi heims, sem er 3.100 mílur,“ segir hann. Bætur við að það verði jafnvel á dagskrá hjá honum næsta sumar. „Hlaupið tekur 52 daga, sem þýðir um 100 kílómetra á dag,“ segir hlauparinn léttur.

ÍÞRÓTTIR



Ólafur Karl bestur í 4. umferðinni

Stjörnumaðurinn Ólafur Karl Finsen er að mati Morgunblaðsins leikmaður 4. umferðar í Pepsi-deildinni í knattspyrnu en Ólafur átti finan leik í 4:3 sigri Stjörnnar gegn Þórsurum um síðustu helgi. Ólafur Karl skoraði eitt mark og lagði upp annað en hann er markahæstur í Pepsi-deildinni með fjögur mörk. »2

FH-ingar á toppnum í Pepsi-deild kvenna

FH er eina liðið sem hefur fullt hús stiga í Pepsi-deild kvenna að loknum tveimur umferðum í deildinni. FH trónir á toppi deildarinnar með 6 stig eftir 2:0-sigur á ÍA í gærkvöld.

Íslandsmeistararnir í Stjörnunni unnu sinni fyrsta leik í deildinni í sumar með 4:0-sigri á ÍBV. Valur vann Aftureldingu, 7:0 en Breiðablik og Fylkir gerðu markalaust jafntefli. »2




Löwen í kjörstöðu, segir Alfreð Gíslason

Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, segir að Rhein-Neckar Löwen undir stjórn Guðmundar Þórðar Guðmundssonar sé í kjörstöðu til að vinna þýska meistaratítilinn í ár en úrslitin ráðast á laugardaginn. Löwen og Kiel eru jöfn að stigum fyrir lokaumferðina. »4



VEÐUR



SPÁ KL. 12.00 Í DAG Norðaustlæg átt 3-10 m/s og víða bjartviðir, en stöku skúrir sunnanlands. Hiti 3 til 13 stig.

Á fimmtudag Suðvestan 3-8 m/s, skýjað en yfirleitt þurrt um landið vestanvert, en víða bjart fyrir austan. Hiti 5 til 12 stig.

Á föstudag Suðlæg átt 5-10 og rigning, en hægari austantil á landinu og yfirleitt þurrt. Fremur milt í veðri.

VEÐUR » 8



Skannaðu kóðann með símanum þínum og fylgstu með veðrinu á mbl.is

www.mbl.is

ÍPRÓTTIR



Íþróttir
mbl.is

Fótbolti Stjórnumaðurinn Ólafur Karl Finsen er leikmaður fjórðu umferðar í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Kominn með þrjú mörk og er markahæstur í deildinni **2**

Á ÞESSUM DEGI

21. maí 1904

Alþjóða knattspyrnusambandið, FIFA, er stofnað í París á þessum degi fyrir 110 árum. Robert Guérin frá Frakklandi er kjörinn fyrsti forsetinn en stofnþjóðir eru Belgía, Danmörk, Frakkland, Holland, Spánn, Svíþjóð og Sviss, og þá tilkynnir Þýskaland þátttöku sína í stofnuninni með símskeyti. Í dag eru aðildarþjóðir FIFA 209 talsins.

21. maí 1991

Íslenska karlalandsliðið í körfuknattleik sigrar Kypurbúa, 91:77, í fyrsta leik á Smáþjóðaleikunum í Andorra. **Guðmundur Bragason** skorar 22 stig og **Guðni Guðnason** 16 en **Axel Nikulásson**, sem skorar 15 stig, er besti maður vallarins.

21. maí 2004

Íslenska karlalandsliðið í handknattleik sigrar Túnisbúa, 30:28, í fyrsta leik á alþjóðlegu móti í Antwerpen í Belgíu. **Ásgeir Örn Hallgrímsson** skorar 10 mörk fyrir Ísland og **Arnór Atlason** 6.

Heimir Óli ekki áfram hjá Guif



Heimir Óli Heimisson

Línumaðurinn Heimir Óli Heimisson leikur ekki áfram með sænska handknattleiksliðinu Guif frá Eskilstuna. Hann hefur verið í herbúðum félagsins undanfarin tvö eftir að hafa komið frá Haukum.

Heimir Óli staðfesti þetta við Morgunblaðið í gær þegar hann kom til landsins til að æfa með íslenska landsliðinu í handknattleik næstu daga.

„Við náðum einfaldlega ekki samkomulagi,“ sagði Heimir Óli. „Ég veit ekki hvað tekur við hjá mér á næsta keppnistímabili. Ég vona að það skýrist á næstu vikum,“ sagði Heimir Óli og útilokaði svo sem ekki neitt í þeim efnum. „Ég á þó frekar von á að verða áfram úti.“

Guif, sem Kristján Andrésson þjálfar og Aron Rafn Eðvarðsson, landsliðsmarkvörður leikur með, féll úr keppni um helgina í undanúrslitum um sænska meistariðinu eftir að hafa tapað í þriggja fyrir Alingsås en aðeins unnið einn leik. Guif varð deildarmeistari í vor.

Aron Rafn verður áfram með Guif enda á hann eitt ár eftir af samningi sínum. [iben@mbl.is](#)

„Mig langar heim“

● Þóra ákvað að yfirgefa sænsku meistarana í sumar ● Hafnaði afar góðum samningi við félag í Þýskalandi ● Ætlar að spila með liði í Pepsi-deildinni

FÓTBOLTI

Sindri Sverrisson
sindris@mbl.is



„Mig langar heim, fyrst og fremst. Ég er búin að vera meira og minna úti síðustu 14 ár, síðan ég var 19 ára, og hef fundið það stigmagnast síðustu ár að það er rangt að missa af vinum og fjölskyldu. Þetta er búið að vera frábært og gaman en mig er farið að vanta þetta meiri tíma með vinum og fjölskyldu,“ sagði Þóra B. Helgadóttir, landsliðsmarkvörður í knattspyrnu, við Morgunblaðið í gær.

Þóra, sem hóf fyrst að leika erlendis þegar hún fór í háskólanám til Bandaríkjanna, hefur ákveðið að snúa heim úr atvinnumennsku eftir afar farsælan feril. Hún hefur síðustu ár leikið með sænska meistaraliðinu Rosengård, sem áður hét Malmö, og þrívægis orðið Svíþjóðarmeistari með liðinu auk þess að vera kjörin besti markvörður Svíþjóðar í tvígang. Hún var hins vegar farin að sakna heimahaganna.

„Ég vil líka geta unnið með fótboltnum og það er eiginlega ekki hægt hér. Ég hef þörf fyrir að vera aktív og þetta er svölitið mikið hangs á milli æfinga. Ég er farin að þrjá að nota heilann meira,“ sagði Þóra sem er með háskólagráðu í stærðfræði og sögu, og meistaragráðu í „sjálfbærri stjórnun“.

Hún hefur lengi gengið með ákvörðunina um að snúa heim í maganum, en sagði forráðamönnum Rosengård frá því í febrúar að hún vildi losna frá félaginu í sumar. Þó að



Morgunblaðið/Eggert

Horft heim Landsliðsmarkvörðurinn Þóra Björg Helgadóttir er á heimleið og ætlar sér að spila í Pepsi-deild kvenna á Íslandi þegar liður á sumaríð.

samningur Þóru gildi út tímabilið stóðu þeir ekki í vegi fyrir henni. Á þessum tímapunkti var Þóra ekki búin að ákveða hvað hún myndi svo gera.

„Þetta var rosalega erfið ákvörðun en ég ákvað bara að byrja á henni. Það er ekki langt síðan ég ákvað að

það yrði Ísland. Ég var með frábæran samning frá Þýskalandi en langaði frekar heim. Það sem ég vil sækja í lífið er á Íslandi,“ sagði Þóra.

Þóra mun leika 5 leiki til viðbótar með Rosengård, sem er á toppi úrvalsdeildarinnar, og snúa svo hingað til lands þar sem hún hyggst spila í

Pepsi-deildinni. Ekki er ljóst með hvaða liði það verður.

„Ég er ekki komin lengra og hef ekki haft samband við neinn, sérstaklega þar sem það þurfti að halda þessu leyndu,“ sagði Þóra en ekki var gefið út fyrir en í gær að hún myndi yfirgefa Rosengård. Hún viðurkennir að taugarnar séu sterkar til Breiðabliks en Þóra, sem er 33 ára, á að baki 88 leiki fyrir Blika í efstu deild.

„Breiðablik er minn uppeldis-isklúbbur en ég þekki ekki stöðuna heima nógu vel, hvaða lið vantar markvörð og svona, en að sjálfsögðu reikna ég með að heyra í Breiðabliki,“ sagði Þóra.

Þóra hefur á ferli sínum leikið í Bandaríkjunum, Belgíu, Noregi, Ástralíu og Svíþjóð. Með Rosengård hefur hún þrívægis orðið sænskur meistari frá árinu 2010 og tvívegis verið útnefnd besti markvörður Svíþjóðar. Árið 2009 var hún útnefnd besti leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar þegar hún lék með Kolbotn, svo eitthvað sé nefnt.

„Ég átti frábært tímabil í Noregi áður en ég kom til Svíþjóðar. Þegar ég kom hingað var planið að þetta yrði toppklúbbur í Svíþjóð og það hefur algjörlega tekist. Mér hefur gengið rosalega vel hérna og verið mjög ánægð. Ég mun klára fyrir umferð tímabilsins hérna og planið er að skilja við Rosengård á toppnum, með sem mest forskot,“ sagði Þóra, sem landsmenn munu væntanlega sjá spila í Pepsi-deildinni eftir að félagskipptaglugginn opnast um miðjún júlí.

Lars og Heimir völdu Jón Daða

● Hópurinn klár á föstudag

Selfyssingurinn Jón Daði Böðvarsson er einn þeirra leikmanna sem Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson hafa valið fyrir vináttulandsleikina við Austurríki og Eistland í kringum mánaðamótin. Leikirnir eru stór hluti af undirbúningi landsliðsins fyrir upphaf undankeppni Evrópumótsins í knattspyrnu en fyrsti leikur Íslands í þeirri undankeppni er gegn Tyrklandi á Laugardalsvelli 9. september.

Það er norska blaðið Aftenbladet sem greinir frá því að Jón Daði hafi verið valinn, og hefur fyrir því heimildir frá félagsliði hans Viking, en landsliðshópurinn verður tilkynntur í lok vikunnar. Samkvæmt Aftenbladet eru ekki fleiri leikmenn úr Viking í hópnun, en með liðinu leika meðal annars Sverrir Ingi Ingason og Björn Daníel Sverrisson.

„Ég hlakka mikið til. Það hefur alltaf verið draumur að spila fyrir landsliðið,“ sagði Jón Daði sem á að baki 2 landsleiki, gegn Andorra í nóvember 2012, og Svíþjóð í janúar en þá vantaði fjölda leikmanna í íslenska hópinn. sindris@mbl.is



Morgunblaðið/Ómar

Landsliðsmaður Jón Daði Böðvarsson hefur verið fastamaður í U21-landsliðinu og á að baki 2 A-landsleiki.

Fleiri Íslendingar til Emsdetten?

Íslendingunum sem leika með þýska handknattleiksliðinu Emsdetten gæti fjölgað um einn fyrir næsta tímabil en samkvæmt heimildum Morgunblaðsins er Anton Rúnarsson líklegur til að ganga til liðs við félagið á næstu dögum.

Anton hefur ákveðið að yfirgefa danska liðið Nordsjælland sem hann gekk til liðs við í fyrra en það féll úr dönsku úrvalsdeildinni á nýafstöðnu tímabili. Þar á undan lék Anton með SønderjyskE í Danmörku og Valsmönnum hér heima.

Emsdetten er fallið úr þýsku Bundesligunni en þrír Íslendingar eru á mála hjá félaginu. Það eru þeir Ernir Hrafn Arnarson, Oddur Gretarsson og Ólafur Bjarki Ragnarsson sem varð fyrir því óláni að slíta krossband í hné í leik með liðinu í febrúar. gummih@mbl.is



KNATTSPYRNA

Pepsi-deild kvenna

ÍBV – Stjarnan 0:4
– Harpa Þorsteinsdóttir 15. (víti), 60., Glód-
ís Perla Viggósdóttir 77., Sigrún Ella Ein-
arsdóttir 90.

Fylkir – Breiðablik 0:0

FH – ÍA 2:0

Heiða Dröfn Antonsdóttir 43., Jóhanna

Steinþóra Gústavsdóttir 90.

Valur – Afturelding 7:0

Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir 12., 82., Elín

Metta Jensen 29., 31., Hildur Antonsdóttir

63., Svana Rún Hermannsdóttir 88., Svava

Rós Guðmundsdóttir 90.

Staðan:

FH	2	2	0	0	5:1	6
----	---	---	---	---	-----	---

Valur	2	1	1	0	8:1	4
-------	---	---	---	---	-----	---

Þór/KA	2	1	1	0	4:3	4
--------	---	---	---	---	-----	---

Breiðablik	2	1	1	0	1:0	4
------------	---	---	---	---	-----	---

Fylkir	2	1	1	0	1:0	4
--------	---	---	---	---	-----	---

Stjarnan	2	1	0	1	4:1	3
----------	---	---	---	---	-----	---

ÍBV	2	1	0	1	2:5	3
-----	---	---	---	---	-----	---

Selfoss	2	0	0	2	3:5	0
---------	---	---	---	---	-----	---

ÍA	2	0	0	2	0:3	0
----	---	---	---	---	-----	---

Afturelding	2	0	0	2	1:10	0
-------------	---	---	---	---	------	---

Noregur

Úrvalsdeild:

Boðó/Glimt – Start 2:1

● Guðmundur Kristjánsson kom inn á sem

varamaður á 57. mínútu hjá Start. Matthías

Vilhjálmsson er frá vegna meiðsla.

Molde – Viking 1:0

● Björn Bergmann Sigurðarson var í byrj-

unarliði Molde og lék í 82 mínútur.

● Indriði Sigurðsson fyrirliði tók út leik-

bann en Jón Daði Böðvarsson, Björn Daní-

el Sverrisson og Sverrir Ingi Ingason léku

allan leikinn. Steinþór Freyr Þorsteinsson

var líka í byrjunarliðinu en var skipt af velli

á 73. mínútu.

Sandnes – Haugasund 0:0

● Hannes Þór Halldórsson stóð allan leik-

inn í marki Sandnes.

Sogndal – Brann 2:1

● Hjörtur Logi Valgarðsson lék allan leik-

inn með Sogndal.

● Birkir Már Sævarsson sat allan tímann á

varamannabekk Brann.

Staða efstu liða:

Molde	10	8	1	1	22:7	25
-------	----	---	---	---	------	----

Strömsgodset	10	6	2	2	20:12	20
--------------	----	---	---	---	-------	----

Stabæk	10	6	0	4	17:15	18
--------	----	---	---	---	-------	----

Viking	10	4	5	1	13:8	17
--------	----	---	---	---	------	----

1. deild:

Bærum – Ull Kisa 3:1

● Jóhann Laxdal lék allan leikinn með Ull

Kisa

Hönefoss – Ham-Kam 2:0

● Kristján Örn Sigurðsson lék allan leik-

inn með Hönefoss.

● Heiðar Geir Júlíusson lék allan leikinn

með Ham-Kam.

Ég vil bara njóta þess að spila fótbolta

- Stjörnumaðurinn Ólafur Karl Finsen er leikmaður 4. umferðar í Pepsi-deildinni
- Er markahæstur í deildinni og er í framboði fyrir FÓLKID – í bænum í Garðabæ



Morgunblaðið/Ómar

Markahæstur Stjörnumaðurinn Ólafur Karl Finsen, fyrir miðju, er markahæstur í Pepsi-deildinni með þrjú mörk.

FÓTBOLTI

Guðmundur Hilmarsson

gummih@mbl.is



Ólafur Karl Finsen, hinn 22 ára gamli sóknarmaður úr Stjörnunni, er leikmaður 4. umferðar í Pepsi-deild karla í knattspyrnu að mati Morgunblaðsins en Ólafur átti fínan leik í 4:3 sigri Garðabæjarliðsins á móti Þór á Akureyri á sunnudaginn. Ólafur skoraði eitt mark og lagði upp annað og Stjörnumenn eru með 10 stig eins og FH-ingar í topp-sætum deildarinnar.

Ólafur Karl er sem stendur markahæstur í Pepsi-deildinni með 3 mörk en hann skoraði sigurmark Stjörnumanna í 1:0 sigri á móti Fylki í 1. umferðinni, skoraði fyrra mark sinna manna í 2:1 útisigri gegn ÍBV og skoraði svo annað markið í sigrinum á móti Þórsurum. Ólafur hefur því skorað jafnmörg mörk í deildinni nú og hann gerði allt tíma-bilið í fyrra en þá kom hann við sögu í 18 leikjum liðsins í deildinni.

Gengi liðsins er fyrir öllu

„Ég er bara mjög sáttur við hvernig ég hef farið af stað í mótinu en öllu máli skiptir að liðinu gangi vel. Við erum í toppbaráttunni og þar viljum við vera. Ég er ekkert að horfa fram í tímann. Það er sama gamla klisjan. Við horfum á næsta leik og reynum að einblína á hann,“ sagði Ólafur Karl við Morgunblaðið en hann hefur leikið í stöðu vinstri

Aðeins eitt minnir á nýliða í Árbæ

- Fylkiskonur betri í jafntefli við Blika
- FH á toppnum

FÓTBOLTI

Sindri Sverrisson

sindris@mbl.is



Það er með hreinum ólíkindum að markvörðum Fylkis og Breiðabliks hafi tekist að halda hreinu í leik lið-anna á gervigrasinu í Árbæ í gærkvöld, í 2. umferð Pepsi-deildarinnar. Bæði lið fengu frábær færi í leiknum og tvívegis reyndi á mark-súlurnar en allt kom fyrir ekkert og markalaust jafntefli varð nið-urstaðan. Markverðirnir, þær Íris Dögg Gunnarsdóttir hjá Fylki og Sonný Lára Þráinsdóttir hjá Blik-um, eiga því enn eftir að fá á sig mark þetta sumarið.

Pó bæði lið hafi vissulega átt að skora, og Blikar fengið dauðafæri til þess strax á 1. mínútu leiksins, þá voru Fylkiskonur á endanum mun nær því að landa sigri. Það var ekk-ert sem benti til þess að þær væru nýliðar í deildinni, enda unnu þær 1. deildina af öryggi eftir að hafa „óvart“ og óvænt fallið niður úr úr-valsdeildinni í hittiðfyrra. Í liðinu eru leikmenn sem búa yfir mikilli reynslu úr úrvalsdeildinni, leikmenn eins og Anna Björg Björnsdóttir og Ruth Þórðar, og við stjörnuvöllinn er Ragna Lóa Stefánsdóttir sem um

arábil var ein albesta knatt-
spyrnukona landsins. Undir hennar
stjórn, sé mið tekið af leiknum í gær,
er Fylkisliðið vel skipulagt og með
gott úrval í vopnabúrinu til að skora
gegn andstæðingunum. Í gær vant-
aði bara örlítið meira bit í vopnin.

Sonný Lára hetja Blika

Anna Björg fékk nokkur sann-
kölluð dauðafæri, ein gegn Sonný
Láru markverði, en varð ítrekað að
játa sig sigraða í þeim einvígum.
Fleiri leikmenn Fylkis fóru illa með
frábær færi. Vörnin, með Írisi góða í
markinu, hélt svo hreinu gegn stór-
skotaliði Blika með Fanndísi Frið-
riksdóttur nýlenta á klakanum, Rak-
el Hönnudóttir, Aldísi Kóru og
Telmú Prastardóttur. Það ættu ekki
mörg lið að geta haldið hreinu gegn
þessum mannskap.

Í raun var það eina sem minnti á
nýliða í Árbænum í gær aðstaðan
sem okkur fjölmiðlamönnum var
boðið upp á. Það bjóst greinilega
enginn við því að fjallað yrði um leik-
inn, hverju svo sem er um að kenna,
og því var til að mynda ekkert raf-
magnstengi og hvað þá internet í
boði. Stólar voru tíndir til eftir að
leikur var hafinn og komið upp
borði, en það vantaði ýmislegt upp á
umgjörðina sem sýndi að um úrvals-

deildarleik væri að ræða. Það átti
hins vegar ekki við um leikmenn
Fylkis, eins og áður segir, og eftir
gærkvöldið er auðvelt að ímynda sér
að þeir verði í baráttunni í efri hluta
deildarinnar í sumar. Blikar náðu
ekki að fylgja eftir góðum sigri á Ís-
landsmeisturum Stjörnunnar, og
eiga í furðumiklum vandræðum með
að skora miðað við leikmannahóp
sinn.

Stórsigrar Vals og Stjörnunnar

FH-ingar eru óvænt á toppi deild-
arinnar, eina liðið með 6 stig eftir 2
leiki, eftir að hafa unnið nýliða ÍA
2:0 í gær. Áður höfðu FH-ingar unn-
ið Aftureldingu 3:1 svo leikja-
dagskráin hefur ekki verið sú erf-
iðasta hjá þeim í upphafi móts.

Stjörnukonur komu sér strax aft-
ur á beinu brautina, eftir tapið gegn
Blikum, og rúlluðu yfir ÍBV í Eyj-
um, 4:0. Harpa Þorsteinsdóttir,
markadrottning síðustu leiktíðar,
skoraði tvö marka Stjörnunnar og er
því komin af stað þetta sumarið.

Valskonur unnu fyrsta risasigur
sumarsins þegar þær gjörsgruðu
Aftureldingu, 7:0, í Egilshölinni. Ól-
ína G. Viðarsdóttir og Elín Metta
Jensen skoruðu tvö mörk hvor fyrir
Val sem gerði jafntefli við Þór/KA í
fyrstu umferð.



Morgunblaðið/Golli

Óð í færum Anna Björg Björnsdóttir fékk frábær færi til að skora fyrir Fylki í gær en tókst ekki að skora. Hér er hún í baráttu við Jónu Kristínu Hauksdóttur.

4. umferð í Pepsi-deild karla 2014

Einkunnagjöfin

Pessir eru með flest M í einkunnagjöf Morgunblaðsins. Gefið er eitt M fyrir góðan leik, tvö M fyrir mjög góðan leik og þrjú M fyrir frábæran leik.

Leikmenn:	
Haraldur F. Guðmundsson, Keflavík	5
Jonas Sandqvist, Keflavík	5
Bergsveinn Ólafsson, Fjölni	4
David Þór víðarsson, FH	4
Gunnar Már Guðmundsson, Fjölni	4
Hafsteinn Briem, Fram	4
Kassim Dombia, FH	4
Ólafur Karl Finsen, Stjörnunni	4

Lið:

FH 25, Keflavík 23, Fjölnir 21, Valur 18, Stjarnan 16, KR 15, Fram 14, Þór 12, Fylkir 11, Breiðablik 11, Víkingur R. 10, ÍBV 10.

Markahæstir

Ólafur Karl Finsen, Stjörnunni	3
Ármann Pétur Ávarsson, Þór	2
Elías Már Ómarsson, Keflavík	2
Gunnar Már Guðmundsson, Fjölni	2
Hafsteinn Briem, Fram	2
Hörður Sveinsson, Keflavík	2
Kristinn Ingi Halldórsson, Val	2
Kristján Gauti Emilsson, FH	2
Óskar Örn Hauksson, KR	2
Pape Mamadou Faye, Víkingi	2
Patrick Pedersen, Val	2
Þórir Guðjónsson, Fjölni	2

Lið umferðarinnar

3-5-2

Stefán Logi Magnússon

KR

Hversu oft leikmaður hefur verið valinn í lið umferðarinnar

2

Jón Ragnar Jónsson

FH

Pétur Víðarsson

FH

Bjarni Ólafur Eiríksson

Val

Arnar Már Björgvinsson

Stjörnunni

Ragnar Leósson

Fjölni

Kristinn Freyr Sigurðsson

Val

Ólafur Karl Finsen

Stjörnunni

Óskar Örn Hauksson

KR

Sadmir Zeković

Fylki

Patrick Pedersen

Val

kantmanns í upphafi mótsins. Stjarnan náði sínum besta árangri á síðustu leiktíð með því að ná þriðja sætinu og þar með Evrópusæti. „Ég tel alveg raunhæft að bæta ofan á þennan árangur. Við höfum farið vel af stað og ef við höldum áfram að safna stigum eins og við höfum gert þá er aldrei að vita. Vonandi held ég áfram að spila vel og slepp við meiðslí.“

Markaskorið byrjar ágætlega

Spurður hvort hann hafi sett sér einhver markmið varðandi markaskorun í sumar eða eitthvað annað segir Ólafur; „Ég setti mér bara eitt markmið og það var að njóta sumarsins. Fótbolti er skemmtun og ég vil njóta þess að spila hann. Markaskorið byrjar ágætlega hjá mér en svo framarlega sem við vinnum okkar leiki þá er ég ánægður.“ Ólafur Karl var í láni hjá Selfyssingum sumarið 2012 og lék 20 leiki með liðinu í Pepsi-deildinni. Liðið féll úr deildinni og Ólafur sneri aftur til Stjörunnar þar sem hann er uppallinn. Spurður út í dvölina á Selfossi segir Ólafur; „Ég held að ég

hafi haft gott af því að fara á Selfoss. Logi Ólafsson er góður vinur minn og mig langaði að reyna að hjálpa honum. Það fór eins og það fór en ég fékk mikla reynslu það tímabil sem ég bý að. Eg kynntist mörgu góðu fólki og ég á marga vini á Selfossi eftir þetta sumar.“

Hugsa lítið um atvinnumennsku

16 ára gamall gerði Ólafur Karl samning við hollenska liðið AZ Alkmaar. Hann spilaði með unglingaliði félagsins en í byrjun árs var hann lánaður til Stjörunnar og kom við sögu í 15 leikjum liðsins í Pepsi-deildinni og skoraði 4 mörk. Hann skoraði til að mynda þrennu á móti Haukum og varð yngsti leikmaðurinn í 14 ár til að afreka það. En skyldi atvinnumannsdraumurinn lifa enn í kolli Ólafs Karls? „Ég er afar lítið að hugsa um atvinnumennsku um þessar mundir. Ég velti þessu stundum fyrir mér en ég veit ekki alveg hvort löngunin er nógu mikil. Ég er ekki horfa til þess að fara út í atvinnumennsku í framtíðinni. Maður veit hins vegar aldrei hvað gerist ef maður brillerar í sum-

ar. Það getur alltaf opnast einhver möguleiki en ég er alveg rólegur yfir þessu,“ sagði Ólafur.

Þetta var engin dýfa

Einhverjir hafa verið að skjóta á Ólaf fyrir að hans leikræna tilburði á vellinum. Hann fékk til að mynda gult spjald þegar hann féll í teignum í leiknum við Þórsara og margir vilja meina að hann hafi látið sig falla í teignum þegar hann fékk víta-spyrnu á móti Fylki í 1. umferðinni. En hvað segir Ólafur sjálfur um þessi mál?

„Málið er að ég missti jafnvægið á Þórsvellinum. Ég hélt að leikmaður Þórs væri að fara að sparka í mig og ég tók löppina frá og við það missti ég jafnvægið. Þetta var engin dýfa. Í leiknum á móti Fylki var ég einvaldlega „hamraður“ niður.

Getur verið þroskandi

Ólafur er ekki bara í boltanum heldur er hann kominn í pólitíkina en hann skipar 9. sæti á lista hjá framboðinu FÓLKID – í bænum. „Ég get ekki sagt að ég sé pólitískur. Ég fékk boð um að vera á listan-

LIÐ 4. UMFERÐAR

Sókndjarft lið 4. umferðar

Lið 4. umferðar Pepsi-deildar karla er sókndjarft í þetta sinn, enda voru sóknarmenn og sókndjarfir miðjumenn áberandi í mörgum leikjum. Alls voru skorud 24 mörk í sex leikjum í umferðinni, fjögur að meðaltali í leik. Miðjumennirnir fimm sem við veljum eru allt sóknarþenkjandi leikmenn og tveir þeirra, Ragnar og Óskar, eru í raun sóknarmenn í leikkerfinu 4-3-3 hjá sínum liðum.

um og ákvað að slá til. Ég held að þetta geti verið þroskandi og ég reyni auðvitað mitt besta til að smala atkvæðum fyrir framboðið,“ segir Ólafur sem segist læra það sem hann langar og notað internetið til þess.

Fólk

sport@mbl.is



Ítalska knattspyrnuliðið Juventus hefur staðfest að **Antonio Conte** verður áfram við stjórnvölinn hjá liðinu en Juventus hefur orðið ítalskur meistari þrjú undanfarin ár undir hans stjórn. Orðrómur var í gangi um að Conte myndi yfirgefa liðið ef hann fengi ekki fjármagn í að kaupa leikmenn en þær fregnir bárust úr herbúðum félagsins í gær að Conte verði um kyrrt.

Guðmundur Þórður Guðmundsson fær ekki að njóta krafta Thomasar Mogensen með danska landsliðinu í handknattleik en leikstjórnandinn úr þýska liðinu Flensburg hefur ákveðið að hætta með landsliðinu. „Þetta var erfið ákvörðun en ég hef tekið þá ákvörðun að hætta að spila með landsliðinu,“ segir Mogensen við þýska blaðið *Flensburg Avis* en hann er 31 árs gamall og hefur spilað 106 landsleiki og skorað í þeim 261 mark.

23 leikmenn skoðaðir

Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari A-landsliðs Íslands í handknattleik, hefur valið 23 manna æfingahóp leikmanna sem ekki eru fastmenn í A-landsliði Íslands.

Leikmennirnir



Aron Kristjánsson

munu æfa í dag, á morgun og á föstudag en A-landsliðið kemur svo saman næsta miðvikudag til undirbúnings fyrir umspilsleikina gegn Bosnía um laust sæti í heimsmeistarakeppninni í Katar. Ísland leikur þrjá vináttuleiki við Portúgal áður en kemur að leikjunum gegn Bosnía. B-landsliðshópin má sjá í heild sinni á mbl.is.thorkell@mbl.is

KÖRFUBOLTI

Úrslitakeppni NBA

Vesturdeild, úrslit:
SA Spurs – Oklahoma122:105
■ Staðan er 1:0 fyrir San Antonio Spurs

Virkilega gaman

● Framlenging hjá Gunnari og Bjarka í Edinborg

„Þetta var fyrst og fremst góð reynsla fyrir okkur og virkilega gaman að taka þátt í þessu,“ sagði Gunnar Óli Gústafsson, handknattleiksdómari, sem ásamt félaganum sínum, Bjarka Bóassyni, dæmdi annan undanúrslitaleikinn og úrslitaleikinn sjálfan um skoska meistaratitilinn í handknattleik karla í Edinborg um liðna helgi. Þeir fengu hörkuleik í undanúrslitum þar sem þeir þurftu m.a. að sýna einum leikmanni Glasgow-liðsins rautt spjald sem varð þess valdandi að hann var í leikbanni í úrslitaleiknum daginn eftir. „Úrslitaleikurinn milli Tryst og Glasgow var hörkusennandi en fyrirfram var reiknað með öruggum sigri Tryst sem hefur verið með besta liðið í Skotlandi um nokkurt skeið. Úrslitaleikurinn var jafn að loknum venjulegum leiktíma svo grípa varð til framlengingar. Þá náði Tryst að vinna,“ sagði Gunnar Óli sem lét ennfremur afar vel af móttökum og viðurgörningi sem Skotarnir buðu þeim upp á í kringum leikina. Auk þeirra féлага dæmdu dómarar með alþjóðleg réttindi hinn undanúrslitaleikinn og sömu söguna er að segja af eftirlitsmanni leiksins. Gunnar Óli sagði að umgjörðin í kringum leikina hefði verið góð hjá Skotunum. Lagður var sérstakur handboltadúkur á vallargólflið líkt og þekktist hér á landi í landsleikjum og um bikarúrslitahelgina. Ekki er langt síðan Skotar fóru að æfa og keppa í handknattleik að ráði. Af þeim sökum eru gæðin ekki mikil.



Dæmði Bjarki Bóasson, t.v. dæmði úrslitaleikinn um skoska meistaratitilinn í handbolta karla á sunnudaginn ásamt félaganum sínum Gunnari Óla Gústafssyni.

Gunnar Óli sagði liðin sem léku til úrslita vera svipuð og lakari liðin í 1. deildinni hér á landi. Hinsvegar sé mikill metnaður hjá Skotum fyrir að auka útbreiðslu og gæði handknatt-

leiksins. Meðal annars hafa þeir tekið upp samstarf við HSÍ sem hugsanlega sendir unglingalandslið til keppni við þarlenda jafnaldra sína fyrr en síðar. iben@mbl.is

! Í KVÖLD

KNATTSPYRNA

1.deild kvenna:
Úlfársdalur: Fram – Fjarðabyggð20

4.deild karla:
Norðurlásvöllur: Kári – Lumman.....20
Tungubakkar: H-Riddarinn – Snæfell20
Stokkeyri: Stokkseyri – Stál-úlfur 20
Leiknisvöllur: KB – Mídas 20
Versalav.: Augnablik – Vængir Júpíters. 20
Samsungvöllur: Skinandi – KH20



Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!

Fjarnám 1. 2. og 3. stigs ÍSÍ í þjálfaramenntun hefst í júní nk. Námið gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar! Skráning á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000. Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á **www.isi.is**



Aðalfundur Breiðabliks 2014

Aðalfundur Breiðabliks verður haldinn í kvöld 21. maí 2014 kl. 18.00 í Smára.

DAGSKRÁ:
Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin

BAKVÖRÐUR

Ívar Benediktsson
iben@mbl.is

Það mun hafa mikil áhrif á handknattleikslandsliðið í Evrópu ef samtök félagsliða í Þýskalandi vinna mál gegn Þýska handknattleikssambandinu á efri dómstigum um að þau geti sett leikmönnum sínum stólinn fyrir dyrnar þegar kemur að þátttöku á heimsmeistaramóti.

Félögin hafa lengi barist fyrir að Alþjóða handknattleikssambandið, IHF, standi straum af launum og tryggingum leikmanna þann tíma sem þeir taka þátt í mótum á vegum IHF líkt og Alþjóða knattspyrnusambandið gerir. Hingað til hefur verið talað fyrir daufum eyrum.

Ríflega 20 íslenskir handknattleiksmenn leika með Þýskum liðum. Allir sjá því hvaða áhrif það kann að hafa á landsliðið vinni félögin málið og forráðamenn IHF sitja við sinn keip.

Gísli H. Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson voru sæmdir gullmerki HSI í velheppnuðu lokahófi handknattleiksfólks síðasta laugardag. Þeir félagar eru vel að heiðrinum komnir eftir að hafa dæmt í meistaraflokk í ald-arfjórðung. Einnig hafa þeir verið ólátir við að dæma hjá yngri iðkenndum. Gísli og Hafsteinn halda nákvæmt bókhald yfir þá leiki sem þeir dæma og alls munu leikirnir vera farnir að nalgast 1.700.

Haft var á orði í hófinu að þetta væri sennilega í eitt af fáum skiptum sem klappað hefði verið fyrir Gísla og Hafsteini en þeim var klappað hressilega lof í lófa af ríflega 500 gestum í loka-hófinu eftir að merkin höfðu verið næld í barm þeirra. Mikið er eflaust til í því þar sem dómara eru yfirleitt skammaðir eftir leiki hvort sem þeir eiga það skilið eða ekki. Kappleikir fara ekki fram án dómara.

Eigum inni smá greiða

● Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, heldur í smá von um að vinna Þýska meistaratitilinn ● Viðurkennir að lærisveinar Guðmundar Þórðar í Löwen séu í kjörstöðu

HANDBOLTI

Guðmundur Hilmarsson
gummih@mbl.is

Alfreð Gíslason, þjálfari Þýska meistaraliðsins Kiel, er í harðri baráttu við Guðmund Þórð Guðmundsson, þjálfara Rhein-Neckar Löwen og fyrrverandi herbergisfélaga í landsliðinu, en annaðhvort Löwen eða Kiel verður krýnt Þýskur meistari eftir lokaumferð deildarinnar á laugardaginn.

Liðin eru jöfn að stigum en lærisveinar Guðmundar Þórðar standa betur því markatala liðsins er betri sem munar 7 mörkum. Löwen sækir Gummersbach heim í lokaumferðinni en Kiel tekur á móti strákunum hans Dags Sigurðssonar í liði Fühse Berlin.

Þjörguðu Gummersbach frá falli

„Það fer allt eftir því hvort leikmenn Gummersbach leggja sig fram eða ekki,“ sagði Alfreð við Morgunblaðið í gær þegar hann var spurður út í möguleika sinna manna á að hreppa meistaratitilinn. „Ef Löwen vinnur með einhverjum 15 marka mun í Gummersbach þá er baráttan vonlaus fyrir okkur. En ég ætla að vona að Gummersbach sé ekki búð að gleyma því að við þjörguðum þeim frá falli á síðasta tímabili. Við eigum inni smá greiða hjá þeim,“ sagði Alfreð en í lokaumferðinni á síðustu leiktíð tapaði Gummersbach á heimavelli fyrir Neuhausen en Kiel hafði betur á móti Grosswallstadt á sama tíma og við þau úrslit féll Grosswallstadt en ekki Gummersbach.

„Við munum gera það sem við höfum gert í síðustu leikjum, það er að keyra upp hraðann og reyna að sprengja hann upp. Það fer samt ekkert á milli mála að Löwen er auðvitað í kjörstöðu en við verðum bara og bíða og sjá til hvað gerist,“ sagði Alfreð en Kiel hefur fjórum sinnum orðið Þýskur meistari undir hans stjórn.



EPA

Spennandi Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Kiel eiga veika von um að verja Þýska meistaratitilinn.

Engin pressa á að vinna titil

Alfreð segir að árangur liðsins á þessu tímabili sé betri en hann átti von á enda missti liðið gríðarlega öfluga leikmenn úr liði sínu og þar má nefna menn eins og markvörðinn Thierry Omeyer, Daniel Narcisse og Momir Ilic.

„Þetta er búð að vera betra en ég átti von á og satt best að segja þá var ég hissa hvað við vorum lengi í toppsætinu. Það var engin pressa á að vinna eitthvað í ár. Miðað við þær miklu breytingar sem urðu á liðinu tel ég að það hafi staðið sig mjög vel. Við misstum stig á heimavelli á móti Magdeburg en þar fengum við á okkur víti á loka-sekúndunni sem var ekkert víti og kannski er þessi dómur að fara með deildina fyrir okkur. Mestallur handboltahæmurinn í Þýskalandi er

Alfreð Gíslason

» Alfreð er 55 ára gamall og hefur verið við stjórnvölinn hjá Kiel frá árinu 2008 og er samningsbundinn félaginu fram til júní 2017.

» Kiel hefur fjórum sinnum orðið Þýskur meistari undir stjórn Alfreðs, hefur unnið bikarinn fjórum sinnum, Meistaradeildina í tvígang auk þess sem liðið hefur unnið fleiri titla.

um við endilega ekki að vinna deildina. Svona hefur undirtónninn verið síðustu árin en við munum að sjálf-sögðu gefa allt í leikinn á laugardaginn og sjá hverju það skilar,“ sagði Alfreð.

Það er skammt stórra hoggja á milli hjá Alfreð og leikmönnum hans því aðra helgi ráðast úrslitin í Meistaradeildinni þar sem Kiel mætir ungverska liðinu Veszprém í undanúrslitum og í hinni viðureigninni eigast við Flensburg og Barcelona. Úrslitahelgin fer fram í Köln eins og undanfarin ár.

„Við erum ekkert að hugsa um Meistaradeildina á þessum tímapunkti. Fyrst klárum við deildina og svo tekur við að spá í Meistaradeildarhelgina. Við erum ánægðir með að vera komnir svona langt í keppninni en ég held að möguleikar okkar þar séu ekki mjög miklir.“

búinn að grenja í mörg ár að það væri gaman ef eitthvert annað lið en við yrði meistari en svokallaðir sérfræðingar hafa sagt að ef okkur þyki vænt um handboltann þá ætt-



Hitastýrt
sturtuset

Verð frá kr. 66.900

**ÍSLEIFUR
JÓNSSON**

Gæði fara aldrei úr tísku

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

SÉRBLAÐ

Morgunblaðið
gefur út sérblað
Ferðasumar 2014
ferðablað
innanlands
föstudaginn
30. maí.

FERÐASUMAR 2014
ferðablað innanlands

Í blaðinu verður
viðburðardagatal sem
ferðalangar geta flett
upp í á ferðalögum
um landið og séð
hvað er um að vera á
því svæði sem verið er
að ferðast um í.

PÖNTUNARTÍMI AUGLÝSINGA:
Fyrir kl. 16, mánudaginn 26. maí.

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR:
Katrín Theódórsdóttir
Sími: 569 1105
kata@mbl.is

Morgunblaðið
— Meira fyrir lesendur